

Efnisyfirlit

I.	Almenn ákvæði.	7
1. gr.	Markmið.	7
2. gr.	Gildissvið og lögsaga	9
3. gr.	Orðskýringar.	11
4. gr.	Réttindi barns.	14
5. gr.	Skyldur foreldra og annarra sem annast uppeldi og umönnun barns.	16
6. gr.	Skyldur barnaverndaryfirvalda.	18
II.	Tilkynningarskylda.	21
7. gr.	Tilkynningarskylda.	21
8. gr.	Tilkynningarskylda fagfólks.	23
III.	Yfirstjórn, stjórnýsla og stefnumótun.	26
9. gr.	Yfirstjórn barnaverndarmála.	26
10. gr.	Barna- og fjölskyldustofa.	26
11. gr.	Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.	29
12. gr.	Úrskurðarnefnd velferðarmála.	29
13. gr.	Barnaverndarráð.	30
14. gr.	Hlutverk barnaverndarráðs.	33
15. gr.	Barnaverndarþjónusta sveitarfélaga.	34
16. gr.	Umdæmi barnaverndarþjónustu.	35
17. gr.	Yfirstjórn og sjálfstæði barnaverndarþjónustu.	37
18. gr.	Valdsvið barnaverndarþjónusta.	39
19. gr.	Stefnumótun í barnavernd.	41

IV.	Upphaf barnaverndarmáls, stuðningsáætlun og lok máls.	41
20. gr.	Upphaf barnaverndarmáls.	41
21. gr.	Samþætting þjónustu við könnun máls.	45
22. gr.	Markmið og framkvæmd könnunar.	45
23. gr.	Úrræði við könnun.	47
24. gr.	Niðurstaða könnunar.	47
25. gr.	Stuðningsáætlun.	48
26. gr.	Lok máls.	49
V.	Úrræði og aðrar ráðstafanir barnaverndaryfirvalda.	50
27. gr.	Stuðningsúrræði.	50
28. gr.	Vistunarúrræði.	54
29. gr.	Úrskurður um stuðningsúrræði.	59
30. gr.	Úrskurðir um vistun utan heimilis.	61
31. gr.	Forsjársvipting.	63
32. gr.	Forsjá barnaverndarþjónustu og skipan lögráðamanns.	64
33. gr.	Réttarstaða foreldris sem fer ekki með forsjá barns.	64
34. gr.	Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.	65
35. gr.	Réttarstaða þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns.	65
36. gr.	Réttarstaða við andlát forsjáforeldra.	66
37. gr.	Val á vistunarúrræði.	66
38. gr.	Úrskurður um vistun barns með fjölþættar stuðningsparfir.	67
39. gr.	Stuðnings- og vistunarúrræði eftir 18 ára aldur.	69
40. gr.	Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.	70

41. gr. Úrræði og ráðstafanir vegna ófæddra barna.....	71
42. gr. Neyðarráðstafanir.....	71
43. gr. Endurskoðun ráðstafana.....	72
VI. Réttindi og skyldur í vistunarúrræðum.....	73
44. gr. Gildissvið.....	73
45. gr. Undirbúningur vistunar.....	74
46. gr. Réttur til umgengni.....	76
47. gr. Réttur barns til heilbrigðisþjónustu.....	77
48. gr. Réttur barns til menntunar.....	78
49. gr. Meginreglur um sjálfsákvörðunarrétt barna í vistunarúrræðum.....	79
50. gr. Húsreglur.....	81
51. gr. Takmarkanir á ferðafrelsi og samskiptum barns við aðra.....	82
52. gr. Herbergisleit, líkamsleit og líkamsrannsókn.....	84
53. gr. Haldlagning og upptaka muna.....	87
54. gr. Virkt eftirlit.....	88
55. gr. Rafræn vöktun í einkarými barns.....	88
56. gr. Aðskilnaður og vistun í öryggisrými.....	89
57. gr. Líkamleg valdbeiting.....	92
58. gr. Valdheimildir og málsmeðferð.....	93
VII. Fóstur.....	95
59. gr. Um fóstur.....	95
60. gr. Fósturforeldrar.....	96
61. gr. Málsmeðferð leyfisveitinga.....	97

62. gr. Val á fósturforeldrum.....	98
63. gr. Fóstursamningur.	99
64. gr. Réttindi barns í fóstri.	100
65. gr. Undirbúning barns og fósturforeldra fyrir fóstur.	101
66. gr. Tilkynning um gerð fóstursamnings.....	101
67. gr. Umgengni í fóstri.....	101
68. gr. Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.....	103
69. gr. Framfærsla og annar kostnaður vegna barna í fóstri.	103
70. gr. Endurskoðun fóstursamnings.	104
VIII. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila.....	104
71. gr. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila og fastrar búsetu.	104
72. gr. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila og fá heimild til dvalar.....	108
IX. Málsmeðferð hjá stjórnvöldum.	109
73. gr. Gildissvið stjórnsýslulaga.	109
74. gr. Aðild barns.	111
75. gr. Þátttaka barns.....	112
76. gr. Talsmaður barns.	114
77. gr. Aðstoð lögmanns við barn og foreldra.	115
78. gr. Samþykki.	116
X. Málsmeðferð hjá dómstólum.	117
79. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála.	117
80. gr. Aðild.	117
81. gr. Réttindi barns við málsmeðferð.	118

82. gr. Sérákvæði um meðferð mála skv. 31. gr. og 3. mgr. 43. gr.	118
83. gr. Sérákvæði um meðferð mála skv. 30. gr. og 7. mgr. XY. gr.	119
84. gr. Málsástæður o.fl.	120
85. gr. Lokuð þinghöld, nafnleynd o.fl.	120
86. gr. Málskot.	121
87. gr. Gjafsókn.	121
XI. Samstarf barnaverndaryfirvalda og vinnsla upplýsinga.	121
88. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og þeirra sem stöðu sinnar vegna hafi afskipti af málefnum barna.	121
89. gr. Samstarf milli barnaverndaryfirvalda.	122
90. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda við yfirvöld í öðrum ríkjum.	123
91. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og lögreglu og fangelsisyrirvalda.	124
92. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisyrirvalda.	124
93. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarþjónustu.	125
94. gr. Upplýsingar úr sakaskrá.	126
95. gr. Vinnsla og varðveisla upplýsinga.	127
XII. Mat og eftirlit með gæðum barnaverndarþjónustu.	127
96. gr. Markmið mats og eftirlits.	127
97. gr. Ábyrgð barnaverndarþjónustu á mati og eftirliti.	128
98. gr. Ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu á mati og eftirliti.	129
99. gr. Ábyrgð Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á mati og eftirliti.	130
XIII. Fjárhagsleg ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.	130
100. gr. Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaga á barnaverndarstarfi.	130
101. gr. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins á barnaverndarstarfi.	131

102. gr. Þátttaka foreldra í framfærslu barna sem eru vistuð utan heimilis.	132
XIV. Almenn ákvæði um öryggi og velferð barna.	132
103. gr. Almennt eftirlit barnaverndarþjónustna með aðstæðum barna.	132
104. gr. Eftirlit barnaverndarþjónustna með sýningum og skemmtunum.	133
105. gr. Útivistartími barna.	133
XV. Refsiákvæði.	134
106. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.	134
107. gr. Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.	135
108. gr. Brot umsjáraðila gagnvart barni.	135
109. gr. Brot gagnvart börnum.	136
XVI. Ýmis ákvæði.	136
110. gr. Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.	136
111. gr. Samningar við einkaaðila.	137
112. gr. Viðbrögð við neyðarástandi.	137

ATH. þar sem mismunur er á milli texta í þessu skjali og frumvarpsdraga gildir texti frumvarpsdraganna.

Frumvarp	Greinargerð	Eldra ákvæði
----------	-------------	--------------

I. Almenn ákvæði.

1. gr. Markmið		
Markmið þessara laga er að tryggja börnum, sem búa við óviðunandi aðstæður eða stefna heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu, stuðning, umönnun og vernd. Þá er lögunum ætlað að stuðla að því að öll börn geti alist upp í öruggu og þroskavænlegu umhverfi. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styðja börn og fjölskyldur þeirra með beitingu viðeigandi úrræða, eftir því sem þörf krefur. Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.	Í greininni er kveðið á um markmið frumvarpsins. Orðalagið endurspeglar jafnframt gildissvið frumvarpsins sem nánar er skýrt í 2. gr. Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að markmið laganna sé að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stefna heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu, stuðning, umönnun og vernd. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og liður í því að tryggja börnum réttindin sem þar er kveðið á um. Fyrri málslíður ákvæðisins á sér nokkra samsvörun í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þó með þeirri breytingu að skýra markmiðsákvæðið gagnvart börnum sem stefna heilsu og þroska annarra í hættu. Framsetning ákvæðisins endurspeglar annars vegar það markmið að styðja við börn sem búa við óviðunandi aðstæður og hins vegar að styðja við börn sem stefna heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu. Hvað fyrri hópinn varðar er einkum átt við börn sem búa við óviðunandi skilyrði sem þeim eru búin af hendi foreldra eða annarra aðila sem bera ábyrgð á að tryggja umönnun þeirra lögum samkvæmt en hvað seinni hópinn varðar er litið til þess að staða þeirra barna sem um ræðir séu tilkomin vegna aðstæðna sem í mörgum tilfellum eru óháðar getu eða hæfni þeirra sem ábyrgð bera á umönnun þeirra. Þó er rétt að taka það fram að í einhverjum tilfellum geta þau börn sem	1. mgr. 2. gr. bvl: Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

	um ræðir tilheyrir báðum hópum en samkvæmt orðalagi ákvæðisins er það þó ekki skilyrði. Hugtakið óviðunandi aðstæður á sér samsvörun í markmiðsákvæði gildandi barnaverndarlaga og er það tekið óbreytt upp í ákvæðinu. Í 2. málsl. 1. mgr. er jafnframt tekið fram að markmið laganna sé að stuðla að því að öll börn geti alist upp í öruggu og þroskavænlegu umhverfi. Í gildandi barnaverndarlögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði en í lögunum er þó í reynd að finna ákvæði sem miða að því að stuðla að almennu öryggi og velferð barna. Er því lagt til að vísað sé til þessa almenna markmiðs í markmiðsákvæði frumvarpsins. Í 2. mgr. er nánar vikið að því hvernig unnið skal að markmiðum frumvarpsins. Ákvæðið á sér nokkra efnislega samsvörun með 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. gildandi barnaverndarlaga en orðalag hefur verið uppfært til samræmis við nýjar áherslur. Í ákvæðinu er lögð áhersla á það jafnvægi sem þarf að ríkja milli sjálfstæðra réttinda barna, ábyrgðar foreldra þeirra og skyldu ríkisvaldsins til að grípa til aðgerða þegar þörf krefur og þykir rétt að orðalag markmiðsákvæðisins endurspegli þá áherslu. Mikilvægt er að það sjónarmið liggi til grundvallar öllu barnaverndarstarfi að unnið sé að því að styðja við börn sem og fjölskyldur þeirra enda ljóst að fjölskylda barns gegnir almennt lykilhlutverki í uppeldi þess. Er það einnig í samræmi við ákvæði barnasáttmálans og þá einkum 8. gr. hans, sem kveður meðal annars á um rétt barns til að viðhalda fjölskyldutengslum. Almennt séð þarf að líta til þess að alla jafna eru hagsmunir barns best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu og að stöðugleiki ríki í uppvexti þeirra. Þó er jafnframt ljóst að sú staða getur komið upp að beita þurfi úrræðum til verndar einstökum börnum og er	
--	---	--

	mikilvægt að tryggja að slíkt sé heimilt og að slík afskipti ríkisvaldsins hvíli á lögmætum grunni. Gerist þörf á beitingu tiltekinna úrræða á grundvelli frumvarpsins er mikilvægt að það sé gert í samræmi við ákvæði frumvarpsins og markmið laganna og að slíkum úrræðum sé beitt um leið og þörf krefur. Í 3. mgr. kemur fram að við framkvæmd laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum, skuli réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Í ákvæðinu er þannig kveðið á um að túlka beri þau réttindi sem af frumvarpinu leiða með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og alþjóðlegra skuldbindinga. Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í gildandi barnaverndarlögum og endurspeglar það aukna mikilvægi sem réttindi barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hafa í starfi barnaverndaryfirvalda.	
2. gr. Gildissvið og lögsaga		
Lögin gilda um börn að 18 ára aldri. Lögin taka til allra barna sem eru með fasta búsetu hér á landi og eru stödd hér. Lögin gilda jafnframt um börn sem eru hér á landi og ekki er unnt að staðfesta í hvaða ríki þau eru með fasta búsetu og um börn sem eru hér á landi og eru flóttamenn eða vegalaus utan eigin ríkis. Að öðru leyti en getið er í 2. mgr. fer það ríki þar sem barn er með fasta búsetu að jafnaði með lögsögu í barnaverndarmáli. Ef barn er með fasta búsetu í öðru ríki en dvelur hér er barnaverndaryfirvöldum hér á landi þó heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða á grundvelli laga þessara til verndar barni. Þrátt fyrir meginregluna um lögsögu búseturíkis er barnaverndaryfirvöldum jafnframt heimilt, í þágu bestu hagsmuna barns, að	Í greininni er kveðið á um gildissvið og lögsögu. Um er að ræða verulegar breytingar á framsetningu frá 2. mgr. 2. gr. gildandi barnaverndarlaga. Með breytingunum er ætlunin með því að ná betur utan um áskoranir í barnavernd sem fylgja auknum fólksflutningum milli landa þannig að í málum sem teygja sig milli landa sé leitast við að ekki komi upp ósamræmi og ágreiningur milli réttarkerfa og reglna. Breytingarnar eru liður í því að undirbúa löggjöf undir fullgildingu Haag-samningsins frá 1996 um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samvinnu varðandi forsjá barna auk aðgerða til verndar börnum. Fyrirmynd ákvæðisins er að hluta sótt í norsku barnaverndarlögin. Í 1. mgr. kemur fram sú almenna regla að lögin taka til allra barna, þ.e. barna frá fæðingu að 18 ára aldri.	2. mgr. 2. gr: Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

flytja lögsögu í barnaverndarmáli á grundvelli samninga við dvalar- eða búseturíki. Þrátt fyrir 1. mgr. eiga ákvæði x., y. og z. gr. við um ófædd börn. Jafnframt eiga ákvæði X. kafla við um einstaklinga eldri en 18 ára þegar ákveðið hefur verið að framlengja vistunarúræði barns fram á fullorðinsaldur.	Í 2. mgr. er fjallað um að lögin taki til allra barna sem eru með fasta búsetu hér á landi og eru stödd hér. Þetta ákvæði endurspeglar almennar reglur, sem m.a. koma fram í Haag-samningnum frá 1996, um að almennt eru stjórnvöld í ríkinu þar sem barnið dvelur og er miðpunktur lífs þess best til þess fallin að taka ákvarðanir sem krefjast þess að lagt sé heildarmat á stöðu barns og fjölskyldu. Þótt um sé að ræða almenna reglu er mikilvægt að reglan um fasta búsetu verði ekki til þess að börn falli á milli lögsaga. Er því í 2. mgr. lagt til að fram komi að lögin gildi um börn sem eru hér á landi og ekki er unnt að staðfesta hvar þau eru með fasta búsetu. Þá er rétt að taka af allan vafa um að lögin eiga við um börn sem eru hér á landi og eru flóttamenn eða vegalaus utan eigin ríkis, þ.m.t. þau sem eru hér á landi án forsjáraðila en fjallað er um meðferð þeirra mála í x. kafla laganna. Að öðru leyti en getið er í 2. mgr. fer það ríki þar sem barn er með fasta búsetu að jafnaði með lögsögu í barnaverndarmáli, sbr. 1. málsl. 3. mgr. Lögð er áhersla á að þótt stjórnvöld í ríki þar sem barn á fasta búsetu séu almennt best til þess fallin að taka ákvarðanir um ráðstafanir í barnavernd geta alltaf komið upp tilvik þar sem það er barni fyrir bestu að bregðast við aðstæðum utan búseturíkis, til dæmis með neyðarráðstöfunum eða öðrum ákvörðunum til bráðabirgða. Er því lagt til í 2. málsl. 3. mgr. að ef barn er með fasta búsetu í öðru ríki en dvelur hér sé barnaverndaryfirvöldum hér á landi þó heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða á grundvelli laga þessara til verndar barni. Þrátt fyrir meginregluna um lögsögu búseturíkis sé barnaverndaryfirvöldum jafnframt heimilt, í þágu bestu hagsmuna barns, að flytja lögsögu í barnaverndarmáli á grundvelli samninga við dvalar- eða búseturíki, sbr. 3. málsl. 3. mgr. Getur hér bæði	
--	--	--

	verið átt við milliríkjasamninga eins og Haag-samninginn frá 1996 og samninga sem gerðir eru milli barnaverndarþjónustu og erlends ríkis vegna einstakra barna. Í 4. mgr. er fjallað um undantekningar frá hinni almennu reglu um að lögin eigi við um börn að 18 ára aldri. Annars vegar er um að ræða undantekningu fyrir ófædd börn en barnaverndarlög hafa að geyma ákvæði um viðbrögð við aðstæðum þar sem heilsu eða lífi ófæddes barns er stefnt í hættu. Hins vegar er skýrt að gildissvið barnaverndarlaga tekur til fullorðinna einstaklinga þegar nýtt hefur verið heimild til að framlengja tiltekna ráðstafanir á grundvelli laganna eftir að barn nær fullorðinsaldri.	
3. gr. Orðskýringar		
Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir: 1. Barn: Einstaklingur undir 18 ára aldri. 2. Barnaverndarmál: Mál sem hefst með niðurstöðu barnaverndarþjónustu um að hefja könnun máls og lýkur með því að máli er lokað.. 3. Barn með fjölþættar stuðningsþarfir: Barn sem hefur þörf fyrir langvarandi og fjölþætta stuðning, eftirfylgd og búsetu utan heimilis vegna flókinnar og samsettrar röskunar í tauga- og vitsmunabroska sem er til þess fallin að valda því að barnið stofni heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu. 4. Barnaverndaryfirvöld: Ráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofa, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, úrskurðarnefnd velferðarmála, barnaverndarráð og barnaverndarþjónustur sveitarfélaga. 5. Foreldri: Foreldri samkvæmt ákvæðum barnalaga. Með foreldri er í lögum þessum einnig átt	Greininni er ætlað að skýra helstu hugtök sem notast er við í frumvarpinu og hugtök sem skipta máli í barnaverndarstarfi. Í gildandi barnaverndarlögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði en þó má finna skilgreiningar á tilteknum hugtökum á stöku stað í löggjöfinni. Í samræmi við þá þróun sem orðið hefur við lagasetningu og í því skyni að auka skýrleika og samræmi í framkvæmd þykir fara vel á því að leggja til heildstætt ákvæði þar sem helstu hugtök eru skilgreind. Í 1. tölul. er hugtakið barn skilgreint. Líkt og almennt gildir í íslenskri er löggjöf og í samræmi við ákvæði barnasáttamálans er miðað við 18 ára aldur við skilgreiningu hugtaksins. Í 2. tölul. er hugtakið barnaverndarmál skilgreint. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði gildandi barnaverndarlaga að öðru leyti en því að í frumvarpinu er ekki einungis fjallað um upphaf máls heldur einnig lok þess. Samkvæmt 2. tölul. er barnaverndarmál því mál þar sem liggur fyrir	Nýtt

við annan einstakling sem fer með forsjá barns. Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga. 6. Þjónustuveitendur: Þeir sem veita börnum og fjölskyldum þeirra farsældarþjónustu í skilningi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. 7. Þvingun: Ákvörðun um inngrip gagnvart barni sem er tekin gegn vilja þess eða þrengir svo að persónufrelsi þess eða friðhelgi einkalífs að telja verði hana þvingun þótt barnið hreyfi ekki mótmælum.	niðurstaða barnaverndarþjónustu um að hefja könnun máls á grundvelli laganna og lýkur með því að máli er formlega lokað. Fjallað er nánar um markmið og framkvæmd könnunar í X. kafla frumvarpsins. Í 3. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu barn með fjölþættar stuðningsþarfir. Sambærilega skilgreiningu er ekki að finna í gildandi lögum en við stefnumótun stjórnvalda og undirbúning frumvarpsins var lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að skilgreina hugtakið í lögum. Með frumvarpinu er lagt til að skilgreiningin miði við að hópi barni með fjölþættar stuðningsþarfir tilheyri þau börn sem hafa þörf fyrir langvarandi og fjölþætta stuðning, eftirfylgd og búsetu utan heimilis vegna flókinna og samsettrar röskunar í tauga- og vitsmunabroska sem er til þess fallin að valda því að barnið stofni heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu. Af skilgreiningunni er ljóst að um er að ræða börn sem hafa mikla þörf fyrir langvarandi og sérhæfða þjónustu vegna aðstæðna sem eru tilkomnar vegna röskunar í tauga- og vitsmunabroska. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, er fjallað um ráðgjöf vegna barna með fjölþætta vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Í lögum er þó ekki að finna skilgreiningu á því um hvaða hóp barna ræðir og hafa ákvæði 20. og 21. gr. laganna því valdið ákveðnum áskorunum í framkvæmd. Samkvæmt gildandi lögum er það þó hlutverk svonefnds sérfræðingateymis, sem starfrækja skal á grundvelli laganna, að veita ráðgjöf vegna þjónustu við þann hóp barna sem um ræðir og liggja því fyrir ákveðnar upplýsingar um hópinn. Við vinnu við undirbúning frumvarpsins var lögð sérstök áhersla á það að kortleggja hópinn, m.a. í því skyni að tryggja að unnt væri að móta skilgreiningu	
---	--	--

	sem myndi ná utan um þarfir hlutaðeigandi barna. Skilgreiningin endurspeglar þessa vinnu. Í 4. tölul. er fjallað um barnaverndaryfirvöld og hvaða stjórnvöld það eru sem fara með málefni barnaverndar hér á landi. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi barnaverndarlaga fyrir utan að í skilgreiningunni er vísað til barnaverndarráðs í stað umdæmisráðs barnaverndar. Er sú breyting í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu. Í 5. tölul. er hugtakið foreldri skilgreint. Hugtakið er sambærilegt þeirri skilgreiningu sem er að finna í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Í 6. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu þjónustuveitendur. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, og þykir rétt að notast við hugtakið og þá skilgreiningu sem þar er að finna í ákvæðum frumvarpsins. Er það einkum gert til að gæta samræmis og einnig til að einfalda og skýra tiltekin ákvæði laganna, þannig að ekki gerist þörf á því að telja upp alla þá aðila sem geta talist þjónustuveitendur í hverju og einu tilfelli. Í 7. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu þvingun. Í frumvarpinu felast ýmis nýmæli sem tengjast beitingu þvingunar gagnvart börnum í vistunarúrræðum og er því lagt til að hugtakið verði skilgreint sérstaklega í I. kafla frumvarpsins. Með ákvörðun er átt við stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga og með inngripi er átt við takmarkanir á sjálfsákvörðunarrétti barns eða sambærileg afskipti af því sem fara fram gegn vilja þess. Um hugtökin persónufrelsi og friðhelgi einkalífs vísast til ákvæða stjórnarskrár þar um, svo og hliðstæðra ákvæða í lögum um mannréttindasáttmála Evrópu og barnasáttmálanum. Gert er ráð fyrir að hugtakið þvingun sé túlkað rúmt	
--	---	--

	þannig að ef vafi er uppi um hvort að athöfn teljist til þvingunar falli hún frekar undir skilgreininguna en utan hennar. Til þvingunar teljast m.a. eftirfarandi ráðstafanir: (a) Heimili eða stofnun er læst eða ferðafrelsi barns skert með öðrum hætti, (b) takmarkanir á eða eftirlit með heimsóknum, símtölum og rafrænum samskiptum eða bréfaskiptum barns. (c) líkamsleit, (d) líkamsrannsókn, (e) herbergisleit, (f) haldlagning muna, (g) virkt eftirlit með barni, (h) rafræn vöktun, þ.m.t. með myndavél, hljóðnema eða skynjara, í einkarými barns, (i) aðskilnaður barns frá öðrum börnum, þ.m.t. í sérstöku öryggisrými og (j) líkamleg valdbeiting. Ekki er um að ræða tæmandi talningu.	
4. gr. Réttindi barns		
Barn á rétt á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar og umönnunar, án mismununar af nokkru tagi. Barn á rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir, þ.m.t. um beitingu úrræða eða annarra ráðstafana, á grundvelli laga þessara. Barn á rétt til þátttöku í málum er það varðar á grundvelli laga þessara. Veita skal barni upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Tryggja skal barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli laga þessara skal taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska. Ráðherra skal setja reglugerð um réttindi barns á grundvelli laga þessara, þ.m.t. um þátttöku barns í málsmeðferð.	Í greininni er kveðið á um réttindi barns. Fjallað er um réttindi barna almennt sem og réttindi tiltekins barns víða í gildandi löggjöf, þ.m.t. í 1. og 4. gr. gildandi barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og í ákvæði 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Í ljósi þeirrar ríku áherslu sem lögð er á réttindi barna með frumvarpinu, og þeirra breytinga sem orðið hafa á lagaumhverfinu síðustu ár, þótti fara vel á því að setja fram heildstæða grein þar sem vikið er að þeim meginsjónarmiðum sem skipta máli í því skyni að tryggja réttindi barns á grundvelli laga um barnavernd, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er fjallað um rétt barns til að lifa, þroskast og njóta verndar og umönnunar, án mismununar af nokkru tagi. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 2., 3. og 6. gr. barnasáttmálans sem og ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá felur ákvæðið jafnframt í sér ákveðna áréttingu á 1. mgr. 1. gr. gildandi barnalaga. Í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á	1. mgr. 1. gr.: Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. 2. mgr. 4. gr.: Barn á rétt til þátttöku í málum er það varða á grundvelli laga þessara. Veita skal barni upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Tryggja skal barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli laga þessara skal taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska. 2. mgr. 46. gr. bvl. Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins.

	um rétt barns til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Ákvæðið er m.a. í samræmi við 19. gr. barnasáttmálans þar sem sú skylda er lögð á aðildarríki hans að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. á sviði löggjafar til að vernda börn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun. Rétt er að taka fram að birtingarmyndir ofbeldis og annarrar vanvirðandi háttsemi gagnvart börnum geta verið afar fjölbreyttar og er því ekki talið rétt að binda orðalag ákvæðisins, né annarra ákvæða frumvarpsins, þar sem notast er við sama orðalag, við tiltekna háttsemi. Til þess er þó rétt að líta að með orðalaginu er átt við hvers kyns háttsemi sem er til þess fallin að valda líkamlegum, sálrænum eða tilfinningalegum skaða. Ofbeldi getur þannig t.a.m. verið andlegt, líkamlegt, fjárhagslegt eða kynferðislegt. Þá er einnig rétt að líta til þess að beiting ofbeldis eða annarrar vanvirðandi háttsemi þarf ekki að vera bundin við ákveðnar aðstæður og getur þannig einnig verið um að ræða stafrænt ofbeldi eða háttsemi sem einkum fer fram á vettvangi stafrænna miðla. Í 2. mgr. ákvæðisins er að finna meginregluna um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang við meðferð og úrlausn mála á grundvelli laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Um er að ræða áréttingu á 1. mgr. 3. gr. barnasáttmálans. Ákvæðið er einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um rétt barns til þátttöku í málum sem það varðar. Ákvæðið er í samræmi við meginreglu 12. gr. barnasáttmálans og er samhljóða ákvæði 2. mgr. 4. gr. gildandi barnaverndarlaga eins og því var breytt með lögum	
--	--	--

	nr. 107/2021. Í upphafi ákvæðisins er þátttaka barna orðuð með almennum hætti. Lögð er áhersla á að litið er á þátttökuna sem rétt barns en ekki skyldu. Þjóða skal barni þátttöku en ekki þrýsta á að það taki þátt standi vilji barnsins ekki til þátttöku. Liður í þátttöku barns er að upplýsa barnið um þær ákvarðanir sem teknar eru og mat sem ákvörðun byggir á. Þess vegna er í ákvæðinu sérstaklega tekið fram að barni skuli veittar upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu aðlagðar að barninu. Barn á jafnframt rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með þeim hætti sem það kys. Verður því að gæta þess að tekið sé tillit til aðstæðna barnsins og að það hafi tækifæri til þess að tjá sig í barnvænu umhverfi sem hæfir aldri þess. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að taka skuli tillit til sjónarmiða og vilja barns í samræmi við aldur þess og þroska. Mikilvægt er að gæta að því að skrá upplýsingar um þátttöku barns, þ.m.t. með hvaða hætti þátttaka barnsins fór fram, hver voru sjónarmið barnsins, hvernig lagt var mat á þau og hvaða þýðingu þau höfðu við meðferð málsins. Að lokum er í 5. mgr. ákvæðisins að finna skyldu til setningar reglugerðar um réttindi barns á grundvelli laganna.	
5. gr. Skyldur foreldra og annarra sem annast uppeldi og umönnun barns.		
Öllum þeim sem hafa uppeldi og umönnun barns með höndum ber að sýna því virðingu, umhyggju og nærgætni. Óheimilt er með öllu að beita barn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við barn sitt svo sem best hentar hag og þörfum þess og búa barni viðunandi uppeldisaðstæður. Foreldrum ber jafnframt að gæta velfarnaðar barns í	Í greininni er fjallað um almennar skyldur foreldra og annarra sem annast uppeldi og umönnun barna. Rétt er að taka fram að í öðrum ákvæðum frumvarpsins er fjallað um sértækari skyldur foreldra á grundvelli frumvarpsins sem snúa meðal annars að vernd barna gegn skaðlegu efni, framfærsluskyldu o.fl. Ákvæðið byggir að meginstefnu til á ákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi	2. mgr. 1. gr. bvl.: Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi

hvívetna og virða almenn ákvæði laga þessara um öryggi og velferð barna sbr. X. kafla.	barnaverndarlaga en þó eru gerðar einhverjar breytingar á uppsetningu þess og orðalagi sem miða einkum að því að auka skýrleika sem og að því að færa ákvæðið til betra samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins. Í 1. mgr. er fjallað um að öllum sem hafa uppeldi og umönnun barns með höndum beri að sýna því virðingu, umhyggju og nærgætni. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins nær það bæði til foreldra og annarra aðila sem kunna að annast uppeldi og umönnun barns. Í 2. málsl. er skýrlega kveðið á um það að óheimilt sé að beita barn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Við mat á inntaki ákvæðisins er rétt að líta til þess að birtingarmyndir ofbeldis og annarrar vanvirðandi háttsemi geta verið ólíkar. Þá er rétt að taka það sérstaklega fram að ákvæðið felur það í sér að óheimilt er með öllu að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Í 1. málsl. 2. mgr. er fjallað um þær sérstöku skyldur sem hvíla á foreldrum barns. Fjallað er nánar um foreldraskyldur og forsjá barns í ákvæðum barnalaga, nr. 76/2003, og er því mikilvægt að líta til ákvæða þeirra við túlkun á inntaki þeirrar skyldu sem lögð er á foreldra með ákvæðinu. Ákvæðið á sér einnig samsvörun í 1. mgr. 18. gr. barnasáttmálans sem felur í sér þá mikilvægu reglu að það séu foreldrar barns sem bera aðalábyrgð á uppeldi þess og að því sé komið til þroska. Í ákvæði barnasáttmálans kemur jafnframt fram að það sem er barni fyrir bestu skuli vera foreldrum efst í huga og er það í samræmi við orðalag 2. málsl. 2. mgr. um að foreldrum beri að gæta velfarnaðar barns í hvívetna. Í 2. málsl. 2. mgr. er enn fremur að finna áréttingu á því að foreldrum beri að virða almenn ákvæði laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um öryggi og velferð barna, og er þar meðal annars átt við ákvæði frumvarpsins um útivistartíma o.fl.	uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.
---	--	--

6. gr. Skyldur barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndaryfirvöldum ber að:

1. Gripa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja barni, sem býr við óviðunandi aðstæður eða stofnar heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu, stuðning, umönnun og vernd.
 2. Leitast við að eiga góða samvinnu við barn og foreldra og ávallt sýna þeim sem þau hafa afskipti af fyllstu nærgætni og virðingu.
 3. Leitast við að stuðla að stöðugleika í lífi barns í störfum sínum.
 4. Gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs í störfum sínum og ákvörðunum.
 5. Taka mið af bestu gagnreyndu þekkingu hverju sinni við mat á hagsmunum og þörfum barns og uppbyggingu og beitingu úrræða.
 6. Leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli sem og við aðra aðila sem sinna þjónustu í þágu barna í störfum sínum.
 7. Stuðla markvisst að velferð og farsæld barns við framkvæmd verkefna sinna. Þau skulu jafnframt stuðla að samþættingu barnaverndarþjónustu við aðra þjónustu í þágu farsældar barna.
- Allir þeir sem vinna að barnavernd eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga um upplýsingar sem þeir hafa orðið áskynja um vegna verkefna sinna á grundvelli laga þessara.

Um X. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda. Að meginstefnu til byggir ákvæðið á þeim meginreglum sem finna má í ákvæði 4. gr. gildandi barnaverndarlaga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu og felast í tilkomu nýs ákvæðis 4. gr. um réttindi barns fer vel á því að leggja samhliða til nýtt ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda. Ákvæðið á bæði að vera leiðarvísir í störfum barnaverndaryfirvalda og leiðarljós við túlkun annarra ákvæða frumvarpsins. Í a-lið 1. mgr. eru skyldur barnaverndaryfirvalda til að gripa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja börnum, sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu, stuðning, umönnun og vernd áréttaðar. Orðalag ákvæðisins er í samræmi við markmiðsákvæði frumvarpsins sem finna má í 1. gr. þess og endurspeglar þá skyldu sem hvílir á barnaverndaryfirvöldum til að gripa til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja öryggi og vernd barns.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að barnaverndaryfirvöldum beri að leitast við að eiga góða samvinnu við barn og foreldra. Almennit verður að líta til þess að mestar líkur eru á því að jákvæð útkoma fáið þegar gott samstarf er við þá aðila sem málin varða. Með þessu er lögð áhersla á að virða skuli réttindi einstakra barna og foreldra sem og annarra sem eru ábyrgir fyrir barni og leitast við að finna úrræði sem henta í samráði við þá og með samþykki þeirra, áður en litið er til þess að beita úrræðum gegn vilja viðkomandi aðila. Jafnframt er lögð áhersla á almenna virðingu fyrir

3. til 8. mgr. 4. gr. bvl:

Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Þau skulu jafnframt stuðla að samþættingu barnaverndarþjónustu við aðra þjónustu í þágu farsældar barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Allir þeir sem vinna að barnavernd eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

	mismunandi bakgrunni og menningu fjölskyldna við val á nálgun gagnvart þeim. Í c-lið 1. mgr. er kveðið á um það að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að stuðla að stöðugleika í lífi barns. Orðalag ákvæðisins hvílir meðal annars á því sjónarmiði sem 20. gr. barnasáttmálans er reist á og fjallar um skyldur ríkisins til þess að sjá barni sem tímabundið eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar fyrir umönnun. Áréttað er mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í lífi barns. Ákvæðið felur þó jafnframt í sér viðtækari skírskotun og á við í öllu barnaverndarstarfi þar sem almennt er rétt að líta til þess að ákvarðanir yfirvalda byggja á því að sem minnst röskun verði á lífi og högum barns. Hér má meðal annars benda á að barnaverndaryfirvöld leitist við að finna sameiginlegar lausnir fyrir systkini, sem alist hafa upp saman, ef það er í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni. Í d-lið 1. mgr. er að fjallað um samræmi, jafnræði og meðalhóf. Ákvæðið felur í sér áréttingu á reglum stjórnsýsluréttar, þ.e. á ákvæðum 11. og 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í ljósi þeirra íþyngjandi ákvarðana og þess valds sem barnaverndaryfirvöldum er falið þykir rétta að árétta þessi sjónarmið sérstaklega. Í e-lið 1. mgr. er kveðið á um það að barnaverndaryfirvöldum beri að leitast við að finna systkinum sameiginlegar lausnir sé það í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni. Ákvæðið er að finna í 2. mgr. 33. gr. gildandi barnaverndarlaga en betur þykir fara á því að ákvæðið sé að finna í almennum meginreglum laganna enda á það við almennt í öllu barnaverndarstarfi. Rétt er að geta þess að við mat á þörfum og hagsmunum systkina er mikilvægt að litið sé til réttinda þeirra í samræmi við 4. gr. frumvarpsins.	
--	---	--

	Í f-lið 1. mgr. kemur fram að barnaverndaryfirvöldum beri að taka mið af bestu gagnreyndu þekkingu hverju sinni við mat á hagsmunum og þörfum barns og uppbyggingu og beitingu úrræða. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum en þykir rétt að leggja til með frumvarpinu að í nýjum lögum um barnavernd verði vísað sérstaklega til gagnreyndar þekkingar, bæði við mat á hagsmunum og þörf barns og beitingu úrræða í þágu þess í tilteknu máli en einnig með almennari hætti að því er varðar uppbyggingu úrræða. Undanfarin ár hefur verið lögð á það aukin áhersla að stjórnvöld byggja á gagnreyndri þekkingu við ákvarðanatöku og er talið rétt að endurspegla það sjónarmið í frumvarpinu. Í g-lið 1. mgr. er fjallað um að barnaverndaryfirvöld skuli í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli sem og við aðra aðila sem sinna þjónustu í þágu barna. Fjölmargir aðilar koma að veitingu þjónustu í þágu barna og liggur ljóst fyrir að erfitt getur reynst að taka ákvarðanir sem taka mið af öllum þeim sjónarmiðum sem skipta máli ef skortur er á heildarsýn og samvinnu hlutaðeigandi aðila. Þá er samvinna til þess fallin að tryggja sem besta mögulega þekkingu og reynslu við ákvarðanatöku í einstökum málum. Í h-lið 1. mgr. er kveðið á um það að barnaverndaryfirvöldum beri að stuðla markvisst að velferð og farsæld barns við framkvæmd verkefna sinna. Þau skuli jafnframt stuðla að samþættingu barnaverndarþjónustu við aðra þjónustu í þágu farsældar barna. Ákvæðið felur í sér áréttingu á ákvæðum laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Að lokum er í 2. mgr. ákvæðisins að finna áréttingu á þagnarskyldu þeirra aðila sem vinna að barnavernd og er þar vísað til ákvæða	
--	---	--

	stjórnsýslulaga. Ljóst er að þeir aðilar sem vinna að barnavernd búa yfir vitneskju um persónuleg málefni barna og fjölskyldna þeirra og er því talið mikilvægt að kveða sérstaklega á um þá þagnarskyldu sem á þeim hvílir.	
--	--	--

II. Tilkynningarskylda.

7. gr. Tilkynningarskylda.		
Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn : a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að lífi, heilsu eða þroska ófæddis barns sé stefnt í alvarlega hættu vegna líferniss, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarþjónusta eigi að láta sig varða. Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarþjónustu á grundvelli 1. mgr. skal segja á sér deili. Ef tilkynnandi óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en þjónustunni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarþjónustu um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í greininni er kveðið á um tilkynningarskyldu til barnaverndarþjónustu. Greinin á sér hliðstæðu í 16. gr. gildandi barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu almennings og 19. gr. laganna þar sem fjallað er um nafnleynd tilkynnanda. Með frumvarpinu er lagt til að koma tilkynningarskylduna fyrir í II. kafla laganna, en í gildandi lögum er um hana fjallað í IV. kafla. Með þessu er ætlunin að áréttu mikilvægi tilkynningarskyldunnar fyrir barnaverndarstarf í landinu. Þá miða breytingar á framsetningu að því að auka skýrleika. Rétt er að fram komi að orðalagsbreytingum frá gildandi lögum er ekki ætlað að breyta eðli tilkynningarskyldunnar. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um skyldu allra til að tilkynna til barnaverndarþjónustu hafi þeir ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 1. mgr. 16. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ákvæðið hefur almennt reynst vel í framkvæmd og þykir því ekki rétt að leggja til breytingar á orðalagi þess eða þeirri flokkun sem þar er sett fram. Tilkynningar til barnaverndaryfirvalda hafa um langa hrið verið flokkaðar eftir samræmdu flokkunarkerfi sem hvílir að meginstefnu til á þeirri uppsetningu sem fram kemur í gildandi lögum.	16. gr. bvl: Tilkynningarskylda almennings. Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn: a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að lífi, heilsu eða þroska ófæddis barns sé stefnt í alvarlega hættu vegna líferniss, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarþjónusta eigi að láta sig varða. 1. og 2. mgr. 19. gr. bvl: Nafnleynd tilkynnanda. Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarþjónustu skal segja á sér deili. Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en þjónustunni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarþjónustu um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarþjónustu.

	Þrátt fyrir að það sé ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu þykir rétt að áréttu að það leiðir af almennum reglum að á barnaverndarþjónustu hvílir skylda til að staðfesta við tilkynnanda móttöku tilkynningar sem og skylda til að gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna hennar. Einnig leiðir það af almennum reglum að berist barnaverndarþjónustu tilkynning á grundvelli ákvæðisins sem ætti að berast annarri barnaverndarþjónustu ber þjónustunni að tryggja að tilkynningin berist barnaverndarþjónustu í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu. Við undirbúning frumvarpsins kom til álita að setja sérstakt ákvæði um tilkynningar barna til barnaverndarþjónustu. Niðurstaða rýnnar var sú að ekki væri rétt að setja sérstaka tilkynningaskyldu á börn og að önnur ákvæði frumvarpsins, einkum 4. gr. og 5. gr., væru fullnægjandi til að lýsa skyldum barnaverndaryfirvalda til að taka á móti tilkynningum barna og leiðbeina þeim með barnvænum hætti. Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um tilkynningarskyldu vegna ófæddra barna. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 2. mgr. 16. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og því var breytt með lögum nr. 107/2021, og nær samkvæmt orðalagi sínu, eftir atvikum, til líferniss, háttsemi eða aðstæðna beggja verðandi foreldra barns, ekki eingöngu til þess einstaklings sem gengur með barnið. Þá leggur ákvæðið áherslu á hagsmuni hins ófædda barns frekar en stöðu verðandi foreldra þess. Í 1. málsl. 3. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að þeim sem tilkynnir til barnaverndarþjónustu beri að segja á sér deili. Í 2. málsl. 3. mgr. er að finna undantekningu á þeirri meginreglu sem felur í sér nafnleynd tilkynnanda, óski viðkomandi einstaklingur þess. Í 2. málsl. 3. mgr. er einnig tekið	
--	--	--

	fram að ósk tilkynnanda um nafnleynd skuli virt, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Reglur um nafnleynd tilkynnanda eru teknar óbreyttar upp frá 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í ákvæðinu er leitast við að ná jafnvægi milli nokkurra sjónarmiða. Í fyrsta lagi eru hagsmunir þess einstaklings sem tilkynningin varðar til að geta nýtt lögbundinn rétt sinn, svo sem andmælarétt. Í öðru lagi eru hagsmunir þess aðila sem tilkynnir til barnaverndarþjónustu að njóta verndar gagnvart mögulegum hefndaraðgerðum þess sem tilkynningin beinist að. Í þriðja lagi eru almennir hagsmunir barnaverndaryfirvalda að fólk veigri sér ekki við því að tilkynna af ótta við það hafi neikvæðar afleiðingar fyrir það. Vert er að geta þess að nafnleynd samkvæmt ákvæðinu á ekki við um efni tilkynningarinnar sjálfrar. Mikilvægt er að þeir sem tilkynningin varðar eigi rétt á upplýsingum um efni tilkynningarinnar, þótt nafnleyndar sé gætt að öðru leyti. Líkt og nánar er fjallað um í 8. gr. og athugasemdum við það á reglan um nafnleynd hins vegar ekki við um fagfólk eða einstaklinga sem tilkynna um aðstæður barns á grundvelli þess. Af 4. mgr. leiðir að ákvörðun barnaverndarþjónustu um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála. Sú kæruleið er til staðar í 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. núgildandi barnaverndarlaga og þykir rétt að hún haldist óbreytt. Ekki þykir ástæða til að taka 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. gildandi barnaverndarlaga upp í frumvarpi þessu enda felur ákvæðið í sér almenna reglu um skyldu stjórnvalda til að leiðbeina um kærueimild sem þegar er lögfest í stjórnslutölum.	
8. gr. Tilkynningarskylda fagfólks.		

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur aðkomu að málum barns, foreldra eða verðandi foreldra og verður var við aðstæður eins og lýst er í 7. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarþjónustu óháð reglum laga og siðareglna um þagnarskyldu. Sérstaklega er þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns í skilningi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skylt að fylgjast með liðan, uppeldi og aðbúnaði barna, eftir því sem við verður komið, og tilkynna barnaverndarþjónustu ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 7. gr. laganna. Sama á við þá sem koma að málum barna sem eru hér á landi án fastrar búsetu og forsjáraðila, sbr. x. kafla. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. ákvæði þessu.	Í greininni er kveðið á um tilkynningarskyldu fagfólks. Greinin byggir á ákvæðum 17. og 3. mgr. 19. gr. gildandi barnaverndarlaga og að hluta til einnig á ákvæði 1. mgr. 18. gr. þeirra. Þó eru lagðar til ákveðnar breytingar á orðalagi og samsetningu ákvæðanna sem miða að því að auka skýrleika og einfalda framsetningu. Einnig eru lagðar til ákveðnar breytingar sem miða að því að tryggja samræmi milli þeirra ákvæða sem um tilkynningarskylduna gilda sem og að því að koma til móts við sjónarmið sem fram komu í samráði við undirbúning frumvarpsdraganna. Í 1. mgr. er sett fram sú afdráttarlaus skylda sem hvílir á hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur aðkomu að málum barna, foreldra eða verðandi foreldra, og verður var við aðstæður sem lýst er í 7. gr. frumvarpsins, að tilkynna það barnaverndarþjónustu. Í ákvæði 1. mgr. 17. gr. gildandi barnaverndarlaga er fjallað um stöðu barna og barnshafandi einstaklinga en lagt er til að vísað verði til verðandi foreldra með opnari hætti þannig að skýrt sé að þær aðstæður sem um ræðir geti tekið til beggja verðandi foreldra. Miðar orðalagið að því að tryggja betra samræmi við 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um tilkynningarskyldu vegna ófæddra barna. Þá er það tekið sérstaklega fram í ákvæði 1. mgr. að tilkynningarskylda á grundvelli ákvæðisins sé óháð reglum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Þykir mikilvægt að áréttast að þannig að sjónarmiðum um þagnarskyldu verði ekki beitt til að komast hjá því að tilkynna um aðstæður barns, foreldra eða verðandi foreldra. Í ákvæði 2. mgr. er að finna sértaka áréttingu á tilkynningarskyldu þjónustuveitenda og þeirra sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna. Slíka áréttingu er einnig að finna í gildandi	17. gr. bvl. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum. Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða [barnshafandi einstaklinga og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarþjónustu. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarþjónustu viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. 1. mgr. 18. gr. bvl: Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarþjónustu um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarþjónustu og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarþjónusta skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.
--	---	---

	barnaverndarlögum en í 2. mgr. 17. gr. þeirra eru þær starfsstéttir sem undir ákvæðið falla þó taldar upp með tæmandi hætti. Með hliðsjón af því hversu fjölbreyttur hópur fagfólks starfar með börnum þykir rétt að leggja til að í stað þess að telja upp ákveðnar starfsstéttir sé vísað til þeirra með almennari hætti. Um nánari skilgreiningu á þeim hópi sem undir ákvæðið fellur vísast til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Þá er gerð sú breyting á orðalagi ákvæðisins að vísa í liðan barns fremur en hegðun þess. Er það í samræmi við aukna samfélagslega meðvitund um að hegðun barns stafar almennt af liðan þess eða þeim aðstæðum sem því eru búnar. Einnig eru lagðar til ákveðnar breytingar á orðalaginu sem miða að því að skýra ákvæðið en í samráði við undirbúning frumvarpsins komu fram ákveðin sjónarmið um að fagfólk veigraði sér í ákveðnum tilfellum við að tilkynna til barnaverndarþjónustu með vísan til orðalags gildandi laga þar sem fjallað er um að viðkomandi aðilum beri að gera barnaverndarþjónustu viðvart en ekki að þeim sé skylt að tilkynna. Þá er í ákvæðinu lagt til að fjalla sérstaklega um þá sem koma að málum barna sem eru hér á landi án forsjáraðila. Þykir ástæða til að árétta þetta sérstaklega í ljósi farvegs mála þessara barna sem fjallað er um í X. kafla. Í 3. mgr. greinarinnra er sérstaklega áréttað að ákvæði 3. mgr. 7. gr. um nafnleynd tilkynnanda eigi ekki við um tilkynnendur sem eru fagfólk. Er það í samræmi við gildandi lög og hvílir á því sjónarmiði að eðlilegt sé að gera greinarmun á þeim aðilum sem tilkynna um aðstæður barns í eigin nafni og þeirra sem tilkynna um slíkar aðstæður á grundvelli vitneskju sem þeir búa yfir faglegrar stöðu sinnar vegna.	3. mgr. 19. gr. bvl: Nafnleynd tilkynnanda. Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.
--	---	--

III. Yfirstjórn, stjórnsýsla og stefnumótun.

9. gr. Yfirstjórn barnaverndarmála.	Í 1. mgr. er fjallað almennt um yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra með barnavernd. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 5. gr. gildandi barnaverndarlaga, þar sem fjallað er með almennum hætti um að barnavernd heyri undir ráðuneytið, og er ætlað að auka samræmi við IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Rétt er að taka fram að yfirstjórnar- og eftirlitshlutverk ráðuneytisins ræðst af stöðu stjórnvalda á málefnasviðinu. Þótt Barna- og fjölskyldustofa og barnaverndarráð heyri bæði undir mennta- og barnamálaráðherra er yfirstjórn og eftirlit ráðherra með þessum stjórnvöldum eðlisólíkt þar sem Barna- og fjölskyldustofa lýtur hefðbundnum reglum stigskiptrar stjórnsýslu en barnaverndarráð er sjálfstætt stjórnvald. Þá eru barnaverndarþjónustur starfræktar af sveitarfélögum og eftirlit ráðherra háð takmörkunum sem leiða af 78. gr. stjórnarskrárinnar og reglum sveitarstjórnarlaga ásamt því að barnaverndarþjónustur njóta ákveðins sjálfstæðis innan stjórnsýslu sveitarfélaga, sbr. 16. gr. Þá er rétt að taka fram að eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna er í höndum Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sem lýtur yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildum félags- og húsnæðismálaráðherra samkvæmt gildandi forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Úrskurðarnefnd velferðarmála lýtur jafnframt yfirstjórn félags- og húsnæðismálaráðherra og er þar að auki sjálfstætt stjórnvald.	5. gr. bvl. Hlutverk ráðuneytisins. Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir ráðuneytið. Ráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd. Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
10. gr. Barna- og fjölskyldustofa.		

Barna- og fjölskyldustofa starfar samkvæmt þeim lögum sem um stofuna gilda og fer með verkefni ríkisins eins og nánar er mælt fyrir um í lögum. Verkefni Barna- og fjölskyldustofu eru m.a. að: a. vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu, m.a. með því að stuðla að samþættingu barnaverndarstarfs og annarrar þjónustu í þágu barna, b. veita barnaverndarþjónustum leiðbeiningar og ráðgjöf um framkvæmd laga og vinnslu einstakra mála, c. stuðla að því að vinnsla barnaverndarmála sé í samræmi við lög, reglugerðir og leiðbeiningar, d. veita barnaverndarþjónustum liðsinni í fósturmálum skv. X. kafla, e. fara með yfirstjórn vistunarúrræða sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. X. kafla, f. fara með yfirstjórn vistunar- og stuðningsúrræða sem ríkinu er heimilt að hafa tiltæk skv. x. kafla. Barna- og fjölskyldustofu er jafnframt heimilt eftir atvikum að reka sérstakar þjónustumiðstöðvar eða verkefni í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar eða þjónustu við börn.	Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um Barna- og fjölskyldustofu sem er ríkisstofnun sem heyrir undir ráðherra, sbr. lög um Barna- og fjölskyldustofu, nr. 87/2021. Almenn er fjallað um stofnunina, verkefni og valdmörk hennar í lögum nr. 87/2021 en með þessu ákvæði er kveðið á um þau sérstöku verkefni sem stofnunin sinnir á grundvelli laga um barnavernd. Að meginstefnu til eru verkefni Barna- og fjölskyldustofu óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 7. gr. barnaverndarlaga, en framsetning ákvæðisins hefur verið einfölduð og samræmd öðrum breytingum sem felast í frumvarpinu. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði gildandi laga en á því eru þó gerðar ákveðnar orðalagsbreytingar sem miða að því að tryggja samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu. Breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli þeirra verkefna sem stofnunni er falið að sinna. Í a-lið 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að Barna- og fjölskyldustofu beri að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu, m.a. með því að stuðla að samþættingu barnaverndarstarfs og annarrar þjónustu í þágu barna. Hér ber meðal annars að líta til skörunar við það hlutverk og þau verkefni sem stofnunin sinnir á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, sbr. einkum 6. gr. laganna. Í b-lið 2. mgr. kemur fram að Barna- og fjölskyldustofa skuli veita barnaverndarþjónustum leiðbeiningar og ráðgjöf um framkvæmd laganna og vinnslu einstakra mála. Ákvæðið tekur bæði til almennra leiðbeininga og ráðgjafar um framkvæmd laganna og einnig til vinnslu einstakra mála. Er með ákvæðinu lögð áhersla á að stofnuninni er ætlað styðjandi hlutverk við vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustu og að til þess að hún geti sinnt því hlutverki sé henni heimilt að veita leiðbeiningar	7. gr. bvl. Barna- og fjölskyldustofa starfar samkvæmt þeim lögum sem um stofuna gilda og fer með verkefni ríkisins eins og nánar er mælt fyrir um í lögum. Verkefni Barna- og fjölskyldustofu eru m.a. að: a. vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu, m.a. með því að stuðla að samþættingu barnaverndarstarfs og annarrar þjónustu í þágu barna, b. veita [barnaverndarþjónustum og umdæmisráðum barnaverndar] 1) leiðbeiningar og ráðgjöf um framkvæmd barnaverndarlaga og vinnslu einstakra mála, c. stuðla að því að vinnsla barnaverndarmála sé í samræmi við lög, reglugerðir og leiðbeiningar, d. veita [barnaverndarþjónustum] 1) liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla, e. fara með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla og hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót, f. hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilum og stofnunum, sbr. e-lið, g. fara með yfirstjórn barnahúsa og hlutast til um að þau verði sett á fót eftir því sem þörf krefur. Barna- og fjölskyldustofu er jafnframt heimilt eftir atvikum að: a. reka sérstakar þjónustumiðstöðvar eða verkefni í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar eða þjónustu við börn, b. reka sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar- eða félags- eða heilbrigðisþjónustu, c. bjóða [barnaverndarþjónustum] 1) aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, sem hefur það að
--	--	---

	og ráðgjöf um vinnslu einstakra mála. Með vísan til þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu og fela í sér niðurlagningu umdæmisráða barnaverndar er lagt til að vísun í ráðin verði fjarlægð úr ákvæðinu. Í c-lið 2. mgr. er fjallað um það verkefni Barna- og fjölskyldustofu að stuðla að því að vinnsla barnaverndarmála sé í samræmi við lög, reglugerðir og leiðbeiningar. Með ákvæðinu er ætlunin að mæla fyrir um frumkvæðisheimildir og -skyldur Barna- og fjölskyldustofu til að stuðla að lögmætri vinnslu barnaverndarmála. Í d-lið 2. mgr. greinarinnar er fjallað um aðkomu Barna- og fjölskyldustofu að fösturmálum en nánar er fjallað um hlutverk stofnunarinnar hvað þetta varðar í X. kafla. Samkvæmt e-lið 2. mgr. greinarinnar lúta vistunarúrræði, sem ríkið ber ábyrgð á að sjá til að séu tiltæk, yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu. Kveðið er á um ábyrgð stofnunarinnar hvað þessi atriði varðar víða í frumvarpinu, einkum í X. kafla. Þær orðalagsbreytingar sem eru lagðar til á ákvæðinu frá gildandi lögum miða að því að tryggja samræmi við þá hugtakanotkun sem lögð er til í frumvarpinu og fela í sér að fjallað verði um heimili og stofnanir á vegum barnaverndaryfirvalda sem vistunarúrræði. Breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli verkefnanna og þá ábyrgð sem stofnuninni er falin þegar kemur að uppbyggingu og yfirumsjón úrræðanna. Í e-lið felst m.a. að stofnunin hlutist til um að slík vistunarúrræði verði sett á fót eftir þörfum og að stofnunin fari með yfirumsjón vistunar barna í úrræðunum. Samkvæmt f-lið fer Barna- og fjölskyldustofa með yfirstjórn stuðnings- og vistunarúrræða sem ríkinu er heimilt að hafa tiltæk. Í ákvæðinu felst efnislega sama regla og er í c-lið 3. mgr. 7. gr. gildandi barnaverndarlaga. Þá fellur innan þessa liðar rekstur Barnahúss en það	markmiði að auðvelda nefndunum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barna- og fjölskyldustofa sinnir skv. 3. mgr. eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þ.m.t. er kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótask af þjónustunni.] 2)
--	--	---

	hefur verið starfrækt frá árinu 1998 og er nú starfandi undir yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu. Ber að líta svo á að í ákvæðinu felist heimildir til handa Barna- og fjölskyldustofu til frekari þróunar Barnahúss, þ.m.t. að koma á fót fleiri barnahúsum hér á landi. Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna heimild Barna- og fjölskyldustofu til að reka sérstakar þjónustumiðstöðvar eða verkefni í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar eða þjónustu við börn. Með hliðsjón af mikilvægi þess að tryggja þverfaglegt samstarf og samfellu í þjónustu við börn þykir mikilvægt að slíka heimild verði áfram að finna í lögum. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi barnaverndarlaga. Rétt er að geta þess að fjallað er um önnur verkefni sem nú er getið í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga á öðrum stöðum í frumvarpinu. Þá er einnig rétt að taka fram að með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á heimildum stofnunarinnar til að taka gjöld fyrir þau verkefni sem hún sinnir á grundvelli 3. mgr. ákvæðisins en með frumvarpinu er lagt til að heimildina sé að finna í X. gr.	
11. gr. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.		
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga þessara eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.	Í greininni er kveðið á um eftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna. Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi barnaverndarlaga. Nánar er fjallað um eftirlit stofnunarinnar í ákvæðum laganna sem og í öðrum lögum sem um stofnunina gilda, einkum lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.	8. gr. bvl. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga þessara eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum.
12. gr. Úrskurðarnefnd velferðarmála.		

Úrskurðarnefnd velferðarmála úrskurðar í þeim kærumálum sem lög þessi mæla fyrir um að sé skotið til nefndarinnar eins og nánar er mælt fyrir um í lögum. Aðrar ákvarðanir stjórnvalda á grundvelli laga þessara eru ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds.	Í greininni er fjallað um hlutverk úrskurðarnefndar velferðarmála við að úrskurða í kærumálum á grundvelli laganna. Greinin er efnislega sambærileg 1. málsl. 6. gr. gildandi barnaverndarlaga þótt orðalag hafi verið uppfært. Ákvæðið mælir fyrir um að stjórnvaldsákvarðanir, þ.m.t. úrskurðir, séu kærانlegir til úrskurðarnefndar velferðarmála. Ýmsar sérreglur gilda um kærurétt einstakra ákvarðana og úrskurða í frumvarpinu og tekur meðferð mála mið af þeim. Þá gilda önnur ákvæði laga um meðferð mála fyrir nefndinni, þar á meðal lög um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015. Samkvæmt 2. mgr. nær kæruréttur til nefndarinnar skv. 1. mgr. eingöngu til þeirra ákvarðana sem sérstaklega er mælt fyrir um í öðrum ákvæðum laganna að séu kærانlegar. Ákvæðið er samhljóða 2. málsl. 6. gr. gildandi barnaverndarlaga. Er talið rétt að áréttta það í ákvæðinu þannig að ekki sé vafi um kærुheimildir til nefndarinnar.	6. gr. bvl. Heimilt er að skjóta úrskurðum og [öðrum stjórnvaldsákvörðunum barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu], 1) eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála. [Aðrar ákvarðanir stjórnvalda á grundvelli laga þessara eru ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds.] 1)] 2)
13. gr. Barnaverndarráð.		
Barnaverndarráð er sjálfstætt stjórnvald sem úrskurðar í þeim málum sem mælt er fyrir um í X. gr. Ráðherra skipar sjö ráðsmenn í barnaverndarráð og jafnmarga til vara til fimm ára í senn. Ráðsmenn skulu hafa næga þekkingu og reynslu til að sinna starfinu. Formaður barnaverndarráðs er jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Formaður tryggir ráðinu skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa. Formaður barnaverndarráðs ákvarðar hvernig ráðið er skipað í hverju máli. Formaður skal gæta þess að í ráðinu eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til	Í greininni er fjallað um barnaverndarráð sem er nýtt stjórnvald sem kemur í stað umdæmisráða barnaverndar, líkt og nánar er fjallað um í X. kafla greinargerðar frumvarpsins. Í 1. mgr. er kveðið á um sjálfstæði barnaverndarráðs. Í því felst m.a. að barnaverndarráð tekur ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála, hvorki frá ráðherra né öðrum stjórnvöldum eða aðilum. Í 1. mgr. er hlutverki ráðsins lýst í stuttu máli en nánar er fjallað um það í X. gr. Í 1. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að barnaverndarráð skuli skipað af ráðherra og það skuli skipað sjö ráðsmönnum og jafnmörgum til vara. Ekki er gert ráð fyrir því að sjö ráðsmenn komi að ákvarðanatöku í hverju máli en með hliðsjón af	1. og 2. mgr. 13. gr. bvl. Í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skal starfrækja umdæmisráð barnaverndar. Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála. 14. gr. bvl. Skipan umdæmisráðs barnaverndar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa í umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn. Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þeir skulu að öðru

úrlausnar hvers máls. Að jafnaði skulu þrír ráðsmenn eiga sæti í ráðinu við afgreiðslu máls. Ef mál er viðamikilið eða krefst fjölbreyttar sérþekkingar er formanni heimilt að ákveða að fimm ráðsmenn komi að afgreiðslu þess. Formaður eða varaformaður, sem formaður velur úr hópi ráðsmanna, skulu eiga sæti í öllum málum. Barnaverndarráði er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila við meðferð máls. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfshætti barnaverndarráðs.	þeim ákvörðunum sem ráðinu er falið að taka þykir rétt að ráðið sé skipað á þann hátt sem ákvæðið kveður á um, svo unnt sé að tryggja að ráðið hafi yfir að ráða breiðri fagþekkingu. Í 1. málsl. 2. mgr. er lagt til að skipunartími ráðsmanna verði fimm ár en þó þannig að við fyrstu skipun í ráðið verði ráðsmenn skipaðir til eins, þriggja eða fimm ára, sbr. bráðabirgðaákvæði I. Í 2. málsl. 2. mgr. eru lagðar til lögbundnar hæfniskröfur til ráðsmanna. Mikilvægt er að ráðið sé skipað þeim sem hafa á grundvelli fagþekkingar sinnar og reynslu forsendur til þess að taka íþyngjandi ákvarðanir um málefni barna og fjölskyldna þeirra. Í 2. mgr. 14. gr. gildandi barnaverndarlaga er lýst nokkuð ítarlegum kröfum til ráðsmanna umdæmisráðs barnaverndar, bæði að því er varðar menntun þeirra og starfsreynslu. Ekki þykir rétt að taka þær kröfur upp óbreyttar í frumvarpinu enda felast í frumvarpinu breytingar á skipan ráðsins, sem verður á einni hendi mennta- og barnamálaráðherra í stað sveitarfélaga um land allt, og verkefnum þess. Engu að síður er gengið út frá því að ráðið sé skipað fagfólki sem hefur á grundvelli starfsreynslu sinnar og menntunar forsendur til að taka íþyngjandi ákvarðanir. Almenn má ætla að þeir aðilar sem komi helst til greina við skipun í ráðið búi yfir þekkingu og reynslu á sviði lögfræði, félagsráðgjafar, sálfræði, barna- og unglingalækninga, fíknigeðlækninga, fötlunar barna, uppeldis- og menntunarfræði, eða þroskaþjálfunar. Þá er mikilvægt að við skipun í ráðið sé litið til þess að það sé samsett af einstaklingum sem hafa ólíka menntun og reynslu þannig að sem mestar líkur séu á því að við ákvarðanatöku sé tekið mið af öllum þeim fjölbreyttu og ólíku sjónarmiðum sem máli kunna að skipta.	leyti hafa næga þekkingu og færni til að geta sinnt starfi ráðsmanns. Ráðsmenn þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs og getur sami einstaklingur setið í fleiri en einu umdæmisráði. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því skipar sveitarstjórn ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Í umdæmi hvers umdæmisráðs skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Sveitarfélög geta gert samning sín á milli um samstarf um umdæmisráð í samræmi við ákvæði þetta. Í samningi skal í það minnsta koma fram hvernig ráðið skuli skipað, hvernig kostnaður við ráðið skiptist milli sveitarfélaga, hvernig sé að öðru leyti búið að umdæmisráði og hvernig fara skuli um skipun nýs ráðsmanns skv. 3. mgr. Ef fullskipað umdæmisráð hefur ekki starfað á vegum sveitarfélags í einn mánuð tekur ráðherra ákvörðun um skipun umdæmisráðs viðkomandi sveitarfélags til næstu fimm ára. Í ákvörðun ráðherra samkvæmt þessari grein skal koma fram hvernig ráðið skuli skipað, hvernig kostnaður við ráðið skiptist milli sveitarfélaga, hvernig sé að öðru leyti búið að umdæmisráði og hvernig fara skuli um skipun nýs ráðsmanns skv. 3. mgr. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um ráðsmenn, þ.m.t. um nánari kröfur um almenn hæfisskilyrði skv. 2. mgr. og um skipan umdæmisráðs, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra er jafnframt heimilt að halda lista yfir einstaklinga sem hann telur uppfylla almenn hæfisskilyrði skv. 2. mgr.
--	---	--

	Í 3. mgr. kemur fram að formaður barnaverndarráðs skuli vera forstöðumaður stofnunarinnar. Í þessu felst að formaður barnaverndarráðs hefur starfið að aðalstarfi og er embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Um veitingu embættisins, starfssambandið, laun, önnur starfskjör o.fl. fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Meðal reglna sem eiga við er 39. gr. b. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um það að ráðherra geti falið sérstakri nefnd að meta hæfni umsækjanda um embættið. Í 3. mgr. er jafnframt gerð sú krafa að formaður barnaverndarráðs uppfylli starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Fjallað er um skilyrðin í lögum um dómstóla, nr. 50/2016. Rétt þykir að gera ríkar kröfur til þess einstaklings sem sinnir formennsku í ráðinu í ljósi þess valds sem felst í hlutverki ráðsins. Þá er í 3. mgr. sérstaklega tekið fram að formaður tryggi ráðinu skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa. Í því getur falist að formaður ráði starfsfólk en jafnframt að ráðið sé með sameiginlega starfsaðstöðu, t.d. innan nefndahúss. Í 4. mgr. er fjallað nánar um það hvernig ráðið skuli skipað í hverju máli en það er hlutverk formanns ráðsins að gæta þess að í ráðinu eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar hvers máls. Ráðið skal ávallt skipað þremur ráðsmönnum en þó er heimilt að fimm ráðsmenn komi að afgreiðslu tiltekins máls. Sú krafa er gerð að formaður eða varaformaður, sem formaður velur úr hópí ráðsmanna, eigi sæti í öllum málum og er sú krafa sett fram með hliðsjón af þeim íþyngjandi ákvörðunum sem ráðinu er falið að taka. Rétt er að áreita að ábyrgðin á efnislegri niðurstöðu ráðsins í	
--	---	--

	tilteknu máli hvílir hjá ráðinu eins og það er skipað hverju sinni. Í 5. mgr. ákvæðisins er að finna heimild til handa ráðinu að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila við meðferð máls þegar þess gerist þörf. Almennt er gengið út frá því að ráðið sé skipað ráðsmönnum með fjölbreytta fagþekkingu og því ætti ekki að þurfa utanaðkomandi aðila til ráðgjafar þegar teknar eru ákvarðanir á vettvangi ráðsins. Þó þykir rétt að tryggja að ráðið hafi heimild til þess að óska eftir slíkri ráðgjöf og aðstoð og miðar sú heimild að því að tryggja vandaða málsmeðferð. Dæmi um slíka ráðgjöf gæti verið ráðgjöf sem varðar sjaldgæfa sjúkdómsgreiningu barns eða ráðgjöf sem lýtur að ákveðinni sérþekkingu á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, t.a.m. út frá fjölbreyttum menningar- eða tungumálabakgrunni þeirra. Í 6. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um starfshætti barnaverndarráðs. Almennt má ganga út frá því að í slíkum reglum sé sett nánari umgjörð um störf ráðsins, til að mynda val formanns ráðsins á varamanni þess og önnur atriði.	
14. gr. Hlutverk barnaverndarráðs.	Ákvæðið lýtur að hlutverki barnaverndarráðs.	3. mgr. 13. gr. bvl. Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði: 1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr. 2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr. 3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr. 4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu, sbr. 29. gr.

		5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.
15. gr. Barnaverndarþjónusta sveitarfélaga.		
Sveitarfélög bera ábyrgð á barnavernd samkvæmt lögum þessum og skulu starfrækja barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta ber ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum, þ.m.t. barnaverndarráði, öðrum stjórnvöldum eða dómstólum. Barnaverndarþjónusta skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum. Barnaverndarþjónusta er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga við meðferð barnaverndarmála eftir því sem þörf krefur. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um næga fagþekkingu skv. 3. mgr.	Í greininni er fjallað um hlutverk barnaverndarþjónustu. Greinin er samhljóða ákvæði 10. gr. núgildandi barnaverndarlaga að undanskilinni vísun í barnaverndarráð sem kemur í stað vísunar í umdæmisráð barnaverndar í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um að sveitarfélög bera ábyrgð á barnavernd samkvæmt lögunum. Rétt er að slíkt almennt ákvæði lýsi skyldum sveitarfélaga að þessu leyti. Í 1. mgr. er jafnframt kveðið á um þá einingu innan sveitarfélags sem fer með barnavernd. Af ákvæðinu leiðir að ef verkefni eða ákvörðun er ekki sérstaklega falin öðrum, þ.m.t. barnaverndarráði, Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, dómstólum, eða öðrum, ber barnaverndarþjónusta ábyrgð á þeim. Ákvæðið undirstrikar að barnaverndarþjónusta ber grunnábyrgð á vinnslu barnaverndarmála og beitingu úrræða samkvæmt barnaverndarlögum. Er þetta sambærilegt við fyrirkomulag í gildandi lögum. Í 2. mgr. kemur fram að sveitarfélög skuli tryggja að næg fagþekking sé til staðar innan barnaverndarþjónustu til að hún geti sinnt verkefnum sínum. Við túlkun á inntaki þessarar reglu er eðlilegt að líta til skilgreininga á lágmarksfagþekkingu samkvæmt X. gr. frumvarpsins fyrir svæði sem eru með færri en 6.000 íbúa. Í 2. mgr. kemur jafnframt fram að barnaverndarþjónusta sé heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga við meðferð barnaverndarmála eftir því sem þörf krefur. Á ýmsum stigum málsmeðferðar	10. gr. bvl. Sveitarfélög bera ábyrgð á barnavernd samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélög skulu starfrækja barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta ber ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum, þ.m.t. umdæmisráði barnaverndar, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum. Barnaverndarþjónusta skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum. Barnaverndarþjónusta er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga við meðferð barnaverndarmála eftir því sem þörf krefur. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um næga fagþekkingu skv. 3. mgr.

	kann að vera ástæða til að leita til utanaðkomandi sérfræðinga. Í 3. mgr. er heimild til ráðherra að setja reglugerð um fagþekkingu. Með slíkri heimild gefst til að mynda tækifæri til að fjalla ítarlegar um lágmarksfagþekkingu út frá stærð umdæma barnaverndarþjónustu.	
16. gr. Umdæmi barnaverndarþjónustu.		
Í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Sveitarfélög hafa samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Heimilt er að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda, t.d. vegna landfræðilegra ástæðna, ef næg fagþekking er til staðar innan barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta skal þá í það minnsta hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki í tveimur stöðugildum og hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með uppeldismenntun. Ráðherra staðfestir samninga um samvinnu sveitarfélaga skv. 2. mgr., að fenginni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála, og veitir undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda skv. 3. mgr.	Í greininni er fjallað um umdæmi barnaverndarþjónustu. Greinin er að mestu samhljóða ákvæði 11. gr. núgildandi laga. Gildandi fyrirkomulag um umdæmi barnaverndarþjónustu var lögfest árið 2021 og tók gildi við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Fyrir gildistöku þeirra breytinga var krafa um 1.500 íbúa að baki barnaverndarnefnd en nú er miðað við 6.000 íbúa. Reynslan af þessum breytingum hefur almennt verið góð. Mikil vinna hefur verið lögð í innleiðingu þeirra og talið mikilvægt að halda áfram á sömu braut. Í 1. mgr. er fjallað um lágmarksíbúafjölda að baki hverri barnaverndarþjónustu. Er hér átt við fjölda íbúa með lögheimili í því sveitarfélagi sem starfrækir barnaverndarþjónustu eða í þeim sveitarfélögum sem standa saman að barnaverndarþjónustu. Lagt er til að miðað sé við 6.000 íbúa. Eins og fjallað er um í kafla 2 í greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2021 er viðmiðið um 6.000 íbúa valið út frá forsendum um hversu stór barnaverndarþjónusta þarf að vera til að geta almennt haldið úti nægilega faglegu starfi. Í 2. mgr. er kveðið á um það að sveitarfélög hafi samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Slík ákvæði eru í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og þykir rétt að	11. gr. bvl. Í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Sveitarfélög hafa samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Heimilt er að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda, t.d. vegna landfræðilegra ástæðna, ef næg fagþekking er til staðar innan barnaverndarþjónustu og ef fyrir liggur samningur um umdæmisráð barnaverndar sem uppfyllir skilyrði 14. gr. Barnaverndarþjónusta skal þá í það minnsta hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki í tveimur stöðugildum og hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun. Ráðherra staðfestir samninga um samvinnu sveitarfélaga skv. 2. mgr. og veitir undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda skv. 3. mgr.

	samræmi sé milli lagabálkanna um slíka samvinnu enda algengt að slík samvinna fari fram á sama grundvelli. Í 3. mgr. er fjallað um viðbrögð við því þegar ekki næst samstarfsgrundvöllur milli sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu. Að teknu tilliti til mikilvægis þess að tiltekinn sveigjanleiki sé í lögum þegar gerð er krafa um samvinnu sveitarfélaga er í ákvæðinu kveðið á um heimild ráðherra til að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að reynt hafi verið, án árangurs, að koma á samstarfi við önnur sveitarfélög. Forsenda þess að unnt sé að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda er að næg fagþekking sé til staðar innan barnaverndarþjónustu. Ákvæðið gerir því ráð fyrir að ef sveitarfélag eða sveitarfélög vilja ekki eða geta ekki átt samvinnu við önnur sveitarfélög til að ná 6.000 íbúa markinu verði gerðar ríkar kröfur til þess að sýnt sé fram á að þau standi undir faglegri barnaverndarþjónustu. Í ákvæðinu er kveðið á um að barnaverndarþjónusta skuli í þessum tilvikum hafa yfir að ráða að lágmarki sérhæfðum starfsmönnum í tveimur stöðugildum. Við mat á starfsmannabörf verður jafnframt að taka mið af fjölda mála sem að jafnaði eru til vinnslu í umdæminu. Ákvæðið felur því í sér að samanlagt starfshlutfall starfsmanna barnaverndarþjónustu sé í það minnsta 200%. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með uppeldismenntun. Dæmi um fyrirkomulag sem myndi uppfylla þessi skilyrði er að barnaverndarþjónusta hafi félagsráðgjafa í 100% starfi, lögfræðing í 50% starfi og kennara í 50% starfi, auk þess að kaupa þjónustu sálfræðings samkvæmt nánari ákvörðun barnaverndarþjónustu. Starfsmenn sem eru í lægra starfshlutfalli geta þá eftir atvikum samhliða störfum fyrir	
--	---	--

	barnaverndarþjónustu starfað við aðra stjórnsýslu sveitarfélagsins. Í 4. mgr. kemur fram að ráðherra staðfesti samninga um samvinnu sveitarfélaga skv. 2. mgr. Þetta er í samræmi við ákvæði gildandi barnaverndarlaga. Rétt er að taka fram að við staðfestingu samninga á grundvelli ákvæðisins er að jafnaði ástæða til að fyrir liggi umsögn ráðherra þess sem fer með sveitarstjórnarmál. Þá kann eftir atvikum að vera ástæða til að óska umsagna annarra ráðherra, einkum þess sem fer með félags- og fjölskyldumál. Með hliðsjón af staðfestingarhlutverki ráðherra er í ákvæðinu einnig kveðið á um að undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda séu í höndum ráðherra.	
17. gr. Yfirstjórn og sjálfstæði barnaverndarþjónustu.		
Sveitarstjórn fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en er heimilt að fela hana fastanefnd með samþykkt. Hvorki sveitarstjórn né fastanefnd er heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirsmáli um meðferð einstakra mála. Sveitarstjórn og fastanefnd er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar fyrir yfirstjórn hennar. Sveitarstjórn setur samþykkt þar sem vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er falið einum eða fleiri úr hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.	Í greininni er fjallað um yfirstjórn og sjálfstæði barnaverndarþjónustu sveitarfélaga. Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að barnaverndarþjónusta sveitarfélaga, þar sem teknar eru ákvarðanir og mál eru lögð í farveg, sé sjálfstæð eining innan stjórnsýslu sveitarfélaganna sem lúti ekki boðvaldi sveitarstjórnar eða eftir atvikum fastanefndar varðandi meðferð einstakra mála. Af þessu leiðir jafnframt að ákvarðanir barnaverndarþjónustu lúta ekki endurskoðun eða endurupptöku hjá sveitarstjórn eða fastanefnd. Aftur á móti er ljóst að barnaverndarþjónusta getur ekki starfað úr tengslum við lýðræðislegar einingar innan stjórnsýslu sveitarfélaga þar sem þarf að fara fram almenn umfjöllun um barnavernd, þ.m.t. um stefnu, framkvæmdaáætlanir, fjármál og fleira. Í því sambandi er jafnframt rétt að benda á lögbundið hlutverk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Í lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er gert ráð fyrir virku eftirliti með	12. gr. bvl. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en er heimilt að fela hana fastanefnd með sérstakri samþykkt. Hvorki sveitarstjórn né fastanefnd er heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirsmáli um meðferð einstakra mála. Sveitarstjórn og fastanefnd er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar fyrir yfirstjórn hennar. Sveitarstjórn setur samþykkt þar sem vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er falið einum eða fleiri úr hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

	barnaverndarþjónustu af hálfu stofnunarinnar og hefur stofnunin m.a. heimildir til að beita sveitarfélög viðurlögum. Þegar upp koma slík eftirlitsmál kann að vera tilefni fyrir sveitarstjórn að fá upplýsingar frá barnaverndarþjónustu um meðferð máls sem gerðar hafa verið athugasemdir við af hálfu eftirlitsstofnunarinnar. Í 1. mgr. er kveðið á um yfirstjórn barnaverndarþjónustu sem er á hendi sveitarstjórnar. Í samræmi við almennar reglur í V. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, er sveitarstjórn heimilt að fela fastanefnd umrædd verkefni. Almennt má ætla að vel fari á því að verkefnunum sé komið fyrir hjá sömu fastanefnd og fer með málefni félagsþjónustu sveitarfélaga þó að slíkt sé ekki skilyrði samkvæmt orðalagi ákvæðisins. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að hvorki sveitarstjórn né fastanefnd sé heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Ákvæðinu er ætlað að tryggja sjálfstæði barnaverndarþjónustu gagnvart lýðræðislega kjörnum einingum innan sveitarfélagsins. Barnaverndarþjónusta ber ábyrgð á ákvörðunum og athöfnum sínum og á að tryggja að þær séu ekki byggðar á ómálefnalegum sjónarmiðum, þ.m.t. ólögmætum fyrirmælum sveitarstjórnar eða fastanefndar um meðferð einstakra mála. Í 2. mgr. er jafnframt fjallað um upplýsingamiðlun frá barnaverndarþjónustu til sveitarstjórnar og fastanefndar. Dæmi um upplýsingar sem rétt er að fari þar á milli eru upplýsingar um stefnu, stöðu aðgerða í aðgerðaráætlun og upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir fjármál og fjárhagsáætlanagerð. Þá er, eins og áður hefur verið fjallað um, ekki útilokað að rétt sé að miðla upplýsingum um meðferð einstakra mála ef slíkar upplýsingar tengjast beint verkefnum	
--	--	--

	sveitarstjórnar og/eða fastanefndar, t.d. í tengslum við eftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Í þessu sambandi er þó rétt að árétta að hér sem endranær verður að gæta þess að ekki sé unnið með persónuupplýsingar umfram nauðsyn. Í 3. mgr. er lagt til ákvæði þar sem fjallað er um vald til fullnaðarafgreiðslu mála. Mikilvægt er að skýrar valdbærnireglur gildi um barnaverndarþjónustu þannig enginn vafi geti risið um það hver fer með endanlegt ákvörðunarvald hverju sinni. Í samræmi við almenn ákvæði um framsal valds til fullnaðarafgreiðslu mála í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að framsalsheimildir séu útfærðar í samþykktum.	
18. gr. Valdsvið barnaverndarþjónusta.		
Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó x. gr. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun í öðru umdæmi fer áfram með mál þess. Ef það er barni fyrir bestu að mál sé rekið í öðru umdæmi, eða að barnaverndarþjónusta í öðru umdæmi beri ákveðnar skyldur gagnvart barninu, geta viðkomandi barnaverndarþjónustur samið um það sín í milli. Ráðherra leysir úr ágreiningi um ábyrgð á vinnslu mála skv. 1. mgr. Sama á við um ágreining milli barnaverndarþjónustna vegna barna sem eru hér á landi án forsjáraðila og fastrar búsetu, sbr. x. gr.	Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um þá almennu reglu að barnaverndarþjónusta þar sem barn er með fasta búsetu eigi úrlausn um mál þess. Um er að ræða sömu reglu og nú er í 1. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Í reglunni felst að lögheimili barna ræður því hvaða barnaverndarþjónusta fer með mál þess, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018. Rétt er að árétta að þegar samið hefur verið um skipta búsetu barna ræður lögheimili því jafnframt hvaða barnaverndarþjónusta á úrlausn um mál. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun í öðru umdæmi fari áfram með mál þess. Um er að ræða efnislega sömu reglu og nú er í 1. málsl. 4. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Í 3. málsl. 1. mgr. kemur fram að ef það er barni fyrir bestu að mál sé rekið í öðru umdæmi, eða að barnaverndarþjónusta í öðru umdæmi beri ákveðnar skyldur gagnvart barninu, geta viðkomandi barnaverndarþjónustur samið um það sín í milli.	15. gr. bvl. Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr. Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga á barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barnið á lögheimili úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr. Ef barn dvelur eða býr í umdæmi annarrar barnaverndarþjónustu skal hún veita þjónustunni, sem hefur mál barnsins til meðferðar, upplýsingar og skýringar ásamt því að veita henni liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana. Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á rétt til aðgangs að gögnum sem liggja fyrir hjá barnaverndarþjónustum í öðrum umdæmum sem hafa haft mál barnsins eða foreldra þess til meðferðar. Ef barn flyst úr umdæmi barnaverndarþjónustu á meðan mál þess er til meðferðar skal hún tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í og upplýsa hana um

	Með ákvæðinu hafa tvær reglur gildandi barnaverndarlaga verið sameinaðar, þ.e. ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga, þar sem segir að ef það er barni fyrir bestu að mál sé rekið í öðru umdæmi en því þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarþjónustur samið um það sín í milli, og 2. málsl. 5. mgr. 15. gr. laganna, þar sem kemur fram að barnaverndarþjónustur geti gert samkomulag við barnaverndarþjónustu í umdæminu, þar sem hún hefur ráðstafað barni í vistun, um að bera tilteknar skyldur. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra leysi úr ágreiningi milli barnaverndarþjónustna um ábyrgð á vinnslu mála. Í 2. máls. 3. gr. og 6. mgr. 15. gr. gildandi barnaverndarlaga er Barna- og fjölskyldustofu falin úrlausn um slíkan ágreining. Á það hefur verið bent að úrlausn um slíkan ágreining falli ekki vel að öðrum verkefnum Barna- og fjölskyldustofu. Er því talið rétt að ráðherra, sem hefur yfirstjórn og eftirlit með barnavernd, verði falið þetta verkefni, þótt Barna- og fjölskyldustofa kunni eftir sem áður að hafa ráðgefandi hlutverk að þessu leyti, sbr. b-lið 2. mgr 10. gr. frumvarpsins Rétt er að fram komi að ágreiningur um úrlausn mála er ekki algengur en mikilvægt að í lögum sé mælt fyrir um úrlausn hans.	stöðu málsins. Barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og tryggja samfellu í vinnslu og meðferð þess. Barnaverndarþjónustunum er heimilt að hafa áframhaldandi samskipti um málið að því marki sem það er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í meðferð þess. Ef það er barni fyrir bestu að mál sé rekið í öðru umdæmi en því þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarþjónustur samið um það sín í milli. Ef ekki næst samkomulag um hvaða þjónusta skuli fara með mál samkvæmt þessari grein getur Barna- og fjölskyldustofa ákveðið hvaða barnaverndarþjónusta fer með mál barnsins. Ef barnaverndarþjónusta ráðstafar barni í föstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með mál þess. Hún getur þó gert samkomulag við barnaverndarþjónustu í því umdæmi um að bera tilteknar skyldur. Ef barn á ekki fasta búsetu hér á landi skal barnaverndarþjónusta í umdæminu þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarþjónusta fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber henni að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess. Ef uppi er ágreiningur um hver skuli fara með mál getur Barna- og fjölskyldustofa ákveðið að tiltekin barnaverndarþjónusta fari með málið. ... 1) Ef barni sem er hér á landi án forsjáraðila sinna er veitt alþjóðleg vernd eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barna- og fjölskyldustofa hvaða barnaverndarþjónusta skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. ... 1) [Ríkissjóður endurgreiðir kostnað sveitarfélaga vegna barnaverndarþjónustu sem veitt er skv. 5. og 6. mgr. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um
--	--	--

		þjónustu og endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein.] 1)] 2)
19. gr. Stefnumótun í barnavernd.		
Ráðherra ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd. Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórnir marka stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar. Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 11. gr., er þeim heimilt að móta sameiginlega stefnu og áætlun. Börnum skal veitt tækifæri til að taka þátt í stefnumótun skv. 1. og 2. mgr.	Í 1. mgr. er fjallað um ábyrgð ráðherra á stefnumótun í barnavernd. 1. og 2. málsl. ákvæðisins byggja á sambærilegu ákvæði og er að finna í 2. og 3. mgr. 5. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er fjallað um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir hvert kjörtímabil. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða ákvæði 9. gr. gildandi barnaverndarlaga og er því ætlað að stuðla að markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi sveitarfélaga. Þó eru gerðar ákveðnar breytingar á uppsetningu ákvæðisins sem miða að því að auka skýrleika en breytingarnar hafa ekki áhrif á inntak þess. Þrátt fyrir að það sé ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu verður almennt að ganga út frá því að stefnumótun á málefnasviðinu sé í samræmi við aðra stefnumótun stjórnvalda um málefni barna, þ.m.t. þá stefnumótun sem fram fer á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Í 3. mgr. er að finna það mikilvæga nýmæli að börnum skuli veitt tækifæri til að taka þátt við stefnumótun á sviði barnaverndar. Ákvæðið er mikilvæg árétting á ákvæði 12. gr. barnasáttmálans og er ætlað að tryggja að þátttaka barna og ungmenna hafi meira vægi í samfélaginu, þ.m.t. við stefnumótun á vegum ríkis og sveitarfélaga.	2. og 3. mgr. 5. gr. bvl. Ráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd. Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. 1. mgr. 9. gr. bvl. Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send [ráðuneytinu], 1) [Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála] 2) og [Barna- og fjölskyldustofu]. 3)

IV. Upphaf barnaverndarmáls, stuðningsáætlun og lok máls.

20. gr. Upphaf barnaverndarmáls.		
Þegar barnaverndarþjónusta fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að aðstæður	Í ákvæðinu er fjallað um aðdraganda þess að ákveðið er að hefja barnaverndarmál. Aðdragandinn	21. gr. bvl.

barns kunni að vera með þeim hætti sem lýst er í 7. gr. skal hún án tafar taka afstöðu til þess hvort hefja skuli könnun máls. Hefja skal könnun ef ástæða er til að ætla að niðurstaða könnunar verði að beita þurfi úrræðum samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða um hvort hefja skuli könnun eða ekki skal liggja fyrir innan sjö daga frá því að tilkynning eða aðrar upplýsingar bárust barnaverndarþjónustu. Niðurstaða um að hefja könnun markar upphaf barnaverndarmáls og skal tilkynnt þeim sem könnun beinist að, án tafar eftir að hún liggur fyrir, nema ríkir rannsóknarhagsmunir krefjast þess að könnun hefjist án vitneskju hlutaðeigandi aðila. Þá er heimilt að fresta tilkynningu þar til rannsóknarhagsmunir eru ekki lengur til staðar. Ef niðurstaða barnaverndarþjónustu er að hefja ekki könnun eftir tilkynningu skv. 8. gr. skal hún upplýsa tilkynnanda um það.	er annað hvort sá að barnaverndarþjónusta fær tilkynningu, sbr. II. kafli, eða barnaverndarþjónusta fær upplýsingar með öðrum hætti um aðstæður barns sem eru tilkynningaskyldar skv. 7. gr. Barnaverndarþjónusta tekur þá tilkynninguna eða upplýsingarnar til meðferðar og ákveður hvort ástæða er til könnunar máls og þar með að hefja barnverndarmál. 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Er því áfram gengið út frá því að við meðferð barnaverndarmála sé gerður skýr greinarmunur á athugun sem er undanfari ákvörðunar um könnun og ákvörðuninni um að hefja könnun annars vegar og sjálfri könnun máls hins vegar. Þá er ekki lagt til að gera breytingar á reglu gildandi laga um að niðurstaða um hvort hefja skuli barnaverndarmál eigi að liggja fyrir án tafar eða í síðasta innan sjö daga frá því að tilkynning eða upplýsingar bárust barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta ber ábyrgð á að forgangsraða málum og gripa umsvifalaust til viðbragða ef ástæða er til. Niðurstaða barnaverndarþjónustu að hefja könnun tekur alltaf mið af reglum um meðalhóf. Í 6. mgr. 21. gr. gildandi barnaverndarlaga er það orðað með þeim hætti að ákvörðun um að hefja könnun skuli ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mælikvarðinn um rökstuddan grun er matskenndur sem og tilefnið sem vísað er til í greininni. Í stað þessa mælikvarða er lagt til í 2. málsli. 1. mgr. að ekki skuli hefja könnun nema ástæða sé til þess að niðurstaða könnunar verði að beita þurfi barnaverndarúrræðum. Með þessari nálgun er verið að horfa til þess að tengja könnun með skýrum hætti inn í framhald málsins og eftirfarandi áætlanagerð. Með þessari nálgun er í engu verið að draga úr því að gild ástæða og tilefni þarf að vera til þess að hefja könnun enda er könnun	Þegar [barnaverndarþjónusta] 1) fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, [ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra] 2) eða eigin hegðunar þess [eða að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.], 2) skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti. ... 2) [Ákvörðun [barnaverndarþjónustu] 1) um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæránleg til [úrskurðarnefndar velferðarmála] 3) né annars stjórnvalds.] 2) [Barnaverndarþjónusta] 1) skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni [innan viku frá því að ákvörðunin var tekin]. 2) Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. [[Barnaverndarþjónustu] 1) ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.] 2) [Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns skal barnaverndarþjónusta upplýsa tengilið eða málstjóra um ákvarðanir samkvæmt þessari grein.] 4) Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar [barnaverndarþjónusta] 1) hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.
---	--	---

	íþyngjandi fyrir þann sem hún beinist að. Grunur sem liggur að baki því að ákvæðið er að hefja könnun verður að vera á rökum reistur um að aðstæður séu með þeim hætti sem fjallað er um í 1. mgr. sem geta leitt til þess að ástæða sé til að beita barnaverndarúræðum. Grunur verður að beinast að því að tiltekið barn eða tiltekin börn búi við óviðunandi aðstæður. Þá má árétta að barnaverndarþjónustu er skylt að láta mál niður falla á síðari stigum um leið og í ljós kemur að ekki er ástæða til frekari afskipta. Ástæða er til að árétta að almennt hefur barnaverndarþjónusta ekki heimildir til að leggjast í mikla gagnaöflun eða rannsókn til að undirbúa niðurstöðu sína um hvort hefja skuli könnun eða ekki. Ákvörðun um að hefja könnun er byggð á tilkynningunni eða þeim upplýsingum sem fjallað er um í 1. málsl. 1. mgr. Barnaverndarþjónustu er heimilt að ræða frekar við tilkynnanda sjálfan til þess að treysta grundvöll undir ákvörðun sinni. Þá verður að gera ráð fyrir að þjónustan geti skoðað eldri tilkynningar og mál sem varða sömu aðila ef því er að skipta. Í 2. mgr. er áréttað að niðurstaða um að hefja könnun markar upphaf barnaverndarmáls. Um er að ræða sambærilega reglu og er í 6. mgr. 21. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ekki þykir ástæða til að orða sérstaklega að ákvörðun um hefja könnun skuli ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til, en um það má almennt vísa til skyldna barnaverndaryfirvalda til að gæta meðalhófs, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr. Þá er lögð til sama regla og er í gildandi lögum um tilkynningu til þeirra sem könnun beinist að, án tafar, nema ríkir rannsóknarhagsmunir krefjist annars. Þetta er í samræmi við almenna reglu 14. gr. stjórnsýslulaga sem er ætlað að tryggja að aðili máls eigi kost á því	Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð 5) sem [ráðherra] 6) setur ... 7)
--	---	--

	að neyta andmælaréttar síns. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Í ákveðnum tilvikum kann tilkynning til foreldris að gefa því kost á að grípa til aðgerða sem spillt geta könnun máls og eftir atvikum rannsókn af hálfu lögreglu. Með því að fresta tilkynningu er í vissum tilvikum gefinn kostur á að rannsaka mál að nokkru marki, áður en tilkynnt er um það til foreldra. Í ljósi meginreglunnar um skyldu til að tilkynna foreldrum strax um ákvörðun um könnun verður að túlka þessa undantekningu þröngt. Í 1. málsl. 4. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga kemur fram að niðurstaða barnaverndarþjónustu um að hefja könnun eða hefja ekki könnun sé ekki kæránleg til æðra stjórnvalds. Í ljósi x. gr. er ekki talin ástæða til að tilgreina sérstaklega í lögnum að slík ákvörðun sé ekki kæránleg, en ástæða þess er sú að ákvörðun um að hefja eða hefja ekki könnun er í eðli sínu málsmeðferðarákvörðun og fellur ekki að gildissviði stjórnsýslulaga. Í 3. mgr. eru lögð til nýmæli sem varða samskipti barnaverndarþjónustu við fagfólk sem tilkynnir aðstæður barns. Í 5. mgr. 21. gr. gildandi barnaverndarlaga segir að ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns skuli barnaverndarþjónusta upplýsa tengilið eða málstjóra um ákvarðanir samkvæmt þessari grein. Reynslan af þessu ákvæði bendir til þess að ástæða sé til að ganga lengra til að tryggja að fagfólk hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum fyrir skipulagningu þjónustu sem þetta fagfólk veitir barninu. Er því lagt til að ef niðurstaða barnaverndarþjónustu er að hefja ekki könnun eftir tilkynningu fá fagfólki skuli hún upplýsa tilkynnanda um það. Þótt trúnaður um tilkynningar til barnaverndar og starf barnaverndarþjónustu sé mikilvægur er ekki talið að það eigi að hafa meira vægi en aðgangur fagfólks,	
--	---	--

	sem starfar í kring um barn, að upplýsingum um að barnaverndarþjónusta ætli ekki að grípa til ráðstafana gagnvart barninu.	
21. gr. Samþætting þjónustu við könnun máls.		
Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns skal barnaverndarþjónusta taka þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls. Í því felst m.a. að sitja í stuðningsteymi barnsins og afla upplýsinga frá öðrum þjónustuveitendum sem lið í könnun málsins. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber barnaverndarþjónustu við upphaf barnaverndarmáls, og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Í ákvæðinu er fjallað um samþættingu þjónustu við könnun máls. Ákvæðið er nánast óbreytt frá 22. gr. a gildandi barnaverndarlaga en þó er lögð til mikilvæg viðbót í niðurlagi 2. málsl. 1. mgr. Í samráði um frumvarpið kom fram að mikilvægt væri að innleiða betur verkfæri samþættrar þjónustu í vinnslu barnaverndarmála, þar á meðal við könnun. Var í því sambandi meðal annars bent á að í þeim tilvikum þegar þjónusta er samþætt, og stuðningsteymi er starfandi um barn, liggja fyrir inni í teyminu upplýsingar um hagi barnsins, aðbúnað þess og liðan, tengsl barnsins við foreldra og aðra sem og hagi foreldra og/eða annarra umönnunaraðila, sbr. 27. gr. Með því að barnaverndarþjónusta nýti vinnu stuðningsteyma er hægt að einfalda málsmeðferð við könnun og stytta málsmeðferðartíma. Sérstaklega er vísað til þessa í 2. málsl. 1. mgr. Þá er í 2. mgr. áréttuð regla sem er efnislega sú sama og skylda allra þjónustuveitenda í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	4. mgr. 21. gr. bvl. Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns tekur barnaverndarþjónusta þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls. Að öðru leyti gilda lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna meðan á könnun stendur. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber barnaverndarþjónustu við upphaf barnaverndarmáls, og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.] 1)
22. gr. Markmið og framkvæmd könnunar.		
Markmið könnunar barnaverndarþjónustu er að afla fullnægjandi upplýsinga um aðstæður barns svo unnt sé að komast að niðurstöðu um hvort rétt sé að grípa til úrræða samkvæmt lögum þessum. Í því skyni skal barnaverndarþjónusta að lágmarki afla upplýsinga um hagi barnsins, aðbúnað þess og liðan, tengsl barnsins við foreldra eða aðra, sem og hagi foreldra og/eða annarra umönnunaraðila. Könnun skal hraðað eins og kostur er og skal ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur hverju sinni.	Í ákvæðinu er fjallað markmið könnunar. Ákvæðið á sér efnislega samstöðu með 22. gr. gildandi barnaverndarlaga en búið er að aðlagða orðalag að öðrum breytingum laganna og breyttum tíðaranda. Í ákvæðinu felst að markmið könnunar sé að barnaverndarþjónusta fá fullnægjandi og glöggar upplýsingar um barnið sem á í hlut, hagi þess, aðbúnað og liðan, tengsl barnsins við foreldra eða aðra og hagi foreldra og/eða annarra umönnunaraðila. Þessi upptalning er ekki tæmandi	22. gr. Markmið könnunar máls. Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal [þjónustan] 1) kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á

Barnaverndarþjónusta skal leitast við að framkvæma könnun í samstarfi og samráði við barn og foreldra. Foreldrum eða þeim sem barn dvelst hjá er skylt að veita barnaverndarþjónustu liðsinni við framkvæmd könnunar. Við framkvæmd könnunar er barnaverndarþjónustu heimilt að ræða við barn, foreldra og aðra þá sem hlut kunna að eiga að máli. Barnaverndarþjónustu er jafnframt heimilt að tala við barn þar sem það dvelur, svo sem í skóla, frístunda- og félagsstarfi eða vistunarúræði, í einrúmi ef þörf er á, og fylgjast með barni til athugunar á högum þess. Ef rannsóknarhagsmunir mæla með því er heimilt að tala við barn og fylgjast með högum þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forsjáraðila, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram. Barnaverndarþjónustu er aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggi samþykki foreldris eða á grundvelli dómsúrskurðar. Að því marki sem þörf krefur, og upplýsingar sem liggja fyrir skv. x. gr. eru ekki fullnægjandi, er barnaverndarþjónustu heimilt að afla upplýsinga frá þjónustuveitendum barnsins og öðrum sem kunna að búa yfir upplýsingum um barnið.	og ræðst það af eðli og umfangi hvers máls hversu víðtæk könnun er. Eins og ráða má af upptalningunni er könnun umfangsmikið verkefni sem krefst þess að barnaverndarþjónusta leiti fanga víða til að fá fullnægjandi upplýsingar. Rétt er að áréttta í þessu sambandi að skv. x. gr. er barnaverndarþjónustum heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga við meðferð barnaverndarmáls en að öðru leyti er fjallað um framkvæmd könnunar í x. gr. Aftur á móti verður að gæta þess að könnun dragist ekki um of á langinn og gangi ekki of nærri réttindum barns og fjölskyldu. Er því í mælt fyrir um að könnun skuli hraðað eins og kostur er og skuli ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur hverju sinni. Í 2. mgr. og 3. mgr. er fjallað um framkvæmd könnunar, þ.m.t. rannsóknarheimildir barnaverndarþjónustu við könnun máls. Reglur um rannsóknarheimildir barnaverndarþjónustu eru í 43. og 44. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er fjallað um framkvæmd könnunar gagnvart barni og foreldrum eða öðrum forsjáraðilum. Þar er í fyrsta lagi lögð áhersla á að leitast skuli við að vinna könnun í samráði og samstarfi við þá sem könnunin beinist að. Þó er jafnframt lagt til að áfram verði lögfest sú skylda, sem nú er í 2. mgr. 43. gr. barnaverndarlaga, að foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá sé skylt að veita barnaverndarþjónustu liðsinni við framkvæmd könnunar. Þá er í 2. mgr. ákvæði sem eru efnislega sambærileg 3. til 5. mgr. 43. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 3. mgr. er fjallað um upplýsingaöflun barnaverndarþjónustu gagnvart þjónustuveitendum og þeim sem hlut kunna að eiga að máli. Ákvæðið kallast á við x. gr. þar sem fjallað er um	heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Um könnun máls, rannsóknarheimildir [barnaverndarþjónustna], 2) um skyldu til að láta [barnaverndarþjónustum] 2) í té upplýsingar og málsmeðferð ... 3) almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara. [Ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi ber barnaverndarþjónustu að óska eftir þjónustu Barnahúss við könnun málsins.] 3) 43. gr. bvl. Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra. Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal [barnaverndarþjónusta] 1) sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni. Við könnun á högum barns er [barnaverndarþjónustu] 1) heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera. [Starfsfólki barnaverndarþjónustu] 2) er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar. [Starfsfólki barnaverndarþjónustu] 2) er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis
---	---	---

	upplýsingaskyldu þessara aðila gagnvart barnaverndarþjónustu.	foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.
23. gr. Úrræði við könnun.		
Heimilt er að grípa til úrræða skv. x. gr. meðan á könnun stendur ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni barns. Skal þá gera greinargerð skv. x. gr. um afmarkaða niðurstöðu könnunar. Þrátt fyrir 1. mgr. er barnaverndarþjónusta skylt að óska eftir þjónustu Barnahúss við könnun máls ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi.	Í 1. mgr. er fjallað um heimild fyrir barnaverndarþjónustu til að beita úrræðum laganna meðan á könnun stendur. Ákvæðið felur í sér nokkur nýmæli. Með aukinni áherslu á samþættingu þjónustu og snemmtækan stuðning er talið rétt að úrræði barnaverndarlaga standi barnaverndarþjónustu til boða á könnunarstigi ef það er nauðsynlegt fyrir hagsmuni barnsins. Þessari reglu er þó ekki ætlað að opna fyrir möguleikann á því láta könnun máls standa í lengri tíma. Áfram er lögð áhersla á reglur um að hraða niðurstöðum könnunar, sbr. 22. gr. Í 1. mgr. kemur jafnframt fram að sá þáttur málsins, sem úrræðinu er ætlað að mæta sé þá fullkannaður. Gert er ráð fyrir að við þessar aðstæður gangi barnaverndarþjónusta frá greinargerð um niðurstöðu könnunar þess hluta málsins, sbr. 24. gr. Í 2. mgr. er fjallað um aðkomu Barnahúss að könnun máls ef grunur er um ofbeldi gagnvart barni. Ákvæðið er óbreytt frá 3. mgr. 22. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 107/2021.	3. mgr. 22. gr. bvl. [Ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi ber barnaverndarþjónusta að óska eftir þjónustu Barnahúss við könnun málsins.] 3)
24. gr. Niðurstaða könnunar.		
Þegar mál hefur verið kannað með fullnægjandi hætti skal barnaverndarþjónusta ljúka könnun máls með greinargerð um niðurstöðu könnunarinnar. Ef niðurstaða könnunar er sú að ekki sé þörf á úrræðum samkvæmt lögum þessum er málið lokið, sbr. x. gr. Ef niðurstaða könnunar er sú að þörf sé á úrræðum samkvæmt lögum þessum fer um áframhaldandi meðferð málsins skv. X. gr.	Í 1. mgr. er fjallað um lok könnunar máls. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga en framsetning þess er einfaldari en í gildandi lögum. Í því felst skylda barnaverndarþjónustu til að skrifa greinargerð um niðurstöðu könnunar. Í slíkri greinargerð þurfa að koma fram greinargóðar upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir framhald málsins. Er hér horft til þess að gera grein fyrir upphafi málsins, með hvaða hætti mál var kannað,	1. mgr. 23. gr. bvl. Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati [barnaverndarþjónustu] 1) skal [þjónustan] 2) taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. [Í greinargerð skal sérstaklega til taka hvernig barni var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hvernig tillit var tekið til skoðana

	hvernig barni var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og með hvaða hætti tekið var tillit til skoðana barnsins, mat á sértækum þörfum barns m.t.t. markmiða laganna, og tillögur að nauðsynlegum úrræðum eða rökstuðning fyrir niðurstöðu um að ljúka máli í kjölfar könnunar. Í 2. mgr. er fjallað um þá tvo farvegi sem mál er lagt í eftir könnun, annars vegar að máli sé lokið og hins vegar að það fari í áætlanagerð.	barnsins, eftir því sem við á.] 3) [Ákvörðun [barnaverndarþjónustu] 1) um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 4)] 5)
25. gr. Stuðningsáætlun.		
Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu úrræða skv. x. kafla skal barnaverndarþjónusta, eftir því sem unnt er í samvinnu við foreldra og barn, gera skriflega áætlun um stuðning við barnið og frekari meðferð málsins. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum. Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skal gera eina stuðningsáætlun fyrir barnið. Ef fyrir liggur niðurstaða barnaverndarþjónustu um að barn hafi þörf fyrir úrræði samkvæmt lögum þessum tekur barnaverndarþjónusta við hlutverki málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu við beitingu úrræða ber barnaverndarþjónusta að meta þörf barns á samstarfi við þjónustuveitendur og aðra sem veita þjónustu í þágu farsældar barns og afla samþykkis skv. x. gr. til að samstarfi verði komið á eða beita viðeigandi ráðstöfunum skv. x. gr.	Í 1. mgr. er fjallað um áætlanagerð í kjölfar könnunar. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 23. gr. gildandi barnaverndarlaga, sem nefnist í lögnum áætlun um meðferð máls en oftast er kölluð meðferðaráætlun. Lagt er til að orðið stuðningsáætlun verði frekar notað yfir áætlanagerðina og er það til samræmis við hugtakanotkun í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Endurspeglast það líka það almenna sjónarmið að semja eigi áætlun í samvinnu við aðila máls og leita eftir samþykki þeirra fyrir áætluninni. Áætlunin er nauðsynlegur liður í markvissri vinnslu málsins. Þar á að koma mat og/eða greining á þörfum barnsins, markmið með þjónustu og eftir atvikum samþættingu einstakra þátta hennar, hlutverk barnaverndarþjónustu og eftir atvikum annarra þjónustuveitenda, hvernig árangur verði metinn og tímabil sem áætlun er ætlað að vara, sbr. jafnframt 22. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Endurskoðunar getur verið þörf ef ekki er farið eftir áætlun sem gerð hefur verið og rétt þykir að reyna beitingu annars konar úrræða eða ef talin er þörf á að gera nýjar áætlanir í máli sem taka gildi hver af annarri. Í 2. mgr. eru sérreglur sem fjallar um þau tilvik þegar fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í	2. mgr. 23. gr. bvl. Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal [barnaverndarþjónusta], 1) í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum. [Um samþættingu þjónustu fer skv. 23. gr. a.] 3) [Ákvörðun [barnaverndarþjónustu] 1) um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 4)] 5)

	þágu barnsins. Þar er annars vegar árétting á því að stuðningsáætlun skv. frumvarpinu og 22. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er sama áætlunin. Þá er fjallað um heimild fyrir barnaverndarþjónustu að taka við málstjórn stuðningsteymis barnsins. Um er að ræða breytingu frá gildandi löggjöf sem gerir ráð fyrir því að málstjórnin við þessar aðstæður sé ávallt hjá starfsmanni í barnavernd. Þá er í 3. mgr. fjallað um það þegar ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu og til hvaða úrræða er þá unnt að grípa, sbr. jafnframt x. gr.	
26. gr. Lok máls.		
Ef niðurstaða könnunar er sú að máli er lokað er sú ákvörðun kæraneleg til úrskurðarnefndar velferðarmála. Sama á við ef barnaverndarþjónusta ákveður að loka máli þegar áætlun rennur út. Ef máli sem hófst með tilkynningu skv. 8. gr. er lokað skal barnaverndarþjónusta upplýsa tilkynnanda um lok málsins. Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barnsins er tengilið og/eða málstjóra, og eftir atvikum þjónustuveitendum sem taka þátt í samþættingu þjónustunnar, heimilt að vinna með greinargerð um niðurstöðu könnunar og gögn sem niðurstaðan er byggð á. Ef beiðni um samþættingu liggur ekki fyrir skal veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu samhliða tilkynningu um lok máls. Ef máli lýkur við það að barn verður 18 ára og fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barnsins skal barnaverndarþjónusta sjá til þess að fyrir liggi áætlun þar sem fjallað er um þjónustu í þágu barnsins eftir að það nær fullorðinsaldri. Ef slík beiðni um samþættingu þjónustu liggur ekki fyrir skal upplýsa	Í 1. mgr. eru reglur um kærueimild til úrskurðarnefndar velferðarmála sem eru sambærilegar reglum sem nú eru í 3. málsl. 1. mgr. og 5. málsl. 2. mgr. 23. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er regla sem er nýmæli og felur í sér sambærilega reglu og í 3. mgr. 20. gr. um upplýsingamiðlun frá barnaverndarþjónustu til tilkynnanda um lok máls, þegar sá sem tilkynnti er fagmanneskja í nærumhverfi barnsins. Ákvæðið felur í sér heimild til að miðla upplýsingum um lok barnaverndarmáls til þess sem tilkynnti málið, ef um er að ræða fagfólk, og er markmiðið að fagfólk fái aðgang að mikilvægum upplýsingum fyrir skipulagningu þjónustu við viðkomandi barn. Þar sem reglan á við um lok barnaverndarmáls á öllum stigum er ekki talin ástæða til að gera þessa upplýsingamiðlun að skyldu, enda geta barnaverndarmál verið opin í mörg ár og þá oft ekki ástæða til þess að upplýsingar um lok máls berist þeim sem tilkynnti það upphaflega til barnaverndarþjónustu.	1. mgr. 23. gr. bvl. Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati [barnaverndarþjónustu] 1) skal [þjónustan] 2) taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. [Í greinargerð skal sérstaklega tiltaka hvernig barni var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hvernig tillit var tekið til skoðana barnsins, eftir því sem við á.] 3) [Ákvörðun [barnaverndarþjónustu] 1) um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 4)] 5) 2. mgr. 23. bvl. Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal [barnaverndarþjónusta], 1) í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum. [Um

félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags um málið, sbr. x. gr.	Í 3. mgr. er regla sem er efnislega sambærileg 3. málsl. 3. mgr. 23. gr. gildandi barnaverndarlaga. Þá er 4. mgr. fjallað um lok barnaverndarmáls við 18 ára aldur sem er ætlað að tryggja samræmi við 4. mgr. 22. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Jafnframt er í 4. mgr. fjallað um lok máls ef ekki liggur fyrir samþætting, eins og það er nánar útfært í x. gr.	samþættingu þjónustu fer skv. 23. gr. a.) 3) [Ákvörðun [barnaverndarþjónustu] 1) um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 3. mgr. 23. gr. bvl. Ef barnaverndarþjónusta tekur ákvörðun um að loka máli, sbr. 1. eða 2. mgr., og fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barnsins er tengilið og/eða málstjóra, og eftir atvikum þjónustuveitendum sem taka þátt í samþættingu þjónustunnar, heimilt að vinna með greinargerð um niðurstöðu könnunar og gögn sem niðurstaðan er byggð á. Ef beiðni um samþættingu liggur ekki fyrir skal veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu samhliða tilkynningu um lok máls. Ef málið hófst með tilkynningu skv. 17. gr. frá þjónustuveitanda í þágu farsældar barnsins skal jafnframt upplýsa þjónustuveitandann um lok málsins.
---	--	--

V. Úrræði og aðrar ráðstafanir barnaverndaryfirvalda.

27. gr. Stuðningsúrræði.		
Stuðningsúrræði eru barnaverndarúrræði sem miða að því að tryggja barni, foreldrum þess, eða verðandi foreldrum, viðeigandi stuðning, meðferð og/eða ráðgjöf. Til stuðningsúrræða teljast m.a.: a. meðferð og stuðningur við barn eða meðferð barns, b. sérhæfð uppeldisráðgjöf eða annars konar ráðgjöf við foreldra og c. önnur félagsleg úrræði sem veitt eru á grundvelli annarra laga. Stuðningsúrræðum er ætlað að stuðla að því að barn geti búið á heimili sínu með það að markmiði að dregið sé úr þörf fyrir beitingu vistunarúrræða. Þá er stuðningsúrræðum jafnframt ætlað að tryggja	Greinin fjallar um stuðningsúrræði. Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að stuðningsúrræði miði að því að tryggja barni, foreldrum þess, eða verðandi foreldrum, viðeigandi stuðning, meðferð og/eða ráðgjöf. Slík úrræði geta verið fjölbreytt en í 2. málsl. 1. mgr. er að finna upptalningu á þeim úrræðum sem undir skilgreininguna falla. Ekki er um tæmandi talningu að ræða og kann því vel að vera að önnur úrræði séu tiltæk sem einnig geti talist til stuðningsúrræða. Þá kemur orðalag ákvæðisins ekki í veg fyrir það að barnaverndaryfirvöld þrói ný úrræði sem eru til þess fallin að mæta þörfum barns og fjölskyldu þess í samræmi við markmið laganna. Upptalningin byggir að meginstefnu til á ákvæði 1.	24. gr. bvl. [Barnaverndarþjónusta] 2) skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að: a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns, b. stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum, c. útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð, d. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,

heildstæðan stuðning við barn og fjölskyldu þess í kjölfar vistunar barns utan heimilis. Stuðningsúrræði barnaverndar geta beinst að heimili barns, heimili foreldris eða annarra þar sem barn nýtur umgengni skv. ákvæðum barnalaga. Barnaverndarþjónusta leitast við að afla samþykkis foreldra og barns fyrir beitingu stuðningsúrræða eins og nánar er fjallað um í stuðningsáætlun. Ef stuðningsúrræði beinast að heimili þar sem barn býr nægir samþykki þess foreldris eða foreldra sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum barnalaga. Ef stuðningsúrræði beinast að heimili foreldris eða annarra þar sem barn nýtur umgengni þarf samþykki lögheimilisforeldris og þess sem nýtur umgengninnar. Ef stuðningsúrræði beinast eingöngu að barni sem er orðið 15 ára nægir samþykki barnsins. Á sömu forsendum geta foreldrar og barn samþykkt ráðstafanir skv. x. gr. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um stuðningsúrræði.	mgr. 24. gr. gildandi barnaverndarlaga og ákvæðum reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, en þó hafa verið gerðar breytingar á framsetningu sem og hugtakanotkun. Breytingarnar eru ekki til þess fallnar að draga úr lögbundnu framboði úrræða samkvæmt núgildandi lögum. Í a-lið 2. málsl. 1. mgr. er fjallað um meðferð og stuðning við barn eða meðferð barns. Undir ákvæðið geta fallið fjölbreytt úrræði. Meðferð barns samkvæmt ákvæðinu getur einnig verið mismunandi eftir þörfum þess barns sem á í hlut en rétt er að taka það fram að með meðferð í skilningi ákvæðisins er átt við sérfræðiþjónustu sem almennt byggir á bestu fánlegu þekkingu á hverjum tíma. Mikilvægt er að meðferð sé veitt af fagaðilum með viðeigandi menntun og reynslu og að hún miði einkum að því að draga úr skaða eða áhættuhegðun, styðja við bataferli og félagslega aðlögun, eða að því að efla sjálfsmynd og virkni barns. Meðferð skal ávallt byggja á heilðrænu mati á þjónustubörf barns og taka mið af þroska, getu, aðstæðum og þeim vanda sem barn glímir við. Stuðningur við barn getur t.a.m. verið veittur með aðkomu persónulegs ráðgjafa. Með persónulegum ráðgjafa er átt við einstakling sem fenginn er á vegum barnaverndarþjónustu til að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega og tilfinningalega. Stuðningsúrræðum barnaverndar sem undir ákvæðið falla geta jafnframt tilheyrt sérhæfðari úrræði, svo sem áfallamiðuð meðferð sem veitt er í barnahúsi, SÓK meðferð, sem er sérhæfð sálfræðiþjónusta fyrir börn sem þurfa á aðstoð að halda vegna óviðeigandi eða skaðlegrar kynhegðunar eða MST fjölkerfameðferð.	e. aðstoða foreldra eða [verðandi foreldra] 1) við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. [Barnaverndarþjónusta] 2) getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara. [Ef úrræði samkvæmt þessari grein beinast að heimili þar sem barn býr nægir samþykki þess foreldris eða foreldra sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum barnalaga. Ef úrræði beinast eingöngu að barni sem orðið er 15 ára nægir samþykki barnsins. Ef úrræði beinast að heimili foreldris eða annarra þar sem barn nýtur umgengni þarf samþykki lögheimilisforeldris og þess sem nýtur umgengninnar.] 1)
---	---	---

	Í b-lið 2. málsl. 1. mgr. er lagt til að sérhæfð uppeldisráðgjöf eða annars konar stuðningur við foreldra sé skilgreind sem stuðningsúrræði. Í 24. gr. gildandi barnaverndarlaga er annars vegar kveðið á um hlutverk barnaverndarþjónustu þegar kemur að því að veita leiðbeiningar til foreldra um uppeldi og aðbúnað barns og hins vegar aðstoð við foreldra eða verðandi foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. Með hliðsjón af markmiði frumvarpsins þykir mikilvægt að uppeldisráðgjöf verði áfram skilgreind sem barnaverndarúrræði. Til þess er þó rétt að líta að slík ráðgjöf telst jafnframt til almennrar félagslegrar ráðgjafar, sbr. 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og dregur ákvæðið ekki úr mikilvægi þess að slík ráðgjöf verði áfram til staðar sem almennt úrræði. Til aðgreiningar er því lagt til að styðjast við hugtakið sérhæfð uppeldisráðgjöf en almennt má gera ráð fyrir því að slík ráðgjöf sé sérhæfðari þegar hún er veitt foreldrum barna sem þörf er á að styðja á vettvangi barnaverndarkerfisins. Um er að ræða ráðgjöf um uppeldi og aðbúnað barns og þjónustu sem getur t.a.m. verið sinnt af sálfræðingi eða félagsráðgjafa. Ekki þykir rétt að tiltaka áfengis- eða vímuefna meðferð, eða annars konar meðferð, foreldra eða verðandi foreldra sem stuðningsúrræði barnaverndar í ákvæðinu enda gera núgildandi barnaverndarlög einkum ráð fyrir því að stuðningur barnaverndar hvað slíka meðferð varðar snúi einkum að því að hafa millgöngu um að tryggja að foreldrum eða verðandi foreldrum standi slík meðferð til boða. Hér er einnig rétt að árétta lögbundið hlutverk félagsmálanefnda sbr. XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í 50. og 51. gr. laganna er fjallað um hlutverk félagsþjónustu þegar kemur að því að veita ráðgjöf og aðstoð við	
--	---	--

	vímuefnavanda. Hvað aðra aðstoð við foreldra eða verðandi foreldra varðar er enn fremur gert ráð fyrir því að slíkur stuðningur sé almennt veittur af félagsþjónustu sveitarfélaga. Stuðningur við foreldra á grundvelli ákvæðisins getur t.a.m. verið veittur með tilsjónarmanni, sem er einstaklingur sem er sérstaklega fenginn til þess að aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum. Í c-lið 2. málsl. 1. mgr. er áréttað að stuðningsúrræðum barnaverndar geti tilheyrt önnur úrræði sem veitt eru á grundvelli annarra laga. Er þetta í samræmi við X. gr. en mikilvægt þykir að áréttað barnaverndaryfirvöldum er heimilt að nýta önnur úrræði en þau sem eru skilgreind sérstaklega sem barnaverndarverndarúrræði á grundvelli laga þessara. Í 1. og 2. málsl. 2. mgr. er markmiðið stuðningsúrræða lýst. Markmiðið með beitingu stuðningsúrræða er einkum tvíþætt, þ.e. annars vegar að stuðla að því að barn geti búið á heimili sínu sem og að draga úr þörf fyrir beitingu meira íþyngjandi úrræða og hins vegar að tryggja heildstæðan stuðning við barn og fjölskyldu í kjölfar beitingar vistunarúrræða. Í 3. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að stuðningsúrræði geti beinst að heimili barns, heimili foreldris eða annarra þar sem barn nýtur umgengni skv. ákvæðum barnalaga. Í 3. mgr. er fjallað um samþykki fyrir stuðningsúrræðum. Ákvæðinu er ætlað að fanga efnisreglur 24. gr. gildandi barnaverndarlaga um úrræði með samþykki foreldra og barns. Þar sem greinin felur í sér nýjar skilgreiningar á stuðningsúrræðum er lagt til að framsetningu sé breytt frá gildandi lögum en lögð er áhersla á að staflidrir a til e í 1. mgr. 24. gr. gildandi barnaverndarlaga falla innan skilgreiningar þess að vera stuðningsúrræði samkvæmt frumvarpinu. Í 1.	
--	---	--

	másl. 3. mgr. er fjallað um mikilvægi þess að barnaverndarþjónusta reyni til þrautar að ná samvinnu við barn og foreldra. Ákvæðið kallast á við önnur ákvæði frumvarpsins um mikilvægi þessarar samvinnu. 2. til 4. másl. 3. mgr. eru samhljóða 3. mgr. 24. gr. barnaverndarlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 107/2021. Þar er fjallað um mismunandi kröfur til samþykkis eftir því hvernig forsjá og búsetu barns er háttað. Meðal annars er lagt til að börn frá 15 ára geti áfram veitt samþykki fyrir stuðningsúrræðum sem beinast eingöngu að þeim sjálfum þótt foreldri veiti ekki samþykki sitt. Í 5. másl. 3. mgr. er regla sem nú er að finna í 2. mgr. 24. gr. gildandi barnaverndarlaga um að hægt sé að beita ráðstöfunum skv. x. gr. líka með samþykki foreldra og barna. Ætlunin er að tryggja innra samræmi og framvindu milli stuðningsáætlunargerðar og úrskurðarmála. Í 4. mgr. er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að setja reglugerð um stuðningsúrræði..	
28. gr. Vistunarúrræði.		
Vistunarúrræði eru barnaverndarúrræði sem miða að því að veita barni viðeigandi stuðning, meðferð og móttöku, utan heimilis. Til vistunarúrræða teljast m.a.: a. stuðningsfjölskylda, b. úrræði fyrir börn sem eru hér á landi án forsjáraðila og fastrar búsetu, c. sérhæfð úrræði fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir, d. meðferðarúrræði, e. úrræði fyrir börn í kjölfar meðferðar, f. úrræði sem veita börnum móttöku í bráðatilvikum, g. neyðarvistun, h. öryggisgæsla,	Í greininni er fjallað um vistunarúrræði barnaverndar. Í 1. másl. 1. mgr. kemur fram að vistunarúrræðum barnaverndar tilheyri úrræði sem miði að því að veita barni viðeigandi stuðning, meðferð og móttöku, utan heimilis. Af orðalaginu er ljóst að meginmunurinn á stuðningsúrræðum barnaverndar og vistunarúrræðum barnaverndar er sá að síðarnefndu úrræðunum, einkum heimilum eða stofnunum, er ætlað að tryggja stuðning við barn utan heimilis. Líkt og sjá má af upptalningunni í ákvæðinu eru vistunarúrræði mjög fjölbreytt og er tilgangur og markmiðið með beitingu þeirra misjafn. Í greininni er fjallað um vistunarúrræði barnaverndar.	25. gr. bvl. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri: a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur, b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings. Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til

i. tímabundið og varanlegt fóstur. Vistunarúrræðum er ætlað að tryggja barni öruggar og fullnægjandi aðstæður þegar önnur úrræði eru ekki til þess fallin að mæta þörfum þess. Áður en kemur til ráðstöfunar í vistunarúrræði skal reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Vistun barns í vistunarúrræði skal aldrei standa lengur en þörf krefur. Um val á vistunarúrræði fer skv. x. gr. Barnaverndarþjónusta leitast við að afla samþykkis barns og foreldra fyrir vistun utan heimilis eins og nánar er fjallað um í stuðningsáætlun. Barn og foreldrar geta veitt samþykki fyrir því að barnaverndarþjónusta visti barn í úrræði skv. 1. mgr. Samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri þarf fyrir vistun utan heimilis. Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til vistunarinnar. Ef barn sem orðið er 15 ára og býr hjá öðru foreldra sinna samþykkir vistun nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins. Á sömu forsendum geta foreldrar og barn samþykkt að barnaverndarþjónusta taki við umsjá eða forsjá barnsins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um vistunarúrræði.	Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að vistunarúrræðum barnaverndar tilheyri úrræði sem miði að því að veita barni viðeigandi stuðning, meðferð og móttöku, utan heimilis. Af orðalaginu er ljóst að meginmunurinn á stuðningsúrræðum barnaverndar og vistunarúrræðum barnaverndar er sá að síðarnefndu úrræðunum, einkum heimilum eða stofnunum, er ætlað að tryggja stuðning við barn utan heimilis. Líkt og sjá má af upptalningunni í ákvæðinu eru vistunarúrræði mjög fjölbreytt og er tilgangur og markmiðið með beitingu þeirra misjafnt. Þá er rétt að geta þess að þrátt fyrir að með ákvæðinu sé lagt til að úrræðunum sé skipt upp eftir inntaki þeirrar þjónustu sem þar er veitt kemur ákvæðið ekki í veg fyrir það að fjölbreytt þjónusta sé veitt undir sama þaki. Þannig getur t.a.m. vel komið til greina að við uppbyggingu úrræða sé litið til þess að byggja upp vistunarúrræði í stigskiptum búsetukjarna og að í slíkum kjarna geti verið einingar þar sem mismunandi úrræði eru til staðar. Í a-lið 2. málsl. 1. mgr. er vísað til stuðningsfjölskyldu en með úrræðinu er átt við aðila sem taka á móti barni, eða eftir atvikum barni og foreldrum þess, á einkaheimili, einkum með það að markmiði að tryggja öryggi barnsins, létta álagi af barni og fjölskyldu þess og leiðbeina og styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Með vísan til þess að beiting úrræðisins felur það í sér að barn er vistað utan heimilis er talið rétt að skilgreina úrræðið sem vistunarúrræði. Fjallað er um úrræðið í 24. og 85. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í b-lið 2. málsl. 1. mgr. eru úrræði fyrir börn sem eru hér á landi án forsjáaraðila og fastrar búsetu tiltekin sem vistunarúrræði barnaverndar. Rekstur þessara úrræða hefur fallið undir 84. gr. barnaverndarlaga en þau ekki ávörpuð sérstaklega í gildandi lögum. Í ljósi sérreglna um þennan hóp í	hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða [og tekur [barnaverndarþjónusta] 1) þá við forsjá þess]. 2) [Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber [barnaverndarþjónustu] 1) eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarf barnsins fyrir frekari úrræði. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur ákveðið með samþykki ungmanns að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmanni getur skotið synjun [barnaverndarþjónustu], 1) um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 3)] 2) Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir [þjónustunni] 4) með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta. Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára [og býr hjá öðru foreldra sinna] 5) samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins. 1)L. 107/2021, 4. gr. 2)L. 80/2011, 13. gr. 3)L. 85/2015, 13. gr. 4)L. 107/2021, 9. gr. 5)L. 28/2021, 33. gr. 26. gr. Úrræði án samþykkis foreldra. [Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu, eða barnaverndarþjónusta hefur eftir atvikum komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur barnaverndarþjónusta farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið með úrskurði gegn vilja foreldra: a. kveði á um eftirlit með heimili,
---	--	--

	frumvarpinu er talið rétt að skilgreina þau sérstaklega sem eitt af vistunarúrræðum í barnavernd. Lögð er áhersla á að þetta eru tímabundin úrræði sem hægt er að nota fyrir börn sem ekki eru með fasta búsetu hér á landi um skamman tíma eftir að þau fá leyfi til dvalar og þar til þau fá ótímabundið vistunarúrræði eða sameinast fjölskyldu sinni. Í c-lið 2. málsl. 1. mgr. er að finna vísun til sérhæfðra úrræða fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir. Á grundvelli b-liðar 3. mgr. 7. gr gildandi barnaverndarlaga er Barna- og fjölskyldustofu heimilt að reka sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld. Eins og fjallað er um í X. kafla. og á öðrum stöðum í frumvarpinu er eitt af meginmarkmiðum þess að skýra stöðu barna með fjölþættar stuðningsþarfir. Með ákvæðinu er lagt til að sérhæfð úrræði fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir verði skilgreind sem barnaverndarúrræði en um nánari skilgreiningu á hópnum er vísað til X. Í d-lið 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að vistunarúrræðum barnaverndar tilheyri meðferðarúrræði. Ástæður þess að beita þarf meðferðarúrræðum geta verið margvíslegar en meðferðarúrræðum tilheyra m.a. úrræði sem er ætlað að styðja við börn vegna hegðunar- eða vímuefnavanda. Mikilvægt er að meðferð á meðferðarheimilum sé stýrt af fagaðilum með viðeigandi menntun og reynslu og að tryggt sé að meðferðin miði einkum að því að draga úr skaða eða áhættuhegðun, styðja við bataferli og félagslega aðlögun, eða að því að efla sjálfsmynd og virkni barns. Áhersla skal lögð á að meðferðin sé heildræn og taki mið af líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum og sé veitt í samvinnu við	b. gefi fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun, c. kveði á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins, d. kveði á um að samþætta skuli þjónustu í þágu farsældar barnsins, e. ákveði að ekki megí fara með barnið úr landi.] 1) Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. [Foreldrar geta skotið úrskurði til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 2)] 3) [Þegar kveðið hefur verið á um samþættingu þjónustu skv. d-lið 1. mgr. með úrskurði tekur barnaverndarþjónusta við hlutverki málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Að öðru leyti fer um samþættingu þjónustunnar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.] 1).
--	--	---

	foreldra og aðra lykilaðila í nærumhverfi barnsins. Meðferðarúrræðum geta tilheyrt úrræði þar sem veitt er grunnmeðferð og framhaldsmeðferð. Í e-lið 2. málsl. 1. mgr. er fjallað um úrræði fyrir börn í kjölfar meðferðar. Mikilvægt er að til staðar séu viðeigandi úrræði sem geta tekið við börnum í kjölfar þeirrar meðferðar sem veitt er í meðferðarúrræðum. Dæmi um úrræði sem gætu fallið hér undir eru stuðningsheimili þar sem börn, sem af einhverjum ástæðum geta ekki búið með forsjáðilum sínum, eða eru ekki tilbúin til þess að fara aftur heim til sín að meðferð lokinni, geta dvalið í tiltekinn tíma. Megináhersla úrræða sem undir ákvæðið falla er að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í meðferð, vinna áfram með virkni og samfélagsþátttöku. Í f-lið 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um það að vistunarúrræðum tilheyri úrræði sem veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Fjölbreytt úrræði sveitarfélaga geta fallið hér undir, þ.m.t. úrræði sem er ætlað að veita börnum móttöku á meðan á könnun stendur yfir og úrræði sem unnt er að styðjast við þegar þörf gerist á beitingu neyðarráðstafana. Þau úrræði sem talist geta til bráðaúrræða geta verið misjafnlega íþyngjandi en hér getur bæði verið um að ræða úrræði sem stafa af bráðum vanda barnsins sjálfs en einnig úrræði sem nauðsynlegt getur reynst að beita vegna tiltekinnar stöðu sem er til þess fallin að hafa afleiðingar fyrir barnið en stafar þó einkum af stöðu foreldra eða annarra aðila sem annast barnið. Í g-lið 2. málsl. 1. mgr. er neyðarvistun tiltekin sem vistunarúrræði barnaverndar. Eins og orðalagið gefur til kynna er neyðarvistun bráðaúrræði sem almennt verður ekki beitt nema þegar börn eru í alvarlegum vanda og er ætlað að stöðva óæskilega og/eða skaðlega hegðun barns, hlúa að barninu og	
--	--	--

	skapa tækifæri fyrir barnaverndarþjónustu og foreldra til að finna lausnir á ákveðnum vanda. Þar sem um afar sérhæft úrræði er að ræða er almennt gengið út frá því að neyðarvistun sé úrræði sem ávallt er á forræði ríkisins, sbr. x. gr. Líkt og gildir um vistunarúrræði almennt séð skal vistun barns í neyðarvistun aldrei standa lengur en þörf krefur og almennt verður að leggja áherslu á að fram fari stöðugt endurmat á þörf þess að vista barn í neyðarvistun. Með h-lið 2. málsl. 1. mgr. er lagt til að öryggisgæsla verði skilgreind sem vistunarúrræði. Hér undir falla úrræði fyrir börn sem hafa verið dæmd til þess að sæta vistun á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga. Í i-lið 2. málsl. 1. mgr. er síðan vísað til varanlegs og tímabundins fösturs. Lagt er til að úrræðin verði í frumvarpinu skilgreind sem vistunarúrræði þrátt fyrir að þau séu í eðli sínu ólík öðrum vistunarúrræðum. Af þeim sökum er því einnig lagt til að áfram verði fjallað um föstur í sérstökum kafla í löggjöfinni og um nánari umfjöllun um inntak úrræðanna vísast því til X. kafla greinargerðarinnar. Í 3. mgr. er markmiði vistunarúrræða lýst. Ákvæðið byggir á 1. mgr. 80. gr. gildandi barnaverndarlaga sem og almennum sjónarmiðum um rétt barna til þess að vera ekki skilin frá foreldrum sínum, nema þegar það er nauðsynlegt fyrir öryggi og líðan þeirra. Þessi réttur er m.a. verndaður í 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Orðalag ákvæðisins byggir á sömu meginreglum og eru settar fram í almennum ákvæðum laganna og lúta meðal annars að því að tryggja meðalhóf og að hagsmunir barns séu ávallt í fyrirrúmi. Í samræmi við markmið laganna ber barnaverndaryfirvöldum að styðja börn og fjölskyldur með stuðningsúrræðum áður en gripið er	
--	--	--

	til beitingar vistunarúrræða. Í ýmsum tilfellum kann þó að vera nauðsynlegt að vista barn utan heimilis, annað hvort til skemmri eða lengri tíma. Almennt verður þó að ganga út frá því að beiting slíkra úrræða sé tímabundin. Í 5. málsl. 3. mgr. er því kveðið á um það að vistun barns skuli aldrei standa lengur en nauðsyn krefur. Um er að ræða mikilvæga áréttingu á skyldu barnaverndaryfirvalda til að gæta meðalhófs. Þá er áréttað í 6. málsl. 3. mgr. að um val á vistunarúrræði fari skv. x. gr. Í 4. mgr. er fjallað um samþykki fyrir vistun utan heimilis. Lagt er til að halda í sama fyrirkomulag og er í gildandi barnaverndarlögum að horft er á vistun utan heimilis sem sérstaka ákvörðun, sem þarf samþykki foreldra og barns fyrir eða úrskurð skv. x. gr., en að nánar um val á vistunarúrræði sé í höndum barnaverndaryfirvalda sbr. niðurlag 3. mgr. Með 4. mgr. er ætlunin að fanga margar af efnisreglum 25. gr. gildandi barnaverndarlaga. Þar er fjallað um hvernig tilhögun samþykkis fyrir vistun utan heimilis er háttað, sbr. 1. og 4. mgr. 25. gr. barnaverndarlaga. Þá er fjallað um að sömu reglur gildi um það þegar barnaverndarþjónusta tekur við forsjá eða umsjá barns. Megin ástæða þess að framsetningu er breytt að þessu leyti frá eldri lögum er sú að gildissvið barnaverndarlaga nær nú til barna með fjölþættar stuðningsþarfir og því mikilvægt að skýrar sé greint á milli samþykkis um vistun utan heimilis og yfirfærslu umsjár eða forsjár til barnaverndarþjónustu. Um réttaráhrif þess að foreldrar afsali sér forsjá fer að öðru leyti skv. x. gr. Í 5. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um vistunarúrræði.	
29. gr. Úrskurður um stuðningsúrræði.		

Ef samþykki liggur ekki fyrir stuðningsúrræðum sem hagsmunir barns krefjast getur barnaverndarráð samkvæmt beiðni barnaverndarþjónustu: a. kveðið á um beitingu tiltekinna stuðningsúrræða og/eða eftirlit með framvindu þeirra, þ.m.t. á heimili, b. gefið fyrimæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun, c. kveðið á um að samþætta skuli þjónustu í þágu farsældar barnsins, d. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi. Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu vera tímabundnar og ekki standa lengur en þörf krefur, þó aldrei lengur en til tólf mánaða í senn. Aðilar geta skotið úrskurði skv. 1. mgr. til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í greininni er fjallað um farveg mála þegar ekki liggur fyrir samþykki fyrir stuðningsúrræðum á vegum barnaverndar. Eins og í gildandi barnaverndarlögum tekur barnaverndarþjónusta málið þá til meðferðar og leggur fyrir barnaverndarráð til úrskurðar um hvort heimilt sé að beita ráðstöfunum sem fjallað er um í greininni. Greinin á við þegar foreldrar og/eða barn eru ekki til samvinnu um úrræði. Hún getur líka átt við þegar stuðningsúrræði hafa ekki borið árangur, þau eru ófullnægjandi eða samþykki fyrir stuðningsúrræðum er afturkallað. Ákvörðun um ráðstöfun skv. greininni er íþyngjandi og getur eingöngu átt við ef hagsmunir barns krefjast þess. Greinin er að miklu leyti samhljóða 26. gr. gildandi barnaverndarlaga en framsetningu hefur verið breytt til samræmis við flokkun úrræða í stuðnings- og vistunarúrræði og aðrar breytingar á framsetningu kaflans. Í a-lið 1. mgr. er fjallað um að í úrskurði geti verið kveðið á um beitingu tiltekinna stuðningsúrræða. Ljóst er að ekki öll stuðningsúrræði koma hér til greina enda krefjast þau oft samvinnu barnaverndaryfirvalda við foreldra og/eða barn sem ekki er fyrir hendi þegar samþykki liggur ekki fyrir. Aftur á móti eru einhver úrræði sem þetta getur átt við um og er lögð til þessi framsetning til að tryggja innra samræmi og framvindu milli stuðningsáætlunargerðar og úrskurðarmála. Í a-lið 1. mgr. er jafnframt fjallað um eftirlit með framvindu stuðningsúrræða, þ.m.t. á heimili. Um er að ræða sambærilega reglu og nú er að finna í a-lið 1. mgr. 26. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í b-lið 1. mgr. er fjallað um heimild til að úrskurða um fyrimæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun. Ákvæðið er samhljóða b-lið 1. mgr. 26. gr. barnaverndarlaga.	26. gr. bvl. [Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu, eða barnaverndarþjónusta hefur eftir atvikum komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur barnaverndarþjónusta farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið með úrskurði gegn vilja foreldra: a. kveði á um eftirlit með heimili, b. gefi fyrimæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun, c. kveði á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins, d. kveði á um að samþætta skuli þjónustu í þágu farsældar barnsins, e. ákveði að ekki megi fara með barnið úr landi.] 1) Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. [Foreldrar geta skotið úrskurði til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 2)] 3) [Þegar kveðið hefur verið á um samþættingu þjónustu skv. d-lið 1. mgr. með úrskurði tekur barnaverndarþjónusta við hlutverki málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Að öðru leyti fer um samþættingu þjónustunnar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.] 1) 1)L. 107/2021, 17. gr. 2)L. 85/2015, 13. gr. 3)L. 80/2011, 14. gr.
--	---	---

	Í c-lið 1. mgr. er fjallað um heimild til að kveða á um að samþætta skuli þjónustu í þágu farsældar barnsins. Ákvæðið er samhljóða d-lið 1. mgr. 26. gr. barnaverndarlaga eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 107/2021. Lagt er til að það komi í stað c- og d-liðar 1. mgr. 26. gr. barnaverndarlaga, þ.e.a.s. að ekki lengur sé sérstakt ákvæði sem fjallar um heimild til að kveða á um að ákveðnir aðilar fái upplýsingar um líðan barns og meðferð mála, heldur að slík upplýsingamiðlun fari ávallt fram innan samþættingar þjónustu. Ákvæðinu er ætlað að kallast á við lokamálslið 25. gr. en af þeirri grein leiðir m.a. að barnaverndarþjónusta tekur við hlutverki málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ef úrskurðað er um samþættingu skv. þessari grein. Í d-lið 1. mgr. er fjallað um heimild til að úrskurða um að barn fari ekki úr landi. Ákvæðið er samhljóða e-lið 1. mgr. 26. gr. barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er regla sem kemur í stað 2. mgr. 26. gr. gildandi barnaverndarlaga. Af ákvæðinu leiðir að ráðstafanir skuli endurskoðaðar reglulega og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Í 3. mgr. er lagt til að hægt verði að skjóta úrskurðum samkvæmt þessari grein til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í 3. mgr. 26. gr. gildandi barnaverndarlaga er kæruaðild bundin við foreldra samkvæmt þessari grein en lagt er til að börn geti jafnframt átt kæruaðild í samræmi við önnur ákvæði laganna.	27. gr. [Úrskurður umdæmisráðs barnaverndar um vistun barns utan heimilis.]1) [Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarþjónusta farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri: a. kveði á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að fjóra mánuði, b. kveði á um töku barns af heimili í allt að fjóra mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í föstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.] 1) Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð [umdæmisráðs barnaverndar] 1) undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður [umdæmisráðs barnaverndar] 1) komi til framkvæmda. Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.
30. gr. Úrskurðir um vistun utan heimilis.		
Ef samþykki liggur ekki fyrir vistun utan heimilis og hagsmunir barns krefjast slíkrar vistunar getur barnaverndarráð samkvæmt beiðni barnaverndarþjónustu kveðið á um vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði.	Í greininni er fjallað um úrskurði barnaverndarráðs og dómstóla um vistun utan heimilis. Í greininni er fjallað um farveg mála þegar ekki liggur fyrir samþykki fyrir stuðningsúrræðum á vegum barnaverndar. Eins og í gildandi barnaverndarlögum	27. gr. bvl. [Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarþjónusta farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið með úrskurði

Aðilum er heimilt að bera úrskurð barnaverndarráðs skv. 1. mgr. undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður skv. 1. mgr. komi til framkvæmda. Ef barnaverndarþjónusta telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. 1. mgr. vari lengur en í fjóra mánuði getur barnaverndarráð veitt þjónustunni heimild til að gera kröfu um það fyrir dómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi sem úrskurður dómara er kveðinn upp. Ef fyrir liggur úrskurður barnaverndarráðs sem heimilar barnaverndarþjónustu að krefjast framlengingar vistunar eða forsjárvíptingar skv. X. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.	tekur barnaverndarþjónusta málið þá til meðferðar og leggur fyrir barnaverndarráð til úrskurðar um hvort heimilt sé að beita ráðstöfunum sem fjallað er um í greininni. Barnaverndarráð getur úrskurðað um vistun utan heimilis í allt að fjóra mánuði en ef vistun á að standa lengur en í fjóra mánuði er mælt fyrir um að dómstóll úrskurði um það. Greinin á einkum við þegar foreldrar og/eða barn eru ekki til samvinnu um vistun utan heimilis eða samþykki er afturkallað. Í 1. og 2. mgr. eru reglur sem eru nú í 27. gr. barnaverndarlaga. Í 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga er fjallað um úrskurði þar sem annars vegar er kveðið er á um töku barns af heimili og nauðsynlegar vistunarráðstafanir í allt að fjóra mánuði og hins vegar að kveðið sé á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að fjóra mánuði. Lagt er til í 1. mgr. að þessar reglur verði sameinaðar í eina og framsetning einfölduð, m.a. í ljósi breytinga sem eru lagðar til á flokkun vistunarúrræða. Er því lagt til að úrskurðað verði um vistun utan heimilis og barnaverndarþjónusta, í samræmi við x. gr., velji vistunarúrræði sem henti, en slíkt vistunarúrræði getur í einhverjum tilvikum falið í sér að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Í 2. mgr. eru reglur sem eru efnislega sambærilegar 2. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga sem fjalla um hvernig unnt er að bera úrskurð um vistun utan heimilis undir barnaverndarráð. Eins og í gildandi barnaverndarlögum eru það foreldrar og barn 15 ára og eldri sem geta borið mál undir dómstóla. Um meðferð mála fyrir dómi gildi x. kafli. Í 3. mgr. eru reglur sem nú eru í 28. gr. barnaverndarlaga. Í 1. mgr. kemur fram að ef barnaverndarþjónusta telur nauðsynlegt að vistun utan heimilis standi lengur en í fjóra mánuði getur	gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri: a. kveði á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að fjóra mánuði, b. kveði á um töku barns af heimili í allt að fjóra mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í föstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.] 1) Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð [umdæmisráðs barnaverndar] 1) undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður [umdæmisráðs barnaverndar] 1) komi til framkvæmda. Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla. 28. gr. bvl. [Ef barnaverndarþjónusta telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal hún, að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar, gera kröfu um það fyrir héraðsdómi.] 1) [Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp.] 2) [[Ef fyrir liggur úrskurður umdæmisráðs barnaverndar sem heimilar barnaverndarþjónustu að krefjast] 1) framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr. eða forsjárvíptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.] 2) Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.
--	---	--

	þjónustan, að fengnum úrskurði barnaverndarráðs, krafist þess fyrir dómi. Ákvæðið er í öllum meginatriðum samhljóða 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga.	
31. gr. Forsjársvipting.		
Ef barnaverndarþjónusta telur fullvíst að markmiðum laganna verði ekki náð með öðru og vægara móti getur barnaverndarráð veitt þjónustunni heimild til að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur: a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri barns og þroska, b. að veiku eða fötluðu barni sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla, c. að barn sé beitt hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi á heimili, d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána. Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.	Í greininni er fjallað um forsjársviptingu. Í 1. mgr. er kveðið á um það að barnaverndarþjónustu sé heimilt, að fengnum úrskurði barnaverndarráðs, að krefjast forsjársviptingar. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 1. og 2. mgr. 29. gr. gildandi barnaverndarlaga en með frumvarpinu eru þó gerðar afmarkaðar orðalagsbreytingar og einnig er lagt til að ákvæðin verði sameinuð í eitt ákvæði. Þær breytingar sem gerðar eru á orðalagi ákvæðisins miða að því að uppfæra hugtakanotkun og orðaval í samræmi við samfélagslega þróun og fela ekki í sér efnislegar breytingar frá gildandi barnaverndarlögum um þær aðstæður sem barnaverndarþjónustu er heimilt að krefjast forsjársviptingar. Um meðferð mála fyrir dómi fer skv. x. kafla. Í 2. mgr. er lagt til að fjallað verði um aðild foreldra sem sviptir hafa verið forsjá í greininni. Ákvæðið er að finna í 3. mgr. 33. gr. gildandi barnaverndarlaga og er lagt til að það verði tekið óbreytt upp. Í ákvæðinu er byggt á þeirri reglu að foreldri sem svipt hefur verið forsjá hafi ekki lengur rétt til íhlutunar um málefni barns og eigi ekki aðild að ákvörðunum um frekari ráðstafanir í þágu þess. Í þessu felst m.a. að foreldri á ekki skilyrðislausan rétt til að fá upplýsingar um ráðstafanir eða til aðgangs að gögnum. Í samræmi við þetta byggir ákvæðið á því að foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eigi ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um	29. gr. bvl. [Barnaverndarþjónustu, að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar], 1) er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur: a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska, b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla, c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu, d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða. Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

	úrræði því til handa, að undanskildum málum sem varða ákvörðun um umgengnisrétt.	
32. gr. Forsjá barnaverndarþjónustu og skipan lögráðamanns.		
Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarþjónustu að svo stöddu. Barnaverndarþjónusta skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarþjónusta getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins. Barnaverndarþjónusta tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.	Í greininni er kveðið á um skipan lögráðamanns og forsjá barnaverndarþjónustu og er greinin efnislega samhljóða 32. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 1. mgr. kemur fram að hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfi forsjá þess til barnaverndarþjónustu. Miðað er við að barnaverndarþjónusta fari með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Þá getur barnaverndarþjónusta enn fremur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða fjárhaldsmaður ef það er talið í þágu hagsmuna barnsins. Um forsjá barna sem er ráðstafað í fóstur fer samkvæmt ákvæðum X. kafla. Í 2. mgr. er tekið fram að barnaverndarþjónusta taki forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr. Hér er t.d. átt við ef barn verður forsjárlaust vegna andláts foreldra.	32. gr. bvl. Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til [barnaverndarþjónustu] 1) að svo stöddu. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins. [Barnaverndarþjónusta] 1) tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.
33. gr. Réttarstaða foreldris sem fer ekki með forsjá barns.		
Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. x. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um vistun barns utan heimilis skv. x. gr., eða forsjársvipting á sér stað skv. x. gr. skal barnaverndarþjónusta kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur eftir því sem við á. Barnaverndarþjónusta er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins foreldrisins. Í þeim	Greinin fjallar um réttarstöðu foreldris sem fer ekki með forsjá barns og er samhljóða 67. gr. a gildandi barnaverndarlaga. Lagt er til að greinin verði tekin óbreytt upp nema gerðar hafa verið minni háttar breytingar á vísunum í aðrar greinar frumvarpsins.	67. gr. a. bvl. Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. 25. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., eða forsjársvipting á sér stað skv. 29. gr. skal [barnaverndarþjónusta] 1) kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur eftir því sem við á.

tilvikum metur barnaverndarþjónustan hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr. Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarþjónusta ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns.		[Barnaverndarþjónustu] 1) er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins foreldrisins. Í þeim tilvikum metur [barnaverndarþjónustan] 1) hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr. Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal [barnaverndarþjónusta] 1) ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns.] 2)
34. gr. Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.		
Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. x. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um vistun barns utan heimilis skv. x. gr. skal barnaverndarþjónusta kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarþjónusta hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef barnaverndarþjónusta telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til úrskurðarnefndar velferðarmála. Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. x. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. x. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins.	Í greininni er kveðið á um réttarstöðu foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða og er ákvæðið efnislega samhljóða 67. gr. b gildandi barnaverndarlaga nema gerðar hafa verið minni háttar breytingar á vísunum í aðrar greinar frumvarpsins.	67. gr. b. bvl. Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. skal [barnaverndarþjónusta] 1) kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur [barnaverndarþjónusta] 1) hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef [barnaverndarþjónusta] 1) telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 2) Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.] 3)
35. gr. Réttarstaða þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns.		
Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga og annað foreldra afsalar sér umsjá barns skv. x. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um vistun barns utan heimilis annars	Greinin fjallar um réttarstöðuna þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns og er samhljóða 67. gr. c gildandi barnaverndarlaga nema gerðar hafa verið minni háttar breytingar á vísunum í aðrar greinar frumvarpsins.	67. gr. c. bvl. Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga og annað foreldra afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan

foreldris skv. x. gr. fer hitt foreldrið áfram með umsjá barnsins. Ef annað foreldra afsalar sér forsjá skv. x. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. x. gr. fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins og fellur skipt búseta samkvæmt barnalögum varanlega niður.		heimilis annars foreldris skv. 27. eða 28. gr. fer hitt foreldrið áfram með umsjá barnsins. Ef annað foreldra afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins og fellur skipt búseta samkvæmt barnalögum varanlega niður. Um réttindi barnsins fer skv. 70. gr.] 1)
36. gr. Réttarstaða við andlát forsjáforeldra.		
Barnaverndarþjónustu sem tekur við forsjá barns vegna andláts forsjáraðila er heimilt, ef hún telur hagsmunum barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá barns til þess eða þeirra sem forsjáforeldrar hafa ákveðið, í samræmi við ákvæði barnalaga, að fara skuli með forsjá barns að þeim látnum.	Greinin er nýmæli og fjallar um réttarstöðu við andlát forsjáraðila. Lagt er til að kveðið verði sérstaklega á um heimild barnaverndarþjónustu til að afsala forsjá barns til þess eða þeirra sem forsjáforeldrar hafa ákveðið að fara skuli með forsjá barns að þeim látnum í samræmi við ákvæði barnalaga. Fjallað er um forsjá við andlát forsjáforeldris í 30. gr. gildandi barnalaga, nr. 76/2003. Núgildandi barnaverndarlög gera í reynd ekki ráð fyrir öðrum möguleika en ráðstöfun barns í föstur við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu og er því lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt barnaverndarþjónustu til að afsala forsjá barns að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Rétt er að taka fram að ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir ráðstöfun barns í föstur.	Nýtt.
37. gr. Val á vistunarúrræði.		
Barnaverndarþjónusta, eftir atvikum í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, velur vistunarúrræði sem best er talið henta þörfum barns hverju sinni. Heimili sem barn er tengt tilfinningalegum böndum skal ganga fyrir um vistun uppfylli það skilyrði laganna að öðru leyti. Barnaverndarþjónusta sendir Barna- og fjölskyldustofu beiðni um vistun barns í vistunarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Stofan metur umsóknina og tekur ákvörðun í samráði við þjónustuna um vistun, þar á meðal	Í greininni er fjallað um val á vistunarúrræði þegar ákveðið hefur verið, annað hvort með samþykki eða úrskurði, að barn skuli vistað utan heimilis. Ákvæðið kemur í stað 80. gr. gildandi barnaverndarlaga og eru lagðar til lítils háttar breytingar frá því. Í 1. mgr. er áréttuð sú almenna regla að val á vistunarúrræði skuli taka mið af því sem best er talið henta þörfum barns hverju sinni. Þá er áréttað að heimili sem barn tengist tilfinningalegum böndum gangi fyrir um vistun. Er	29. gr. bvl. [Barnaverndarþjónustu, að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar], 1) er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur: a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska, b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,

hvaða vistunarúrræði hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Í sérstökum tilvikum getur barnaverndarþjónusta snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari fyrirmælum Barna- og fjölskyldustofu. Um val á fösturfjölskyldu fer skv. x. gr. Barn getur þó aldrei verið vistað í sérhæft úrræði fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir nema að undangengnum úrskurði barnaverndarráðs, sbr. x. gr.	um að ræða einföldun á orðlagi frá reglum 1. mgr. 80. gr. Í 2. mgr. er fjallað um farveg mála þegar barnaverndarþjónusta vill fá aðgang að vistunarúrræðum Barna- og fjölskyldustofu fyrir barn. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 2. mgr. 80. gr. gildandi barnaverndarlaga en orðalag hefur verið einfaldað. Í 3. mgr. er áréttað að sérstakar reglur gilda um val á fösturfjölskyldu en x. kafli fjallar um föstur. Í 4. mgr. er áréttað að reglum um val á vistunarúrræðum eru settar skorður þegar kemur að þeim hópi barna sem telst með fjölþættar stuðningsþarfir, eins og nánar er fjallað um x. gr.	c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu, d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hættu búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða. Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.
38. gr. Úrskurður um vistun barns með fjölþættar stuðningsþarfir.		
Ef barnaverndarþjónusta telur að það sé barni fyrir bestu að vera vistað utan heimilis vegna fjölþættra stuðningsþarfa, sbr. x-lið x. gr., getur hún farið fram á úrskurð barnaverndarráðs um að vista megi barnið í slík úrræði. Áður þarf mál barnsins að hafa verið lagt í farveg skv. IV. kafla. Ráðherra setur reglugerð um meðferð mála samkvæmt þessari grein, þ.m.t. nánar um skilgreiningu á því hvenær barn telst með fjölþættar stuðningsþarfir.	Í greininni er fjallað um sérstakan farveg mála barna með fjölþættar stuðningsþarfir en eins og áður hefur komið fram hefur verið gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að ríki taki yfir ábyrgð á vistun þessara barna utan heimilis. Lengi hefur verið um það deilt hvort þessi hópur barna eigi að njóta réttinda samkvæmt barnaverndarlögum eða innan þjónustukerfis fatlaðs fólks. Með lögum nr. 38/2018 var málum þessara barna markaður sérstakur farvegur innan þjónustukerfis við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þar var sett á fót óháð sérfræðingateymi sem hefur það hlutverk að veita sveitarfélögum rágjöf um hvernig þjónustu sé best háttáð við börn fjölþættan vanda eða börn sem vegna fötlunar sinnar þurfi annars konar og meiri þjónustu en unnt sé að veita á heimili fjölskyldna þeirra. Þótt sérfræðingateymið hafi falið í sér réttarbót fyrir þennan hóp barna vantar enn upp á að ýmis réttindi, sem tryggð eru í barnaverndarlögum, eigi við um þennan hóp. Þar á meðal er aðild að	Nýtt.

	málum fyrir börn 15 ára og eldri og réttur til talsmanns. Þá er ljóst að fjölbreytt úrræði innan barnaverndarkerfisins geta nýst þessum börnum og því mikilvægt að rýni á gagnsemi og árangur þeirra úrræða Í greininni er því lagt til að skýrt verði tekið fram að mál þessara barna verði unnin á grundvelli barnaverndarlaga. Áður en barn er vistað utan heimilis vegna fjölþættra stuðningsþarfa þarf því að hafa farið fram meðferð máls barnsins á grundvelli IV. kafla, þ.e. að barnaverndarþjónusta þarf að fara í gegn um könnunarferil og vinna stuðningsáætlun á grundvelli barnaverndarlaga áður en til vistunar kemur. Almenn er gert ráð fyrir að vistun þessa hóps barna utan heimilis fari fram með samþykki. Ef samþykki liggur ekki fyrir fer barnaverndarþjónusta með málið í samræmi við farveg x. gr. Til viðbótar við hefðbundna meðferð barnaverndarmáls barnsins er í 1. mgr. lagt til að barnaverndarráð taki sérstaka ákvörðun um heimild til að vista barn utan heimilis vegna fjölþættra stuðningsþarfa. Felur frumvarpið því í reynd í sér að sérfræðingateymið, sem starfar á grundvelli laga nr. 38/2018, rennur inn í barnaverndarráð og heldur áfram því hlutverki sínu að fjalla um hvernig þjónustu við þennan hóp barna er best háttað. Ástæða þessa sérstaka fyrirkomulags er sú að vistun þessa hóps barna er oft í lengri tíma og mikilvægt að ekki séu teknar ákvarðanir um svo langa vistun utan heimilis án þess að fram fari sérstök rýni á hvort nauðsynlegt er að vista barn í slíku úrræði. Meðferð þessara mála fyrir barnaverndarráði eru að mörgu leyti ólík hefðbundnum barnaverndarmálum enda, eins og áður segir, er almennt gert ráð fyrir að þessi vistun fari fram á grundvelli samþykkis. Getur barnaverndarráðið í þessum málum því ekki treyst	
--	--	--

	með sama hætti á að gagnstæð sjónarmið sem varða barnið komi fram frá aðilum og eru því lagðar ríkar skyldur á ráðið að tryggja að barnaverndarþjónusta leggi fram fullnægjandi upplýsingar í málinu. Þó er rétt að árétta að ef jafnframt þarf að úrskurða um vistun barns utan heimilis er rétt að barnaverndarráðið taki bæði málin fyrir á sama tíma. Í 2. mgr. er fjallað um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir. Þar sem farvegur þessara mála er nýmæli er talið mikilvægt að sett verði reglugerð, m.a. með nánari skilgreiningu á því hvaða hópur barna fellur undir greinina.	
39. gr. Stuðnings- og vistunarúrræði eftir 18 ára aldur.		
Áður en barn, sem nýtur þjónustu skv. lögum þessum, nær 18 ára aldri ber barnaverndarþjónustu að upplýsa þá sem starfa við félagsþjónustu innan sveitarfélagsins um það. Ber sveitarfélaginu þá skylda til að meta stuðningsþarfir á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og veita þjónustu á grundvelli laganna. Leitast skal við að tryggja samfellu í þjónustu inn á fullorðinsaldur. Ef vistun utan heimilis varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarþjónustu eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari vistunarúrræði. Barnaverndarþjónusta getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun barnaverndarþjónustu, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í 1. mgr. er fjallað um meðferð mála barnaverndarþjónustu þegar barn nær fullorðinsaldri. Í gildandi barnaverndarlögum er að finna ákvæði sem heimilar barnaverndaryfirvöldum að ákveða, með samþykki ungmennis, að tilteknar ráðstafanir á grundvelli laganna haldist eftir að barn nær 18 ára aldri og allt fram að því að einstaklingur nær 20 ára aldri. Í framkvæmd hefur ákvæðinu einkum verið beitt við framlengingu fósturráðstafana, sbr. jafnframt 2. mgr. Í samráðsferli við undirbúning frumvarpsins komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi stuðning barnaverndaryfirvalda við einstaklinga eftir að þeir ná fullorðinsaldri og að ákvörðun um slíkan stuðning væri ekki bundin við tiltekin aldursmörk. Var þar einkum horft til þess hvort breyta ætti lögum til að unnt væri að framlengja fleiri barnaverndarráðstafanir eftir 18 ára aldur og lengur en til 20 ára. Við vinnslu frumvarpsins var þessi valkostur rýndur en niðurstaðan varð sú að erfitt væri að nota sama lagaramma um stuðning eftir 18 ára aldur, þar sem	2. mgr. 25. gr. bvl. Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða [og tekur [barnaverndarþjónusta] 1) þá við forsjá þess]. 2) [Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber [barnaverndarþjónusta] 1) eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari úrræði. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun [barnaverndarþjónustu], 1) um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 3)] 2)

	börn eiga lögum samkvæmt rétt á aukinni vernd og stuðningi umfram fullorðna einstaklinga, sem teljast sjálfráða í skilningi laga. Um rétt fullorðinna einstaklinga til stuðnings og þjónustu hins opinbera gilda aftur á móti aðrir lagabálkar, þ.m.t. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Til að koma til móts við þessi sjónarmið er lagt til að lögfest verði skylda sveitarfélaga til að leggja mat á stuðningsþarfir barns, sem notið hefur barnaverndarþjónustu, við fullorðinsaldur þar sem horft verið til samfellu í þjónustu. Í ákvæðinu felst það nýmæli að mæla fyrir um þennan farveg mála en í því felast ekki efnisreglur um ríkari rétt til félagsþjónustu. Standa vonir til þess að með þessu verklagi verði komið til móts við framangreind sjónarmið. Í 2. mgr. er svo að finna sömu reglu og nú er í 2. mgr. 25. gr. gildandi barnaverndarlaga um framlengingu vísunarúrræða frá 18 til 20 ára.	
40. gr. Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.		
Ef barnaverndarþjónustu þykir heilsu eða lífi ófæddis barns stefnt í hættu eða barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, skal barnaverndarþjónusta setja fram beiðni til lögreglu um að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn eða barnshafandi einstakling. Enn fremur er með sama hætti skylt að setja fram beiðni til lögreglu um að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef þjónustan telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns eða barnshafandi einstaklings. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.	Greinin fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann og er samhljóða 37. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og greininni var breytt með lögum nr. 107/2021.	37. gr. bvl. Ef [barnaverndarþjónustu] 1) þykir [heilsu eða lífi ófæddis barns stefnt í hættu eða] 2) barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, [skal barnaverndarþjónusta setja fram beiðni til lögreglu um] 3) að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn [eða [barnshafandi einstakling] 3)]. 2) Enn fremur er með sama hætti [skylt að setja fram beiðni til lögreglu um] 3) að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef [þjónustan] 4) telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns [eða [barnshafandi einstaklings] 3)]. 2) Um málsmeðferð gilda að öðru

		leyti ákvæði laga ... 5) um nálgunarbann [og brottvísun af heimili]. 6)
41. gr. Úrræði og ráðstafanir vegna ófæddra barna.		
Ef könnun leiðir í ljós að lífi, heilsu eða þroska ófædds barns er stefnt í alvarlega hættu vegna líferniss, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess skal barnaverndarþjónusta beita úrræðum laga þessara í samráði við hina verðandi foreldra. Stefni barnshafandi einstaklingur heilsu og/eða lífi ófædds barns í hættu með líferni sínu eða háttsemi og brýn þörf stendur til, enda hafi vægari úrræði verið fullreynd, getur barnaverndarþjónusta sett fram kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis hins barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga..	Í greininni er fjallað um úrræði vegna ófæddra barna. Greinin er tekin óbreytt upp úr 30. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 107/2021. Greininni er ætlað að koma í veg fyrir að barnshafandi einstaklingur geta valdið ófæddu barni skaða með líferni sínu, háttsemi eða aðstæðum, meðal annars vegna þeirra hættu sem getur fylgt misnotkun vímuefna fyrir fóstur. Markmiðið er að vernda ófædd börn og á greinin því við um einstaklinga á meðan þeir eru barnshafandi. Greinin á við á öllum stigum meðgöngu meðal annars vegna þeirrar hættu á fósturgöllum sem fylgir lyfjanotkun á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Rétt er að taka fram að greinin hefur ekki áhrif á rétt barnshafandi einstaklinga til þungunarrofs og gert ráð fyrir að sjálfræðissvipting falli sjálfkrafa úr gildi við þungunarrof eða fæðingu. Tekið er fram að vægari úrræði séu fullreynd og brýn þörf fyrir beitingu þessa úrræðis.	30. gr. bvl. Ef könnun leiðir í ljós að lífi, heilsu eða þroska ófædds barns er stefnt í alvarlega hættu vegna líferniss, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess skal barnaverndarþjónusta beita úrræðum laga þessara í samráði við hina verðandi foreldra. Stefni barnshafandi einstaklingur heilsu og/eða lífi ófædds barns í hættu með líferni sínu eða háttsemi og brýn þörf stendur til, enda hafi vægari úrræði verið fullreynd, getur barnaverndarþjónusta sett fram kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis hins barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.] 1)
42. gr. Neyðarráðstafanir.		
Ef könnun leiðir í ljós að lífi, heilsu eða þroska ófædds barns er stefnt í alvarlega hættu vegna líferniss, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess skal barnaverndarþjónusta beita úrræðum laga þessara í samráði við hina verðandi foreldra. Stefni barnshafandi einstaklingur heilsu og/eða lífi ófædds barns í hættu með líferni sínu eða háttsemi og brýn þörf stendur til, enda hafi vægari úrræði verið fullreynd, getur barnaverndarþjónusta sett fram kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis hins barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.	Í greininni er að finna ákvæði um neyðarráðstafanir barnaverndarþjónustu og er ákvæðið að mestu samhljóða ákvæði 31. gr. gildandi barnaverndarlaga en þó eru lagðar til afmarkaðar breytingar til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu. Þær ákvarðanir sem undir ákvæði 1. mgr. falla eru meðal annars ráðstafanir sem fela í sér töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess á stað þar sem það er. Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að það felur í sér undantekningu frá almennum reglum laganna og verður því ekki beitt nema nauðsyn standi til. Í 2.	31. gr. bvl. [Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun getur starfsfólk barnaverndarþjónustu sem fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.] 1) [Barnaverndarþjónusta skal án tafar taka málið til meðferðar. Innan 14 daga frá því að ákvörðun um neyðarráðstöfun var tekin skal taka ákvörðun eða kveða upp úrskurð, eftir atvikum með aðkomu umdæmisráðs barnaverndar, um áframhaldandi ráðstöfun, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1.

	mgr. er fjallað um það hvernig fer um framhald málsins í kjölfar þess að ákvörðun um beitingu neyðarráðstöfunar er tekin. Barnaverndarþjónusta ber að taka mál til meðferðar án tafar. Til greina kemur að samkomulag náist við foreldra og eftir atvikum barn sem orðið er 15 ára um áframhaldandi ráðstöfun og í þeim tilvikum er ekki gert ráð fyrir að kveða þurfi upp úrskurð. Ef barnaverndarþjónusta telur hins vegar þörf á áframhaldandi ráðstöfun, en samþykki aðila liggur ekki fyrir, verður að kveða upp úrskurð innan 14 daga. Þá leiðir af ákvæðinu að liggi úrskurður um áframhaldandi ráðstöfun ekki fyrir innan frestsins fellur hún úr gildi. Á grundvelli 3. mgr. er starfsfólki barnaverndarþjónustu heimilt að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.	mgr. úr gildi.] 1) Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla. Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.
43. gr. Endurskoðun ráðstafana.		
Ráðstafanir skv. 1. mgr. X. gr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir beitingu úrræða skv. X. gr. getur barnaverndarþjónusta gripið til ráðstafana skv. x., y., z. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt. Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. X. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. X. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarþjónustu, foreldri sem fer með forsjá skv. x. gr. eða x. gr. og fösturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.	Greinin fjallar um endurskoðun ráðstafana og byggir að meginsteftu til á 34. gr. gildandi barnaverndarlaga.	34. gr. Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur [barnaverndarþjónusta] 1) gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt. Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert [kröfu á hendur [barnaverndarþjónustu], 1) foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a eða 67. gr. b og fösturforeldrum], 2) ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju. Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna,

Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.		raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi. Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið. Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.
---	--	---

VI. Réttindi og skyldur í vistunarúrræðum.

44. gr. Gildissvið.		
Ákvæði VI. kafla gilda um vistun utan heimilis í vistunarúrræðum skv. x. gr. nema ákvæði x. til x. sem gilda eingöngu um vistun í vaktskiptum sólarhringsúrræðum skv. x. -lið x. gr. Um réttindi og skyldur í fóstri gildir x. kafli.	Í greininni er lagt til að gildissvið kaflans sé skýrt skilgreint. Annars vegar er ætlunin að skýra hvaða greinar fjalla almennt um vistunarúrræði og hins vegar hvaða greinar fjalla um vistun í vaktskiptum sólarhringsúrræðum. Og hins vegar til að aðskilja reglur um beitingu vistunúrræða og reglur um föstur. Eins og fjallað var um í skýringum við x. gr. eru reglur um föstur eðlisólíkar reglum sem gilda um vistun í öðrum vistunarúrræðum og mikilvægt að ekki vakni vafi um gildissvið að þessu leyti. Lagt er til að í kaflanum verði fjallað um réttindi barna, húsreglur og beitingu þvingunar í vistunarúrræðum sem eru vaktskipt sólarhringsúrræði á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga skv. X. gr., eða annarra aðila sem reka slík úrræði á grundvelli samnings við ríki eða sveitarfélög, sbr. x. gr. Um er að ræða nýjar reglur sem leysa af hólmi 82. gr. núgildandi laga, um réttindi barns og beitingu þvingunar, en sem fyrr segir hefur umboðsmaður Alþingis gert athugasemdir við að þvingunarheimildir samkvæmt ákvæðinu séu ekki nægilega skýrar. Þannig sé t.a.m. í ákvæðinu fjallað um þvingunarráðstafanir og alvarleg agaviðurlög en þau hugtök ekki skilgreind nánar. Kaflanum er því ekki ætlað að fela í sér verulegar efnislegar breytingar, frá því sem nú er, á þvingunarheimildum	Nýtt

	stofnana og heimila skv. X. gr. heldur að skýra nánar þessar heimildir og skyldur þeim tengdum og búa þeim viðhlítandi umgjörð í lögum.	
45. gr. Undirbúningur vistunar.		
Barnaverndarþjónusta skal undirbúa barn undir vistun og viðskilnað frá foreldrum sínum. Barnaverndarþjónusta sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns. Þá skal gæta þess að í samningi um vistun og/eða stuðningsáætlun komi fram hvernig fer með umsjá eða forsjá barns.	Í greininni er fjallað um undirbúning vistunar barns í vistunarúrræði. Í 1. til 3. málsl. er kveðið á um skyldu barnaverndarþjónustu til að undirbúa barn undir vistun og viðskilnað frá foreldrum sínum, um stuðning við barn og foreldra á meðan á vistun stendur og vistunarsamning. Að þessu leyti er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 80. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 4. málsl. er regla sem kemur í stað 1. mgr. 33. gr. gildandi barnaverndarlaga. Lagt er til að ekki verði lengur gerð krafa til barnaverndarþjónustu að vinna áætlun um trygga umsjá barns en í samráði kom fram að mikilvægt væri að áætlanir sem ávarpa umsjá og forsjá séu samræmdar og samþættar öðrum áætlunum um stuðning við barnið..	80. gr. bvl. Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal [barnaverndarþjónusta] 1) reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. [Heimili sem barn er tengt tilfinningalegum tengslum skal ganga fyrir um vistun uppfylli það skilyrði laganna að öðru leyti og ef talið er barni fyrir bestu að vistast þar.] 2) [Barnaverndarþjónusta] 1) skal senda beiðni um vistun barns til [Barna- og fjölskyldustofu] 3) sem metur og tekur ákvörðun í samráði við [þjónustuna] 4) um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Í sérstökum tilvikum getur [barnaverndarþjónusta] 1) snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum [Barna- og fjölskyldustofu]. 3) [Barnaverndarþjónusta] 1) ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. [Barnaverndarþjónusta] 1) sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. ... 2) Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns. Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber [barnaverndarþjónusta] 1) að finna barni

		stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði. Ráðherra [er heimilt að setja reglugerð] 5) um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úrræði, [samninga um vistun barns og skyldur [barnaverndarþjónustna] 1)]. 2) 33. gr. bvl. 33. gr. Umsjá barns sem vistast utan heimilis. Þegar [barnaverndarþjónusta] 1) hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir. [Jafnframt skal samþætta þjónustu í þágu farsældar barnsins óháð afstöðu foreldra. Barnaverndarþjónusta tekur þá við hlutverki málstjóra. Að öðru leyti fer um samþættingu samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.] 2) Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni. Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt. [Val [barnaverndarþjónustu] 1) á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. er ekki kæránlegt til [úrskurðarnefndar velferðarmála] 3) eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b.] 4)
--	--	--

46. gr. Réttur til umgengni.

Barn sem vistað er í vistunarúrræði á rétt til umgengni við foreldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Foreldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni. Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarþjónusta leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda í úrræðinu. Barnaverndarþjónusta leysir ágreiningsefni er varða umgengni foreldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarþjónustu, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur þjónustan tekið ákvörðun um að foreldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarþjónusta getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef það telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarþjónusta ákvörðun um breytingu á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarþjónusta endurskoði fyrri ákvörðun um umgengnisrétt.	Í greininni er fjallað um umgengni við barn sem er vistað í vistunarúrræðum á grundvelli laganna. Sambærileg ákvæði er að finna í 81. gr. og 4. mgr. 84. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í gildandi lögum er fjallað um ítarlegum hætti um rétt barns sem vistað er á heimili eða stofnun á ábyrgð ríkisins í ákvæði 81. gr. laganna. Í 4. mgr. 84. gr. gildandi laga er síðan tekið fram að ákvæðið eigi, eftir því sem við, á einnig við um rétt barna sem vistuð eru á heimili eða öðrum úrræðum á ábyrgð sveitarfélaga. Rétt þykir að fjallað verði um rétt barns til umgengni með heilstæðum hætti í lögunum og að ekki verði gerður greinarmunur á því hvort barnið sé vistað í úrræði á vegum ríkis eða sveitarfélags. Ákvæði 1. til 3. mgr. eru efnislega samhljóða ákvæðum 1. til 3. mgr. 81. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 4. mgr. er lagt til að barnaverndarþjónustu verði falið að leysa ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra og aðra nákomna og eftir atvikum taka ákvörðun um að foreldri, eða aðrir sem telja sig nákomna barninu, skuli ekki njóta umgengnisréttar. Í gildandi barnaverndarlögum er kveðið á um það að umdæmisráð úrskurði um slík ágreiningsefni. Í framkvæmd hefur ferlið reynst þungt í vöfum og þykir því rétt að leggja til að fela barnaverndarþjónustu aukið vald að þessu leyti. Í 5. mgr. er kveðið á um það að þeir sem umgengni eigi að rækja geti óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu er með nügildandi lögum gert ráð fyrir því að umdæmisráð taki ákvörðun um breytingar á samningi með úrskurði. Með frumvarpinu er lagt til að slíkt ákvörðunarvald verði einnig fært til barnaverndarþjónustu í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til á greininni.	81. gr. bvl. Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við [foreldra] 1) og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. [Foreldrar] 1) eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni. Við gerð vistunarsamnings skal [barnaverndarþjónusta] 2) leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun. [Umdæmisráð barnaverndar] 3) á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni [foreldra] 1) og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati [Umdæmisráðs barnaverndar], 3) að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur [ráðið] 3) úrskurðað að [foreldri] 1) skuli ekki njóta umgengnisréttar. [Umdæmisráð barnaverndar] 3) getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef [það] 3) telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur [Umdæmisráð barnaverndar] 3) ákvörðun með úrskurði.
--	---	---

Leita skal umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en tekin er ákvörðun um umgengni. Barnaverndarþjónusta getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart foreldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Ákvörðun barnaverndarþjónustu um umgengni samkvæmt þessari grein er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í 6. mgr. er fjallað um endurskoðun fyrri ákvörðunar barnaverndarþjónustu um umgengni. Í ákvæði 6. mgr. 81. gr. gildandi barnaverndarlaga er kveðið á um þennan rétt en þar er verkefnið falið umdæmisráði barnaverndar. Í samræmi við aðrar breytingar er lagt til að barnaverndarþjónustu verði falin slík endurskoðun. Í 7. mgr. er kveðið á um að leita skuli umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en tekin er ákvörðun um umgengni og er ákvæðið efnislega samhljóða ákvæði 7. mgr. 81. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 8. mgr. er kveðið á um ákvörðun barnaverndarþjónustu um að halda dvalarstað barns leyndum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Í ákvæði 8. mgr. 81. gr. gildandi barnaverndarlaga er kveðið á um úrskurð umdæmisráðs en í samræmi við aðrar breytingar er lagt til að ákvörðunarvaldið um að halda dvalarstað barns leyndum verði fært til barnaverndarþjónustu. Loks er í 9. mgr. tekið fram að ákvörðun barnaverndarverndarþjónustu samkvæmt greininni sé kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að [Umdæmisráð barnaverndar] 3) endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. [Umdæmisráði barnaverndar] 3) er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður [Umdæmisráðs barnaverndar] 3) eða [úrskurðarnefndar velferðarmála] 4) var kveðinn upp. [Leita skal] 3) umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni. [Umdæmisráð barnaverndar] 3) getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart [foreldrum], 1) ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæránlegir til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 4)
47. gr. Réttur barns til heilbrigðisþjónustu. Barn sem vistað er í vistunarúrræði skal hafa aðgang að menntun samkvæmt lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Að höfðu samráði við Barna- og fjölskyldustofu eða hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu er sveitarfélagi, þar sem barnið á lögheimili, skylt að sjá til þess að barn á skólaskyldualdri njóti skólavistar í samræmi við lög um grunnskóla. Í stuðningsáætlun og/eða í sérstakri einstaklingsnámskrá skal gera grein fyrir skólasókn barns sem vistað er í vistunarúrræði.	Í greininni er fjallað um menntun fyrir börn í vistunarúrræðum. Nýmæli er að mælt sé fyrir um menntun barna í vistunarúrræðum í lögum en í 3. mgr. 75. gr. gildandi barnaverndarlaga er að finna sérreglur um ábyrgð á menntun barna í föstri, eins og nánar verður fjallað um. Í 1. mgr. er að finna almenna reglu um aðgang barna að menntun og að um hana fari eftir lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla eftir því sem við á. Lagaákvæði um menntun eru mismunandi eftir því á hvaða skólastigi barnið er og því ekki unnt að mæla	Nýtt

	fyrir um nákvæmlega hvernig ábyrgð og framkvæmd menntunar sé háttað. Í 2. mgr. er áréttað að hin almenna regla um ábyrgð lögheimilissveitarfélags á skólasókn barna í skyldunámi gildi um börn sem eru vistuð í vistunarúrræðum. Í lögum um grunnskóla eru ítarlegar reglur um ábyrgð sveitarfélaga á því að tryggja að börn í sveitarfélaginu sinni skyldunámi. Áhersla hefur verið lögð á að formlega sé gengið frá því hvernig skólagöngu barna, sem ekki geta sótt skóla í sinni heimabyggð, sé háttað. Mikilvægt er að sú framkvæmd nái einnig til barna sem eru vistuð í vistunarúrræðum barnaverndar. Rétt er að benda á í þessu samhengi að um börn í föstri gildir sérstök regla um ábyrgð sveitarfélagsins, þar sem barn er í föstri, á skólagöngu þess. Í 3. mgr. er áréttuð regla um einstaklingsmiðun menntunar barna sem eru vistuð í vistunarúrræði. Lög er áhersla á að börn sem eru vistuð í vistunarúrræðum þurfa oft mjög sérhæfða þjónustu, þ.m.t. aðlagða námskrá. Í lögum og aðalnámskrá um mismunandi skólastig er fjallað um slíka aðlögun, þ.m.t. undanþágur frá aðalnámskrá grunnskóla. Mikilvægt er að tekin sé afstaða til menntunar þegar unnar eru áætlanir fyrir börn sem vistuð er í vistunarúrræðum.	
48. gr. Réttur barns til menntunar.		
Barn sem vistað er í vistunarúrræði skal hafa aðgang að menntun samkvæmt lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Að höfðu samráði við Barna- og fjölskyldustofu eða hlutaðeigandi barnaverndarþjónustu er sveitarfélagi, þar sem barnið á lögheimili, skylt að sjá til þess að barn á skólaskyldualdri njóti skólavistar í samræmi við lög um grunnskóla.	Í greininni er fjallað um menntun fyrir börn í vistunarúrræðum. Nýmæli er að mælt sé fyrir um menntun barna í vistunarúrræðum í lögum en í 3. mgr. 75. gr. gildandi barnaverndarlaga er að finna sérreglur um ábyrgð á menntun barna í föstri, eins og nánar verður fjallað um. Í 1. mgr. er að finna almenna reglu um aðgang barna að menntun og að um hana fari eftir lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla eftir því sem við á.	Nýtt

Í stuðningsáætlun og/eða í sérstakri einstaklingsnámskrá skal gera grein fyrir skólasókn barns sem vistað er í vistunarúrræði.	Lagaákvæði um menntun eru mismunandi eftir því á hvaða skólastigi barnið er og því ekki unnt að mæla fyrir um nákvæmlega hvernig ábyrgð og framkvæmd menntunar sé háttað. Í 2. mgr. er áréttað að hin almenna regla um ábyrgð lögheimilissveitarfélags á skólasókn barna í skyldunámi gildi um börn sem eru vistuð í vistunarúrræðum. Í lögum um grunnskóla eru ítarlegar reglur um ábyrgð sveitarfélaga á því að tryggja að börn í sveitarfélaginu sinni skyldunámi. Áhersla hefur verið lögð á að formlega sé gengið frá því hvernig skólagöngu barna, sem ekki geta sótt skóla í sinni heimabyggð, sé háttað. Mikilvægt er að sú framkvæmd nái einnig til barna sem eru vistuð í vistunarúrræðum barnaverndar. Rétt er að benda á í þessu samhengi að um börn í föstri gildir sérstök regla um ábyrgð sveitarfélagsins, þar sem barn er í föstri, á skólagöngu þess. Í 3. mgr. er áréttuð regla um einstaklingsmiðun menntunar barna sem eru vistuð í vistunarúrræði. Lög er áhersla á að börn sem eru vistuð í vistunarúrræðum þurfa oft mjög sérhæfða þjónustu, þ.m.t. aðlagða námskrá. Í lögum og aðalnámskrá um mismunandi skólastig er fjallað um slíka aðlögun, þ.m.t. undanþágur frá aðalnámskrá grunnskóla. Mikilvægt er að tekin sé afstaða til menntunar þegar unnar eru áætlanir fyrir börn sem vistuð er í vistunarúrræðum.	
Öll starfsemi vistunarúrræða samkvæmt X. gr. skal miða að því að tryggja börnum sem þar dvelja viðeigandi meðferð og öryggi, með mannvirðingu að leiðarljósi, og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra eftir því sem það er frekast unnt. Að því marki sem annað leiðir ekki af dómi eða lögum er barn sem vistast í vistunarúrræðum	Í greininni er að finna meginreglur um sjálfsákvörðunarrétt og afleidd réttindi barna sem dveljast í vistunarúrræðum. Í 1. mgr. eru sett fram meginsjónarmið um að starfsemi vistunarúrræða skv. X. gr. skuli miða að því að tryggja börnum sem þar dvelja viðeigandi meðferð og öryggi, með mannvirðingu að	a-liður 3. mgr. 82. gr. bvl. Óheimilt er að: a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,

samkvæmt X. gr. frjálst ferða sinna og á rétt á að eiga í samskiptum við aðra, þar á meðal í gegnum rafræna miðla og heimsóknir, enda séu inngríp í sjálfsákvörðunarrétt barns að þessu leyti ekki nauðsynleg m.t.t. meðferðar- eða öryggissjónarmiða. Þeir sem reka vistunarúrræði skv. X. gr. skulu vinna markvisst að því að fyrirbyggja og draga úr beitingu þvingana gagnvart börnum sem þar dvelja. Barna- og fjölskyldustofa veitir barnaverndarþjónustum og þeim sem starfa samkvæmt samningi við barnaverndarþjónustur ráðgjöf við að fyrirbyggja og draga úr þvingunum í þjónustu við börn. Óheimilt er að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum í vistunarúrræðum.	leiðarljósi, og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra eftir því sem það er frekast unnt. Þau grundvallarsjónarmið sem birtast í 1. mgr. koma m.a. fram í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sjá einkum 3., 12., 19. og 37. gr. samningsins. Af meginreglum um lögræði og forsjá, samkvæmt ákvæðum lögræðis- og barnalaga, leiðir að börn njóta ekki fulls sjálfsákvörðunarréttar eins og fullorðnir einstaklingar en af 12. gr. barnasamningsins, eins og hún er túlkuð í almennri athugasemd barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 12, leiðir að þau eru engu að síður rétthafar og það er skylda aðildarríkjanna að viðurkenna þennan rétt barna og stuðla að því að hann sé virtur. Í 2. mgr. er vísað til grundvallarréttinda um persónufrelsi og friðhelgi einkalífs sem eru varin af 67. og 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 5. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í ákvæðinu eru settar fram þær meginreglur að að því marki sem annað leiði ekki af dómi eða lögum sé barn frjálst ferða sinna og eigi rétt á að vera í samskiptum við aðra innan sem utan vistúrræða, þ. á m. í gegnum rafræna miðla og heimsóknir. Í lok a-liðar er gerður fyrirvari um að sjálfsákvörðunarréttur barns kunni að sæta takmörkunum, teljist inngríp í þessi réttindi nauðsynleg m.t.t. meðferðar- eða öryggissjónarmiða. Í því sambandi eru hafðar í huga skyldur þeirra sem fara með umsjá barns til að tryggja viðhlítandi meðferð þess og öryggi. Þá eru hér einnig höfð í huga lög og reglur um útivistartíma, aldurstakmarkanir o.fl. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu heimila og stofnana skv. X. gr. til að vinna markvisst að því að draga úr og fyrirbyggja notkun þvingana gagnvart börnum í störfum sínum. Barna- og fjölskyldustofa veitir	
--	---	--

	heimilunum og stofnununum ráðgjöf þar að lútandi. Í 4. mgr. er kveðið á um bann við því að beita börn andlegum og líkamlegum refsingum. Ákvæðið er samhljóða a-lið 3. mgr. 82. gr. núgildandi laga.	
50. gr. Húsreglur.		
Heimilt er í vistunarúrræðum skv. x. gr. að setja reglur sem lúta að dagskrá og skipulagi, þ.m.t. notkun raftækja, svo og umgengni og tillitssemi við þá sem þar dvelja og starfa. Upplýsa skal barn um slíkar reglur við upphaf vistunar og hvort einhverjar afleiðingar séu af því að hlíta þeim ekki og þá hverjar. Óheimilt er að takmarka grundvallarréttindi barns með vísan til brota á húsreglum.	Í greininni er fjallað um heimild til að setja húsreglur vistunarúrræðum. Slíkar húsreglur þekkjast víða á stofnunum og heimilum á vegum hins opinbera og geta almennt lotið að dagskrá, skipulagi, umgengni og tilliti við aðra eða sambærilegum atriðum. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að reglur um notkun raftækja geti verið liður í umgjörð heimila og stofnana um dagskrá og skipulag líkt og tíðkast víða í skólakerfinu og á einkaheimilum. Með tilliti til samskiptamáta barna og ungmenna nú til dags þykir þó ekki rétt að unnt sé að banna með öllu samskipti barnanna við umheiminn gegnum rafræna miðla með almennum reglum, að því marki sem slíkar takmarkanir kunna að fela í sér inngrip í stjórnarskrárvarinn rétt þeirra til friðhelgi einkalífs. Um slíkar ákvarðanir fer því skv. b-lið XX. gr. og þurfa þær að uppfylla skilyrði um nauðsyn, til samræmis við ákvæði stjórnarskrár og laga um mannréttindasáttmála Evrópu. Í greininni er jafnframt fjallað um skyldu til að upplýsa barn um húsreglur við upphaf vistunar, svo og hvort það kunni að hafa einhverjar afleiðingar að hlíta þeim ekki og þá hverjar. Með afleiðingum af broti á húsreglum eru höfð í huga væg agaviðurlög á borð við tiltal eða sviptingu friðinda. Líkt og umboðsmaður Alþingis hefur bent á í skýrslum sínum á grundvelli OPCAT-eftirlits geta húsreglur einar og sér ekki verið lögmætur grundvöllur inngripa í persónuréttindi einstaklinga sem varin eru af stjórnarskrá. Þannig er t.d. óheimilt að takmarka frelsi eða friðhelgi einkalífs á grundvelli húsreglna	Nýtt

	eða með vísan til brota á þeim, þ.e. eigi slíkar takmarkanir sér ekki stoð í lögum (sjá til hliðsjónar umfjöllun um húsreglur á stofnunum þar sem frelsissviptir dvelja í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Sogni, bls. 20-21). Húsreglur sem samrýmast áskilnaði XX. gr. teljast ekki til þvingunar og er framfylgd húsreglna sem samrýmast 1. og 2. mgr. ekki kæránleg.	
51. gr. Takmarkanir á ferðafrelsi og samskiptum barns við aðra.		
Dugi önnur og vægari úrræði ekki til að tryggja viðhlítandi meðferð og öryggi barns í vistunarúrræðum skv. x. gr. má taka ákvörðun um að: 1. Takmarka ferðafrelsi barns, þ.m.t. þannig að því sé meinað að yfirgefa umráðasvæði vistunarúrræða og þess krafist að utan úrræðisins sé barn í fylgd starfsmanns. 2. Takmarka eða hafa eftirlit með heimsóknum, símtölum, rafrænum samskiptum eða bréfaskiptum barns. Þó er óheimilt að takmarka eða hafa eftirlit með samskiptum barns við talsmann, lögmann, heilbrigðisstarfsmann, fulltrúa sendiráðs og prest eða sambærilegan fulltrúa trú- eða lífsskoðunarfélags, barnaverndaryfirvöld og umboðsmann Alþingis. Takmarkanir á ferðafrelsi eða samskiptum barns við aðra samkvæmt 1. mgr. má ákvarða í allt að 14 daga í senn. Stöðugt skal endurmeta nauðsyn slíkra takmarkana.	Í 2. mgr. 82. gr. nágildandi barnaverndarlaga segir um takmarkanir á ferðafrelsi að banna megi barni að yfirgefa umráðasvæði vistunarúrræðis að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt sé til að markmiðin með vistun náist. Um afskipti af samskiptum barna við umheiminn segir að óheimilt sé að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri til, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar. Í framkvæmd kann ferðafrelsi barns sem vistast í úrræði skv. X. gr. að vera skert og þá umfram það sem leiðir almennt af lögum og reglum, s.s. um útivistartakmarkanir. Í því sambandi má sem dæmi nefna neyðarvistun Stuðla og ýmis einkaúrræði sem vista börn á grundvelli samninga við sveitarfélög. Eru þannig dæmi um að úrræði séu læst og börnunum ekki frjálst að fara um þau að vild eða yfirgefa þau nema í fylgd starfsmanns. Þá kann börnunum að vera veitt eftirför við stök og þau flutt til baka. Sömuleiðis kunna samskipti barns við aðra að sæta ýmsum takmörkunum í úrræðum sem starfa skv. X. gr. Þannig eru m.a. dæmi um að símar og nettengd tæki séu fjarlægð við innkomu, heimsóknir eða símtöl takmörkuð og að tiltekna heimsóknir fari fram undir eftirliti starfsfólks. Um er að ræða takmarkanir á grundvallarréttindum sem varin eru af stjórnarskrá og þarfnast því skýrra lagaheimilda.	2. mgr. 82. gr. bvl. Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Barni sem er vistað á heimili skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

	Framangreindar ráðstafanir kunna að vera taldar nauðsynlegar í ákveðnum tilvikum, með vísan til meðferðar eða öryggis barns eða annarra. Með frumvarpinu er því ætlunin að kveða með skýrari hætti á um að hvaða marki vistunarúrræði skv. X. gr. hafi heimildir að þessu leyti. Í upphafi 1. mgr. eru áréttuð sjónarmið um meðalhóf og nauðsyn ráðstafana, svo og þær ástæður sem geta verið grundvöllur ákvarðana um takmarkanir á ferðafrelsi og samskipti barns við aðra. Þannig skal ekki grípa til slíkra takmarkana nema önnur og vægari úrræði dugi ekki til og þá aðeins í þeim tilgangi að tryggja viðhlítandi meðferð eða öryggi barns eða annarra. Í a- lið 1. mgr. er kveðið á um takmarkanir á ferðafrelsi barns en í 1. málsl. b-liðar er kveðið á um takmarkanir á og eftirlit með samskiptum barns. Samkvæmt 2. málsl. b-liðar er óheimilt að takmarka eða hafa eftirlit með samskiptum barns við talsmann, lögmann, heilbrigðisstarfsmann, fulltrúa sendiráðs og prest eða sambærilegan fulltrúa trú- eða lífsskoðunarfélags, barnaverndaryfirvöld og umboðsmann Alþingis. Um sjónarmið að baki 2. málsl. b-liðar 1. mgr. X. gr. vísast einkum til athugasemda í skýrslum umboðsmanns Alþingis vegna heimsókna á neyðarvistun Stuðla og í búsetuúrræði Vinakots og Klettabæjar fyrir börn með fjölþættan vanda, svo og 60. gr. Havana-reglna Sameinuðu þjóðanna (United Nations Rules for the Protection of Juveniles Deprived of their Liberty). Í þessu sambandi eru einnig höfð í huga sambærileg ákvæði í lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga en líkt og áður er vikið að eru mörg þeirra barna sem vistast á stofnunum og heimilum á grundvelli X. gr. frelsissvipt. Þannig er markmiðið með ákvæðinu m.a. að réttarstaða frelsissviptra barna að þessu leyti sé ekki lakari en	
--	---	--

	fullorðinna. Með vísan til sjónarmiða um meðalhóf og réttaröryggi í því sambandi er í 2. mgr. lagt til að takmörkunum á ferðafrelsi og samskiptum barns við aðra sé markaður tiltekinn hámarkstími í senn, eða tvær vikur, en nauðsyn þeirra þó stöðugt endurnetin.	
52. gr. Herbergisleit, líkamsleit og líkamsrannsókn.		
Taka má ákvörðun um leit í herbergi barns í vistunarúrræði skv. x. gr. eða líkamsleit ef grunur leikur á að barn sem er vistað í slíku úrræði hafi í vörslum sínum: a. Áfengi, vímuefni eða óæskileg lyf. b. Vopn, aðra hættulega muni eða stolna muni. c. Aðra óæskilega eða ólöglega muni eða efni sem óheimilt er að hafa í vörslum sínum samkvæmt húsreglum skv. x. gr.. Bjóða skal barni að vera viðstatt herbergisleit eftir því sem það er frekast unnt. Tveir starfsmenn af sama kyni og barnið framkvæma líkamsleit eða, ef barn skilgreinir sig kynhlutlaust, starfsmenn af því kyni sem barnið sjálf kys. Við líkamsleit geta starfsmenn: a. Notast við málmeitartæki, viðhaft snertileit utan klæða og skoðað vasa og skófatnað. b. Óskað eftir því að barn afklæðist öðrum fatnaði en nærfatnaði og skal leit þá fara fram án snertingar. c. Skoðað munnhol barns án snertingar. Óheimilt er að þvinga barn með líkamlegum tókum til að afklæðast ytri fatnaði eða opna munnhol, sbr. b- og c-lið 4. mgr., nema lífi þess eða annarra sé búin augljós og bráð hætt. Sé ekki unnt að framkvæma leit skv. b- eða c-lið 4. mgr. má taka ákvörðun um að barn sæti virku eftirliti starfsmanns skv. XY. gr.	Í XY. gr. er kveðið á um heimildir til að leita í herbergi barns eða á því sjálfu og um líkamsrannsókn. Markmið 1. mgr. er að koma í veg fyrir að ávanabindandi efni, vopn og önnur hættuleg, óæskileg eða ólögleg efni eða munir komist inn í vistunarúrræði, til að tryggja öryggi og velferð barns og annarra. Með óæskilegum lyfjum í a-lið 1. mgr. er einkum átt við ávanabindandi lyfseðilsskyld lyf en einnig mikið magn ólyfseðilsskyldra eða hættuminni lyfja eða uppsöfnuð lyf sem barni hefur verið ávísað. Með öðrum hættulegum munum í b-lið 1. mgr. er t.d. átt við muni sem unnt er að nota sem vopn, s.s. oddhvassa muni. Í c-lið 1. mgr. eru hafðir í huga munir sem ekki falla undir a- eða b-lið en leiðir af lögum, reglum eða eðli máls að eru ekki við hæfi barna eða teljast óheppilegir s.s. með tilliti til uppeldis eða meðferðar barns eða aga og reglu í vistunarúrræði. Í því sambandi má sem dæmi nefna gróft ofbeldis- eða klámefni. Í 2. mgr. er sett fram sú meginregla að barni sé boðið að vera viðstatt herbergisleit eftir því sem það er frekast unnt. Frávik frá meginreglunni ættu þannig að vera bundin við undantekningartilvik, t.d. stjórnlausa hegðun barns eða s.s. rannsóknarhagsmuni í sakamáli. Um sjónarmiðin hér að baki vísast til grundvallarreglna um friðhelgi einkalífs og umfjöllunar umboðsmanns Alþingis í áðurnefndum skýrslum á grundvelli OPCAT-	Nýtt

Heimilt er að óska eftir því að barn gefi öndunar-, munnvatns- eða þvagsýni ef grunur leikur á að það hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna. Heimilt er að fylgjast með barni gefa lífsýni en um framkvæmd þess gildir 3. mgr. XY. gr. eftir því sem við á. Óheimilt er að þvinga barn með líkamlegum tókum til að gefa lífsýni. Kynna skal barni ástæður herbergisleitar, líkamsleitar og líkamsrannsóknar og upplýsa það um niðurstöður, nema það sé augljóslega óþarft.	eftirlits. Hér er einnig haft í huga að sambærilega meginreglu er að finna í lögum um fullnustu refsinga en líkt og áður er vikið að eru mörg þeirra barna sem vistast á stofnunum og heimilum á grundvelli X. gr. frelsissvipt. Þannig er markmiðið með ákvæðinu m.a. að réttarstaða frelsissviptra barna að þessu leyti sé ekki lakari en fullorðinna. Í 3. mgr. er sett fram sú regla að leit á barni skuli framkvæmd af tveimur starfsmönnum sama kyns og barn. Hér er haft í huga að um er að ræða veigamikið inngrip í friðhelgi barns. Í ljósi viðkvæmrar stöðu barna og valdaójafnvægis í þeim aðstæðum sem hér um ræðir er lagt til að tveir starfsmenn framkvæmi líkamsleit til að tryggja öryggi barns og vera til frásagnar ef deilt er um atvik máls. Í því sambandi er þó ekki lagt til að fleiri en tveir starfsmenn framkvæmi leit, enda kunni það að vera niðurlægjandi eða ógnandi fyrir barnið. Um kynjasjónarmið að baki 3. mgr. vísast m.a. til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins um Evrópureglur fyrir unga brotamenn (Recommendation CM/Rec(2008)11 of the Committee of Ministers to member states on the European Rules for juvenile offenders subject to sanctions or measures, sjá gr. 89.2). Þegar um er að ræða barn sem skilgreinir sig kynhlutlaust er lagt til að starfsmenn af því kyni sem barnið sjálft kys framkvæmi leit, sbr. lög nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði. Af lögunum leiðir að einstaklingar eiga rétt á að skilgreina kyn sitt og myndi þannig stúlka í líkama drengs vera skilgreind sem stúlka og öfugt. Í 4. og 5. mgr. er kveðið nánar á um framkvæmd líkamsleitar á barni. Samkvæmt a-lið 4. mgr. er starfsfólki heimilt að notast við málmeitartæki, viðhafa snertileit utan klæða og skoða vasa og skófatnað barns. Gert er ráð fyrir að reynt sé að fá	
--	---	--

	barn til samstarfs við leit, eftir því sem það er frekast unnt, en m.t.t. öryggissjónarmiða er þó gert ráð fyrir að leit skv. a-lið geti farið fram án samþykkis barns. Í b- lið 4. mgr. er sett fram heimild til að óska eftir því að barn afklæðist öðrum fatnaði en nærfatnaði við leit og skal hún þá fara fram án snertingar. Í c-lið 4. mgr. er sett fram heimild til að skoða munnhol barns án snertingar. Reglur b- og c-liðar um líkamsleitir eru settar fram með tilliti til öryggissjónarmiða en í þeim felst þó viðurhlutamikið inngrip í friðhelgi barns. Í ljósi þess og viðkvæmrar stöðu barns í slíkum aðstæðum þykir rétt að kveða á um tilteknar takmarkanir á slíkum leitum. Í 5. mgr. er því kveðið á um að óheimilt sé að þvinga barn með líkamlegum tökum til að afklæðast ytri fatnaði eða opna munnhol nema lífi þess eða annarra sé búin augljós og bráð hættu. Í því sambandi má sem dæmi nefna að rökstuddur grunur sé uppi um að barn hafi í förum sínum vopn, efni eða muni sem geti valdið alvarlegum skaða, t.d. eggvopn, eiturefni eða kveikjara, eða t.d. uppsöfnuð lyf eða oddhvassa muni í munnholi. Veiti barn ekki samþykki fyrir leit skv. b- eða c-lið 4. mgr. má taka ákvörðun um að það sæti virku eftirliti starfsmanns skv. XX. gr. Í 6. mgr. er kveðið á um heimild til að óska eftir því að barn gefi öndunar-, munnvatns- eða þvagsýni ef grunur leikur á að það hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna. Heimilt er að fylgjast með barni veita lífsýni og um framkvæmd þess gildir 3. mgr. XY. Í ljósi þess að líkamsrannsókn felur í sér verulegt inngrip í líkamlega friðhelgi barns er í lok 6. mgr. tekinn af allur vafi um að starfsfólki úrræða skv. X. gr. er óheimilt er að þvinga barn, s.s. með líkamlegum tökum, til að gefa lífsýni. Í 7. mgr. er kveðið á um að kynna skuli barni ástæður herbergis- og líkamsleitar og líkamsrannsókna og upplýsa það	
--	---	--

	um niðurstöður, nema það sé augljóslega óþarft. Eðli málsins samkvæmt á síðastnefnda skilyrðið ekki við í þeim tilvikum sem barn hefur þegar fengið vitneskju um niðurstöður, t.d. sé það viðstatt herbergisleit. Um sjónarmið að baki upplýsingagjöf til barns um ástæður leitar og líkamsrannsóknar vísast m.a. til skýrslu umboðsmanns Alþingis á grundvelli OPCAT-eftirlits vegna heimsóknar í búsetuúrræði Klettabæjar, sem áður er vikið að, svo og hliðstæðra ákvæða í tengslum við klefaleit í lögum um fullnustu refsinga. Um upplýsingagjöf um niðurstöður leita og líkamsrannsóknar vísast til samráðs mennta- og barnamálaráðuneytisins við börn þar sem ítrekað hefur komið fram að börnum þyki þau ekki alltaf nægjanlega upplýst um niðurstöður mála.	
53. gr. Haldlagning og upptaka muna.		
Ef nauðsyn ber til, til að tryggja viðhlítandi meðferð eða öryggi barns eða annarra í vistunarúrræði skv. x. gr., má taka ákvörðun um að haldleggja síma, tölvur og önnur raftæki barns eða óæskilega muni sem óheimilt er að hafa í fórum sínum, skv. húsreglum. Áfengi og önnur vímuefni, óæskileg lyf, vopn, aðrir hættulegir munir og stolnir munir í fórum barns skulu gerðir upptækir og þeim eftir atvikum eytt eða afhentir lögreglu eða eigendum án tafar. Haldlagningu muna skv. 1. mgr. má ákvarða í allt að 14 daga í senn. Stöðugt skal endurmeta nauðsyn haldlagningar.	Í greininni er að finna reglur um haldlagningu og upptöku muna barns. Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til að leggja hald á síma, tölvur og önnur raftæki barns, að því gefnu að það sé nauðsynlegt til að tryggja viðhlítandi meðferð eða öryggi barns eða annarra. Í því sambandi er m.a. haft í huga að unnt sé að takmarka möguleika barns á því að komast í samband við hættulega eða óæskilega aðila eða skoða ólöglegt eða óæskilegt efni. Í 1. mgr. er einnig kveðið á um heimild til að haldleggja óæskilega muni sem óheimilt er að hafa í fórum sínum, í sama tilgangi, enda sé þess getið í húsreglum, sbr. XX. gr. Samkvæmt 2. mgr. skal gera upptækt áfengi og önnur vímuefni, óæskileg lyf, vopn, aðra hættulega muni og stolna muni í fórum barns og eftir atvikum eyða þeim eða afhenda lögreglu eða eigendum án tafar. Ákvæði 2. mgr. leiðir af gildandi lögum og reglum um viðkomandi efni og muni og eftir atvikum aldurstakmörkunum í því sambandi. Um	Nýtt

	markmið og skýringu ákvæðisins vísast að öðru leyti til athugasemda að baki a- til c-lið 1. mgr. XY. gr. (herbergisleit, líkamsleit og líkamsrannsókn). Með 3. mgr. er lagt til að haldlagningu muna skv. 1. mgr. sé markaður tiltekinn hámarkstími í senn, eða allt að tvær vikur, en nauðsyn hennar þó stöðugt endurmetin.	
54. gr. Virkt eftirlit.		
Ef nauðsyn ber til, til að tryggja viðhlítandi meðferð eða öryggi barns eða annarra í vistunarúrræði skv. x. gr., má taka ákvörðun um að haldleggja síma, tölvur og önnur raftæki barns eða óæskilega muni sem óheimilt er að hafa í fórum sínum, skv. húsreglum. Áfengi og önnur vímuefni, óæskileg lyf, vopn, aðrir hættulegir munir og stolnir munir í fórum barns skulu gerðir upptækir og þeim eftir atvikum eytt eða afhentir lögreglu eða eigendum án tafar. Haldlagningu muna skv. 1. mgr. má ákvarða í allt að 14 daga í senn. Stöðugt skal endurmeta nauðsyn haldlagningar.	Í 1. mgr. XX. gr. er að finna heimild til að taka ákvörðun um virkt eftirlit með barni. Eftirlitið þarf að vera nauðsynlegt til að tryggja öryggi barns eða annarra. Í virku eftirliti felst að tilteknum starfsmanni eða starfsmönnum er falið að hafa gætur á barni með reglulegu millibili eða allt að því stöðugt, í samræmi við fyrirliggjandi áhættumat. Er hér átt við eftirlit augliti til auglitis en ekki fjarvöktun. Rétt er að taka fram að ef virkt eftirlit fer fram í einkarými barns skal hafa í huga sjónarmið að baki 3. mgr. 55. gr. eða haga eftirlitinu þannig að það sé viðhaft með opna hurð. Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd virks eftirlits, s.s. um áhættumat, mismunandi stig eftirlits og tíðni þess eftir stigum.	Nýtt
55. gr. Rafræn vöktun í einkarými barns.		
Óheimilt er að viðhafa rafræna vöktun í einkarými barns í vistunarúrræði skv. xx. gr. nema það teljist nauðsynlegt til verndar lífi og heilsu barns, s.s. vegna bráðrar hættu á sjálfsskaða. Aðeins skal taka ákvörðun um rafræna vöktun í einkarými barns að undangengnu mati á nauðsyn hennar, hafi vægari úrræði verið reynd og ekki dugað til eða þau ekki talin bera árangur. Tilkynna skal barni um slíka vöktun. Forðast skal óþarfa íhlutun í einkalíf barns sem sætir rafrænni vöktun, þ.m.t. þannig að myndefni og annað efni sem birtist við rafræna vöktun sé ekki í	Í greininni er fjallað um rafræna vöktun í einkarými barns. Með rafrænni vöktun er hér átt við viðvarandi eða endurtekna vöktun sem felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, hvort sem vöktunin felur í sér söfnun efnis sem leitt getur til vinnslu persónuupplýsinga eður ei. Með einkarými barns er átt við herbergi, íbúð eða sambærilegt rými sem barni er úthlutað til einkanota í vistunarúrræði. Í slíku rými hefur barnið réttmætar væntingar til að njóta tiltekins næðis enda sinnir það þar alla jafna ýmsum persónulegum athöfnum eins og t.d. fataskiptum. Í 1. mgr. er því sett fram sú	Nýtt

auglýsing eða aðgengilegt óviðkomandi aðila. Um rafræna vöktun á heimilum og stofnunum skv. X. gr. fer að öðru leyti samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um rafræna vöktun.	meginregla að óheimilt sé að láta barn sæta rafrænni vöktun í einkarými sínu í vistunarúrræði, nema það teljist nauðsynlegt til verndar lífi og heilsu barns, s.s. vegna bráðrar hættu á sjálfsskaða. Í því sambandi er höfð í huga hættu á efri stigum samkvæmt áhættumati, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. XY. gr. Samkvæmt 2. mgr. skal aðeins taka ákvörðun um rafræna vöktun í einkarými barns að undangengnu mati á nauðsyn hennar, hafi vægari úrræði verið reynd og ekki dugað til eða þau ekki talin bera árangur. Er meginreglan um meðalhóf þannig áréttuð sérstaklega. Þá er jafnframt sérstaklega áréttuð, í samræmi við meginreglur um persónuvernd, að gera skuli barni viðvart um rafræna vöktun í einkarými þess. Í 3. mgr. er kveðið á um að forðast skuli óþarfa íhlutun í einkalíf barns sem sætir rafrænni vöktun í einkarými sínu þannig að efni sem birtist við vöktunina sé ekki í auglýsing óviðkomandi aðila. Í því sambandi má sem dæmi nefna skjái tengda myndavélum í einkarými barns, þannig að þeir séu ekki í alfaraleið í vistunarúrræði og að einungis valdir aðilar sinni vöktun þeirra. Um rafræna vöktun á heimilum og stofnunum skv. X. gr., þ. á m. rafræna vöktun í sameiginlegum rýmum, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um rafræna vöktun.	
56. gr. Aðskilnaður og vistun í öryggisrými. Heimilt er í vistunarúrræðum skv. x. gr. að setja reglur sem lúta að dagskrá og skipulagi, þ.m.t. notkun raftækja, svo og umgengni og tillitssemi við þá sem þar dvelja og starfa. Upplýsa skal barn um slíkar reglur við upphaf vistunar og hvort einhverjar afleiðingar séu af því að hlíta þeim ekki og þá hverjar.	Í XX. gr. er fjallað um aðskilnað barns og vistun í öryggisrými. Í alþjóðlegum viðmiðum hefur verið lögð á það áhersla að börn skuli ekki sæta einangrun. Samkvæmt almennum athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 24 skal einungis aðskilja barn frá öðrum ef önnur vægari úrræði koma ekki til greina til verndar því sjálfu eða	Nýtt

Óheimilt er að takmarka grundvallarréttindi barns með vísan til brota á húsreglum.	öðrum. Við þær aðstæður skuli aðskilnaðurinn vara í eins skamman tíma og mögulegt er og þá undir nánu eftirliti starfsmanns. Þá skulu ástæður og tímalengd aðskilnaðar skráð. Samkvæmt 1. mgr. XX. gr. er unnt að taka ákvörðun um að aðskilja barn frá öðrum börnum, s.s. í aðskildum hluta í vistunarúrræði, sbr. a-lið, eða í sérstöku öryggisrými, sbr. b-lið, í þeim tilgangi að tryggja öryggi þess eða annarra. Með aðskilnaði og vistun í öryggisrými er fyrst og fremst átt við aðskilnað frá öðrum börnum. Þannig er ekki átt við að barn sé skilið eftir einsamalt í lengri tíma, án viðveru eða eftirlits starfsmanna. Með öryggisrými er í ákvæðinu átt við herbergi eða annað afmarkað rými sem er eftir atvikum innréttað með tilliti til öryggisjónarmiða, s.s. rammgert rými þar sem húsgögn eru vegg- eða gólfstöð og engir eða fáir lausir munir. Samkvæmt 2. mgr. skulu ráðstafanir skv. 1. tölul. 1. mgr. aldrei standa lengur en nauðsyn krefur og ekki lengur en sólarhring samfleytt nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, þó aldrei lengur en tvo sólarhringa samfleytt. Með sérstökum ástæðum er einkum haft í huga mögulegt vímuástand barns og afvötnun í kjölfar þess. Samkvæmt 3. mgr. skulu ráðstafanir skv. 2. tölul. 1. mgr. ákvarðaðar í að hámarki fjórar klukkustundir í senn, ekki standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en sólarhring samfleytt. Þannig skal öryggisvistun barns endurskoðuð að lágmarki á fjögurra klukkustunda fresti. Um sjónarmið að baki þessum tímamörkum vísast til hliðstæðra ákvæða danskra laga (sjá Voksenansvarsloven, 14. gr.) og Evrópureglna fyrir unga brotamenn (Recommendation CM/Rec(2008)11 of the Committee of Ministers to member states on the	
---	---	--

	European Rules for juvenile offenders subject to sanctions or measures, sjá gr. 91.4). Samkvæmt 4. mgr. skal barn sem sætir aðskilnaði eða vistun í öryggisrými vera undir virku eftirliti starfsmanns, sbr. XY. gr. Í 5. mgr. er kveðið á um bann við að vista barn í gluggalaus, þröngu eða ljóslausu rými. Í þessu sambandi var m.a. litið til norsku barnaverndarlaganna en samkvæmt þeim skal gólfhlötu rýmis ekki vera undir átta fermetrum að stærð (sjá Barnevernsloven, gr. 10-7). Í 6. mgr. er kveðið á um að ákvörðun um aðskilnað og öryggisvistun barns skuli tilkynnt svo fljótt sem kostur er til barnaverndarþjónustu og viðeigandi heilbrigðisstofnunar, sem meti ástand barn eftir þörfum. Hér er haft í huga að heilbrigðisstarfsmaður, t.d. læknir, hjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur meti heilsu barns og áhættuþætti, s.s. hættu á sjálfsskaða, og möguleg neikvæð áhrif aðskilnaðar eða öryggisvistunar, eftir því sem það er frekast unnt. Fjallað er um aðkomu heilbrigðisstarfsmanna að málum einstaklinga sem sæta einangrun, aðskilnaði eða öryggisvistun víða í alþjóðlegum og evrópskum viðmiðum, hvort sem þau snúa að börnum eða fullorðnum. Hér má sem dæmi nefna Evrópureglur fyrir unga brotamenn (Recommendation CM/Rec(2008)11 of the Committee of Ministers to member states on the European Rules for juvenile offenders subject to sanctions or measures, sjá gr. 91.4) og viðmið Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum um ungmenni svipt frelsi sínu á grundvelli refsilaga (Juveniles deprived of their liberty under criminal legislation, CPT/Inf(2015)1-part rev1, sjá mgr. 129). Í þessu sambandi vísast einnig til sambærilegs áskilnaðar laga um fullnustu refsinga við beitingu einangrunar, aðskilnaðar og vistunar fanga í öryggisklefa.	
--	---	--

57. gr. Líkamleg valdbeiting.		
Ef barn viðhefur skaðlega eða ógnandi hegðun í vistunarúrræði skv. x. gr. skal leita allra leiða til að draga úr spennuástandi, s.s. með því að ræða við barnið. Beri það ekki árangur eða vinnist ekki tími til getur starfsfólk vistunarúrræðis beitt barn líkamlegum tökum til að koma í veg fyrir að það skaði sjálft sig eða aðra eða valdi stórfelldu eignatjóni. Starfsfólk sem kemur að líkamlegri valdbeitingu á að fá viðeigandi þjálfun. Eftir því sem það er frekast unnt skal starfsmaður ekki standa einn að líkamlegri valdbeitingu. Óheimilt er að beita fjötrum eða vopnum við framkvæmd ráðstafana skv. 1. mgr. Skrá skal atvik skv. 1. mgr. svo fljótt sem kostur er og tilkynna um það til barnaverndarþjónustu, foreldris og talsmanns. Þjóða skal barni sem sætt hefur líkamlegri valdbeitingu möguleika á að fá skoðun heilbrigðisstarfsmanns og stuðning í kjölfar hennar.	Um X. gr. Í XY. gr. er fjallað um líkamleg inn grip gagnvart barni. Samkvæmt 1. mgr. skal, ef barn viðhefur skaðlega eða ógnandi hegðun, leita allra leiða til að draga úr spennuástandi, s.s. með því að ræða við barnið. Beri það ekki árangur eða vinnist ekki tími til getur starfsfólk beitt barn líkamlegum tökum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að það skaði sjálft sig eða aðra eða valdi stórfelldu eignatjóni. Þótt ástæða þyki til að kveða á um slíkar valdbeitingarheimildir m.t.t. öryggis barns og annarra er samkvæmt framangreindu gert ráð fyrir að eftir föngum séu reynd vægari úrræði áður en gripið er til líkamlegrar valdbeitingar ef barn viðhefur skaðlega eða ógnandi hegðun. Samkvæmt 2. mgr. skal sjá til þess að starfsfólk sem hefur aðkomu að valdbeitingu hljóti viðeigandi þjálfun í að beita líkamlegum tökum. Þá skuli starfsmaður ekki standa einn að valdbeitingu eftir því sem það er frekast unnt. Hér er haft í huga að þekking starfsmanna á viðurkenndum aðferðum við líkamleg inn grip er m.a. til þess fallin að minnka líkur á því að barn eða starfsmenn meiðist alvarlega. Í slíkum aðferðum felst oft m.a. að fleiri en einn starfsmaður komi að inn gripi og að t.d. sé gætt sérstaklega að höfði barns. Í 3. mgr. er sett fram sú fortakslausu regla að starfsfólki stofnana eða heimila skv. X. gr. er óheimilt er að beita fjötrum eða vopnum við framkvæmd valdbeitingar. Í 4. mgr. er þá áréttað að skrá skuli líkamlega valdbeitingu og tilkynna hana til viðeigandi aðila. Í 5. mgr. er kveðið á um tiltekin réttindi barns í tengslum við líkamlega valdbeitingu, þ.e. um möguleika á að fá skoðun heilbrigðisstarfsmanns og sálrænan stuðning í kjölfar hennar. Hér eru einkum höfð í huga möguleg meiðsli eða áföll barns tengd valdbeitingu. Forstöðumaður eða staðgengill hans yfirfer atvik	Nýtt

	skv. XY. gr. með hlutaðeigandi starfsfólki, sbr. 6. mgr. Um sjónarmið að baki 2. og 3. mgr. vísast einkum til viðmiða Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum um ungmenni svipt frelsi sínu á grundvelli refsilaga (Juveniles deprived of their liberty under criminal legislation, CPT/Inf(2015)1-part rev1, sjá einkum mgr. 119-120) og skýrslna umboðsmanns Alþingis á grundvelli OPCAT-efirlits vegna heimsóknna á neyðarvistun Stuðla og í búsetuúrræði Klettabæjar og Vinakots, sem áður er vikið að (sjá einkum skýrslu umboðsmanns Alþingis frá 16. desember 2024 vegna heimsóknar á neyðarvistun Stuðla, bls. 22-23). Um 4. mgr. vísast til athugasemda við x. gr.	
58. gr. Valdheimildir og málsmeðferð.		
Forstöðumaður vistunarúrræðis skv. x. gr. tekur ákvörðun um beitingu þvingunar skv. XX. – XY. gr. eða staðgengill hans sé hann fjarverandi. Sé hvorugur þeirra tiltækur tekur ábyrgðarmaður vaktar ákvörðun skv. XX. – XY. gr. Starfsfólk sem hlotið hefur viðeigandi þjálfun tekur ákvörðun um beitingu þvingunar skv. XX. gr. Að undanskildum neyðartilvikum skv. 4. mgr. skal aðeins taka ákvörðun um beitingu þvingunar að undangengnu mati á nauðsyn hennar þannig að vægari úrræði hafi verið reynd eða þau ekki talin duga til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt. Sé nauðsynlegt að beita barn þvingun skal val á þvingunarúrræði vera í eðlilegu samræmi við mikilvægi þeirra hagsmuna sem tryggja skal og þvingun ekki viðhöfð lengur en nauðsynlegt er. Við ákvarðanatöku um beitingu þvingunar fer skv. x. kafla. Í neyðartilvikum sem kalla á tafarlaugar ráðstafanir í þágu öryggis skal viðhafa málsmeðferð í samræmi	Í XY. gr. er fjallað um valdheimildir, meðferð mála skv. XXX. kafla, kvartanir og kærur. Til að tryggja tiltekin gæði ákvarðana um beitingu þvingunar er í 1. mgr. kveðið á um hver hafi heimild til ákvarðanatöku samkvæmt XX. – XX. gr. Þannig er ætlunin m.a. að tryggja að ábyrgðin liggi fyrst og fremst hjá yfirmönnum en einnig að koma í veg fyrir að óvant eða reynslulítið starfsfólk taki slíkar ákvarðanir. Í 2. mgr. eru áréttuð skilyrði um nauðsyn og meðalhóf sem þarf að uppfylla áður en tekin er ákvörðun um þvingun gagnvart barni, að undanskildum neyðartilvikum skv. 4. mgr. Teljist nauðsynlegt að beita barn þvingun skal val á þvingunarrúrræði vera í eðlilegu samræmi við mikilvægi þeirra hagsmuna sem tryggja skal og þvingun ekki viðhöfð lengur en nauðsynlegt er. Í þessu sambandi þarf að meta heildstætt þá hagsmuni sem um ræðir hverju sinni. Sem dæmi má nefna að við ákvarðanatöku um takmarkanir á samskiptum barns við aðra getur verið um að ræða	Nýtt

við 3. mgr. svo fljótt sem kostur er í kjölfar ráðstafana. Kröfu um endurskoðun ákvörðunar um takmörkun á ferðafrelsi skv. a-lið 1. mgr. XX. gr. skal beina til héraðsdóms í þeirri þinghá þar sem barn á lögheimili eða þar sem það dvelur. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá birtingu ákvörðunar. Barn getur verið sóknaraðili í dómsmáli samkvæmt 7. mgr., óháð aldri þess. Um málsmeðferð fyrir dómi fer að öðru leyti skv. XI. kafla. Aðrar ákvarðanir á grundvelli XX. - XX. gr. eru kærانlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.	öryggishagsmuni andspænis friðhelgi einkalífs barnsins og félagslegum hagsmunum þess. Við slíkt heildarmat þarf þá að horfa til þess hvort ráðstöfun sé nauðsynleg til að tryggja öryggi eða hvort aðrar og vægari leiðir að sama markmiði koma til greina. Þá skal þvingun ekki vara lengur en nauðsynlegt er. Í 3. mgr. er áréttað að reglur x. kafla gilda við beitingu þvingunar. Í því felst meðal annars að upplýsa skal barn um réttindi þess skv. X. og Y. gr., þ.m.t. um kvörtunar- og kæruleiðir, og bjóða því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, eftir atvikum með aðstoð talsmanns eða lögmanns. Samkvæmt 4. mgr. skal í neyðartilvikum sem kalla á tafarlaugar ráðstafanir í þágu öryggis viðhafa málsmeðferð skv. 2. mgr. svo fljótt sem kostur er í kjölfar ráðstafana. Er þá haft í huga að vegna neyðarástands hafi ekki unnist tími til að upplýsa barn um réttindi þess og veita því andmælarétt áður en gripið var til ráðstöfunar. Í 5. mgr. eru rakin atriði sem ber að skrá við beitingu þvingunar. Um sjónarmið að baki 5. mgr. vísast einkum til tilmæla og ábendinga umboðsmanns Alþingis í áðurgreindum skýrslum á grundvelli OPCAT-eftirlits vegna heimsóknar í vistunarúrræði fyrir börn. Af ákvæðum stjórnarskrár og laga um mannréttindasáttmála Evrópu leiðir að hver sá sem er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Samkvæmt 5. mgr. skal því beina kröfu um endurskoðun ákvörðunar um takmörkun á ferðafrelsi barns, skv. a-lið 1. mgr., til dómstóla, og verður krafa þess efnis að berast innan fjögurra vikna frá birtingu ákvörðunar. Um meðferð málanna fer skv. x. kafla. Í því felst meðal annars að barn geti verið sóknaraðili í máli skv. 7. mgr. Þótt rétturinn sé fyrst og fremst barnsins kann eðli málsins samkvæmt að vera um það að ræða að foreldri eða lögmaður barns leggi	
---	--	--

	fram slíka kröfu fyrir hönd þess, sem og að talsmaður barns aðstoði það við að leggja fram slíka kröfu. Aðrar ákvarðanir samkvæmt XXX. kafla eru kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. mgr.	
--	--	--

VII. Fóstur.

59. gr. Um fóstur.		
Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarþjónusta feli fósturforeldrum umsjá barns þegar fyrir liggur að vista þarf barnið utan heimilis. Fóstur getur verið tvenns konar, tímabundið eða varanlegt. Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið geti snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns. Með varanlegu fóstri er átt við að fóstur haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarþjónustu. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal að hámarki vera eitt ár. Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldra í fóstursamningi.	Greinin fjallar með almennum hætti um fóstur og er að mestu samhljóða ákvæði 65. gr. núgildandi barnaverndarlaga. Í 1. mgr. er annars vegar fjallað um það við hvað er átt með fóstri í skilningi laganna og hins vegar um það undir hvaða kringumstæðum unnt er að beita úrræðinu. Í gildandi lögum eru tilvikin talin upp í nokkrum staflidum en lagt er til að einfalda framsetningu ákvæðisins og fella staflidina brott. Í gildandi lögum er það gert að skilyrði fyrir beitingu fósturráðstöfunar að fósturforeldrar taki við umsjá barns í að lágmarki þrjá mánuði. Orðalag gildandi ákvæðis hefur komið í veg fyrir að fósturforeldrar geti tekið við barni sem þarfnast vistunar til skemmri tíma jafnvel þó að ríkur vilji allra hlutaðeigandi aðila sé til staðar. Með hliðsjón af því að gerðar eru ríkari kröfur til fósturforeldra heldur en annarra einstaklinga sem heimilt er að annast börn tímabundið á heimili sínu á grundvelli laganna þykir rétt að leggja til að skilyrðið verði fellt brott. Að teknu tilliti til sjónarmiða um stöðugleika í lífi barns er þó áfram gert ráð fyrir því að við ráðstöfun barns í fóstur verði almennt litið til þess að barn sé vistað hjá fósturforeldrum að lágmarki til þriggja mánaða en ekki þykir rétt að slík tímamörk séu bundin í lagaákvæðinu sjálfu. Í 2. mgr. er kveðið á um það að fóstur geti annars vegar verið tímabundið og hins vegar varanlegt. Í gildandi barnaverndarlögum er gerður slíkur	65. gr. bvl. [Með fóstri er í lögum þessum átt við að [barnaverndarþjónusta] 1) feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að: a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun, b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstur barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir, c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi, d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá [barnaverndarþjónustu] 1) eða fær [alþjóðlega vernd] 2) eða dvalarleyfi á Íslandi.] 3) Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati [barnaverndarþjónustu]. 1) Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár. [Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið

Ef barn, sem ráðstafað er í föstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fösturheimili. Ráðherra skal setja reglugerð um föstur. Þar skal fjallað nánar um föstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla.	greinarmunur og er lagt til að ákvæðið haldist efnislega óbreytt. Þó er lagt til að fyrst verði fjallað um tímabundið föstur og í framhaldi varanlegt föstur. Þykir sú uppsetning skýrari m.t.t. þess að almennt er gerður samningur um tímabundið föstur áður en tekin er ákvörðun um varanlegt föstur. Í 3. mgr. er markmiði fösturs lýst en það er öðru fremur að finna barni annað heimili. Sú skylda er lögð á barnaverndarþjónustu og fösturforeldra að tryggja barni góðan aðbúnað. Þá er kveðið á um að nánar skuli fjallað um fösturráðstöfunina í föstursamningi. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 3. mgr. 65. gr. gildandi barnaverndarlaga og lagt er til að það verði tekið óbreytt upp. Í 4. mgr. er tekið fram að við sérstakar aðstæður sé heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fösturheimili. Í reglugerð um föstur, nr. 804/2004, og í framkvæmd er fjallað um styrkt föstur. Áfram þykir rétt að leggja til að kveðið verði sérstaklega á um þetta í ákvæðinu. Í 5. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji nánari reglur um föstur í reglugerð. Ákvæðið er nú að finna í 78. gr. gildandi barnaverndarlaga.	aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið föstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.] 3) Markmið fösturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fösturforeldrum og þeir skulu sýna fösturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fösturforeldris í föstursamningi. Ef barn, sem ráðstafað er í föstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fösturheimili í stað þess að vista það á stofnun.
60. gr. Fösturforeldrar. Fösturforeldrar skulu vera vel í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi. Fösturforeldrar skulu jafnframt vera við góða almenna heilsu og búa við stöðugleika, sem og félagslegt og fjárhagslegt öryggi. Barna- og fjölskyldustofa veitir fösturforeldrum fræðslu og faglegan stuðning. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um hæfi fólks til að taka börn í föstur, þar á meðal um kröfur til fösturforeldra.	Í greininni er fjallað um fösturforeldra. Í 65. gr. a gildandi barnaverndarlaga er fjallað um almennar kröfur til fösturforeldra. Lagðar eru til afmarkaðar breytingar á uppsetningu greinarinnar sem miða einkum að því að auka skýrleika í framsetningu og tryggja betra samræmi við ákvæði X. gr. sem fjallar um málsmæðferð leyfisveitinga til fösturforeldra. Breytingarnar hafa ekki áhrif á þær kröfur sem gerðar eru til fösturforeldra samkvæmt gildandi lögum. Talið er rétt að áfram verði gerðar ríkar kröfur til þeirra aðila sem taka að sér að annast börn	65. gr. a. bvl. Fösturforeldrar skulu vera vel í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi. Við mat skv. 1. mgr. skal m.a. líta til sakaferils og heilsufars fösturforeldra og fjárhags og félagslegra þátta, svo sem fjölskyldusamsetningar. Barna- og fjölskyldustofa veitir fösturforeldrum fræðslu og faglegan stuðning. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um hæfi fólks til að taka börn í föstur, þar á meðal um kröfur til fösturforeldra.]

	í fóstri enda búa hlutaðeigandi börn almennt við erfiðar aðstæður. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 65. gr. a gildandi laga og byggir á því sjónarmiði að mikilvægt er að þau börn sem ráðstafað er í fóstur búi við tryggja umönnun og öryggi. Í 2. málsl. er lagt til að kveðið verði á um það í ákvæðinu að fósturforeldrar skuli jafnframt vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika og fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Orðalag 2. málsl. er í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004, sem og orðalag 2. mgr. 65. gr. a gildandi barnaverndarlaga sem fjallar um það til hvaða atriða skuli líta við mat á hæfi fósturforeldra. Með frumvarpinu er lagt til að fjallað verði um matið sjálft í X. gr. en að skilyrðin verði tekin upp með framangreindum hætti í ákvæðinu um þær kröfur sem gerðar eru til fósturforeldra. Í 2. mgr. er fjallað um fræðslu og faglegan stuðning Barna- og fjölskyldustofu og er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 65. gr. a gildandi barnaverndarlaga. Að lokum er í 3. mgr. að finna heimild til setningar reglugerðar um hæfi fólks til að taka börn í fóstur. Heimildina er nú að finna í 4. mgr. 65. gr. a gildandi laga.	
61. gr. Málsmeðferð leyfisveitinga.	Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitir leyfi til að taka börn í fóstur að fenginni umsögn Barna- og fjölskyldustofu. Eftir að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála berst umsókn skal stofnunin senda hana til umsagnar Barna- og fjölskyldustofu nema augljóst þyki að skilyrði fyrir útgáfu leyfis séu ekki uppfyllt. Barna- og fjölskyldustofa hefur samvinnu við barnaverndarþjónustu í heimilisumdæmi umsækjenda við gerð umsagnar. Barna- og	Greinin fjallar um málsmeðferð leyfisveitinga og er að mestu óbreytt frá 66. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 107/2021. Þær breytingar sem eru lagðar til lúta að því að lagt er til að fjallað verði um mat á hæfni umsækjanda við gerð umsagnar í sama ákvæði og fjallað er um málsmeðferð leyfisveitinga. Ákvæðið er að finna í 2. mgr. 65. gr. a gildandi laga en lagt er til að það verði tekið upp í 3. málsl. 2. mgr. greinarinnar. Þá er lagt til að Gæða- og
	66. gr. bvl. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitir leyfi til að taka börn í fóstur að fenginni umsögn Barna- og fjölskyldustofu. Eftir að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála berst umsókn skal stofnunin senda hana til umsagnar Barna- og fjölskyldustofu nema augljóst þyki að skilyrði fyrir útgáfu leyfis séu ekki uppfyllt. Barna- og fjölskyldustofa hefur samvinnu við [barnaverndarþjónustu] 1) í heimilisumdæmi	

fjölskyldustofa boðar umsækjendur jafnframt á námskeið. Markmið með námskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjenda og hins vegar að veita umsækjendum leiðbeiningar og fræðslu. Við mat á hæfni umsækjenda og gerð umsagnar skal Barna- og fjölskyldustofa einnig líta til þeirra atriða sem tiltekin eru í 1. mgr. X. gr. og sakaferils umsækjenda X. Að loknu námskeiði sendir Barna- og fjölskyldustofa Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála umsögn sína. Þegar sérstaklega stendur á getur Barna- og fjölskyldustofa gefið umsögn án þess að umsækjendur hafi sótt námskeið. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála tilkynnir umsækjanda, Barna- og fjölskyldustofu og barnaverndarþjónustu um niðurstöðu sína. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um leyfisveitingar, þar á meðal um umsögn Barna- og fjölskyldustofu og samvinnu við barnaverndarþjónustu.	eftirlitsstofnun velferðarmála tilkynni umsækjanda, Barna- og fjölskyldustofu og barnaverndarþjónustu um niðurstöðu sína, en áður þurfti stofnunin eingöngu að tilkynna umsækjanda og Barna- og fjölskyldustofu um hana.	umsækjenda við gerð umsagnar. Barna- og fjölskyldustofa boðar umsækjendur jafnframt á námskeið. Markmið með námskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjenda og hins vegar að veita umsækjendum leiðbeiningar og fræðslu. Að loknu námskeiði sendir Barna- og fjölskyldustofa Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála umsögn sína. Þegar sérstaklega stendur á getur Barna- og fjölskyldustofa gefið umsögn án þess að umsækjendur hafi sótt námskeið. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála tilkynnir umsækjanda og Barna- og fjölskyldustofu um niðurstöðu sína. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð 2) um leyfisveitingar, þar á meðal um umsögn Barna- og fjölskyldustofu og samvinnu við [barnaverndarþjónustu]. 1)] 3)
62. gr. Val á fösturforeldrum. Barna- og fjölskyldustofa heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í föstur. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í föstur sendir beiðni um fösturheimili til Barna- og fjölskyldustofu áður en barnið fer á fösturheimili og velur fösturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Velja ber fösturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Val á fösturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og valda sem minnstri röskun á höfum þess. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fösturheimili nema sérstakar ástæður hamli.	Í greininni er fjallað um val á fösturforeldrum. Greinin er samhljóða 67. gr. gildandi barnaverndarlaga, eins og henni var breytt með lögum nr. 107/2021.	67. gr. bvl. [Barna- og fjölskyldustofa heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í föstur. [Barnaverndarþjónusta] 1) sem ráðstafar barni í föstur sendir beiðni um fösturheimili til Barna- og fjölskyldustofu áður en barnið fer á fösturheimili og velur fösturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Velja ber fösturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Val á fösturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og valda sem minnstri röskun á höfum þess. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fösturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

Telji barnaverndarþjónusta þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. x. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef ríkið tekur þátt í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. x. gr. eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barna- og fjölskyldustofu, svo sem varðandi kostnaðarþátttöku ríkisins og forsendur fyrir slíkum greiðslum. Barna- og fjölskyldustofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarþjónustu.		Telji [barnaverndarþjónusta] 1) þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 4. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef ríkið tekur þátt í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barna- og fjölskyldustofu, svo sem varðandi kostnaðarþátttöku ríkisins og forsendur fyrir slíkum greiðslum. Barna- og fjölskyldustofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við [barnaverndarþjónustu]. 1)] 2)
63. gr. Fóstursamningur.		
Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarþjónusta og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um: 1. Lögheimili barns og daglega umsjá. 2. Forsjárskyldur, þar með talin lögráð. 3. Áætlaðan fósturtíma, sbr. x. gr. 4. Framfærslu barns og annan kostnað. 5. Umgengni barns við foreldra eða aðra nákomna. 6. Stuðning barnaverndarþjónustu við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir. 7. Slit samnings vegna breyttra forsendna. 8. Sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. x. gr., þegar það á við. 9. Annað sem málið kann að varða. Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess, þ.e. sjálfræði og fjárræði, skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum. Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í	Í greininni er fjallað um fóstursamning sem barnaverndarþjónusta og fósturforeldrum er skylt að gera við ráðstöfun barns í fóstur. Greinin er samhljóða 68. gr. gildandi barnaverndarlaga og í 1. mgr. hennar er mælt fyrir um efni fóstursamnings í nokkrum stafliðum. Af orðalagi greinarinnar er ljóst að um er að ræða samning milli barnaverndarþjónustu og fósturforeldra og eru aðrir aðilar, þ.m.t. kynforeldrar barns, ekki aðilar að samningnum. Lagt er til að í greininni verði einnig fjallað um umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra sem nú er kveðið á um í 69. gr. gildandi laga í greininni. Fjallað er um þessi atriði í fóstursamningi og þykir það til þess fallið að auka skýrleika að sameina ákvæðin.	68. gr. bvl. Við ráðstöfun barns í fóstur skulu [barnaverndarþjónusta] 1) og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um: a. lögheimili barns og daglega umsjá, b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð, c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr., d. framfærslu barns og annan kostnað, e. umgengni barns við [foreldra] 2) eða aðra nákomna, f. stuðning [barnaverndarþjónustu] 1) við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir, g. slit samnings vegna breyttra forsendna, h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr., þegar það á við, i. annað sem málið kann að varða. 69. gr. bvl. Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er

fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.		ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum. Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.
--	--	---

64. gr. Réttindi barns í fóstri.		
Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við foreldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. x. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. x. gr. skal barnaverndarþjónusta sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal barnaverndarþjónusta í þessum tilvikum gera stuðningsáætlun í samvinnu við foreldri. Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarþjónusta hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.	Greinin fjallar um réttindi barns í fóstri og er óbreytt frá 70. gr. gildandi barnaverndarlaga. Rétt þykir að leggja til að áfram verði fjallað um réttindi barns í fóstri í sérstöku ákvæði þar sem réttarstaða þeirra er að mörgu leyti ólík réttarstöðu annarra barna. Þó er rétt að árétt að fjölmörg önnur ákvæði laganna gilda einnig um réttindi barna sem ráðstafað er í fóstur.	70. gr. bvl. [Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við foreldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. 74. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns. [Barnaverndarþjónusta] 1) sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. [67. gr. a, 67. gr. b eða 67. gr. c] 2) skal [barnaverndarþjónusta] 1) sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal [barnaverndarþjónusta] 1) í þessum tilvikum gera áætlun um stuðningsúræði í samvinnu við foreldri skv. 23. gr.] 3) Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform [barnaverndarþjónusta] 1) hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

65. gr. Undirbúning barns og fósturforeldra fyrir fóstur.		
Barnaverndarþjónustu ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarþjónustu sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.	Í greininni er fjallað um þann undirbúning sem mikilvægt er að fari fram þegar barn er skilið frá foreldrum sínum og ráðstafað í fóstur. Ákvæðið er samhljóða 72. gr. gildandi barnaverndarlaga.	72. gr. bvl. [Barnaverndarþjónustu] 1) ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá [foreldrum] 2) og fyrir væntanlegt fóstur. [Barnaverndarþjónustu] 1) sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.
66. gr. Tilkynning um gerð fóstursamnings.		
Barnaverndarþjónusta skal tilkynna Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarþjónusta tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á. Barna- og fjölskyldustofa heldur skrá yfir börn í fóstri.	Barnaverndarþjónusta skal tilkynna Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarþjónusta tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á. Barna- og fjölskyldustofa heldur skrá yfir börn í fóstri.	73. gr. bvl. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal tilkynna [Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála] 2) um gerð fóstursamnings og lok fósturs. [Barnaverndarþjónusta] 1) tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á. [Barna- og fjölskyldustofa] 2) heldur skrá yfir börn í fóstri.
67. gr. Umgengni í fóstri.		
Barn á rétt til umgengni við foreldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Foreldrar eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni. Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við foreldra og aðra nákomna og	Í greininni er fjallað um umgengi í fóstri en greinina er að finna í 74. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ákvæði 1. – 3. mgr. greinarinnar eru tekin óbreytt upp frá gildandi lögum en með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á öðrum ákvæðum greinarinnar. Í 4. mgr. er lagt til að barnaverndarþjónustu verði falið að leysa ágreiningsefni er varða umgengi barns við foreldra og aðra nákomna og eftir atvikum taka ákvörðun um að foreldri, eða aðrir sem telja sig nákomna barninu, skuli ekki njóta umgengnisréttar. Í gildandi barnaverndarlögum er kveðið á um það að umdæmisráð úrskurði um slík ágreiningsefni. Í framkvæmd hefur ferlið reynst þungt í vöfum og þykir því rétt að leggja til að fela barnaverndarþjónustu aukið vald að þessu leyti.	74. gr. bvl. Barn á rétt til umgengni við [foreldra] 1) og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. [Foreldrar] 1) eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarþjónusta skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Barnaverndarþjónusta leysir ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarþjónustu, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur þjónustan tekið ákvörðun um að foreldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarþjónusta getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarþjónusta ákvörðun um breytingar á samningi. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarþjónusta endurskoði ákvörðun um umgengnisrétt. Barnaverndarþjónusta getur tekið ákvörðun um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart foreldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið ákvörðun samkvæmt þessari grein til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í 5. mgr. er kveðið á um það að þeir sem umgengni eigi að rækja geti óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu er með nógildandi lögum gert ráð fyrir því að umdæmisráð taki ákvörðun um breytingar á samningi með úrskurði. Með frumvarpinu er lagt til að slíkt ákvörðunarvald verði einnig fært til barnaverndarþjónustu í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til á greininni. Í 6. mgr. er fjallað um endurskoðun fyrri ákvörðunar barnaverndarþjónustu um umgengni. Í ákvæði 6. mgr. 74. gr. gildandi barnaverndarlaga er kveðið á um þennan rétt en þar er verkefnið falið umdæmisráði barnaverndar. Í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til er lagt að barnaverndarþjónustu verði falin slík endurskoðun. Í 7. mgr. er kveðið á um ákvörðun barnaverndarþjónustu um að halda dvalarstað barns leyndum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Í ákvæði 7. mgr. 74. gr. gildandi barnaverndarlaga er kveðið á um úrskurð umdæmisráðs en í samræmi við aðrar breytingar er lagt til að ákvörðunarvaldið um að halda dvalarstað barns leyndum verði fært til barnaverndarþjónustu. Að lokum er í 8. mgr. lagt til að kveðið verði á um heimild til þess að skjóta ákvörðun barnaverndarþjónustu á grundvelli greinarinnar til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Við ráðstöfun barns í föstur skal taka afstöðu til umgengni barns við [foreldra] 1) og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir [barnaverndarþjónusta] 2) skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. ... 1) [Umdæmisráð barnaverndar] 3) hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við [foreldra] 1) og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati [Umdæmisráðs barnaverndar], 3) að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur [ráðið] 3) úrskurðað að [foreldri] 1) skuli ekki njóta umgengnisréttar. [Umdæmisráð barnaverndar] 3) getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef [það] 3) telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur [Umdæmisráð barnaverndar] 3) ákvörðun með úrskurði. Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að [Umdæmisráð barnaverndar] 3) endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. [Umdæmisráði barnaverndar] 3) er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður [Umdæmisráðs barnaverndar] 3) eða [úrskurðarnefndar velferðarmála] 4) var kveðinn upp. [Umdæmisráð barnaverndar] 3) getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart [foreldrum], 1) ef hagsmunir barnsins krefjast þess.
--	--	---

		[Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið úrskurði samkvæmt þessari grein til [úrskurðarnefndar velferðarmála].
68. gr. Réttarstaða fösturforeldra við ákvörðun um umgengni.		
Ávallt skal kanna viðhorf fösturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða tekin ákvörðun um umgengni. Fösturforeldrar barns í varanlegu föstri eru aðilar að máli um umgengni skv. x. gr. Þeir taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að máli og geta skotið ákvörðun um umgengni til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Greinin fjallar um réttarstöðu fösturforeldra við ákvörðun um umgengni. Greinin er efnislega samhljóða 74. gr. a gildandi barnaverndarlaga en þó hafa verið gerðar breytingar á orðalagi sem miða að því að tryggja samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á X. gr. sem fjallar um umgengni í föstri.	74. gr. a bvl. Ávallt skal kanna viðhorf fösturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni. Fösturforeldrar barns í varanlegu föstri eru aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Þessir fösturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til [úrskurðarnefndar velferðarmála].
69. gr. Framfærsla og annar kostnaður vegna barna í föstri.		
Sveitarfélag sem ráðstafar barni í föstur ber ábyrgð á að greiða fösturforeldrum framfærslueyri, fösturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara. Um skiptingu kostnaðar vegna fösturs á grundvelli x. gr. fer samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Fösturforeldrar og fösturbarn eiga rétt á allri almenntri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið föstur til fösturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu barnsins fer samkvæmt grunnskólalögum.	Í greininni er fjallað um framfærslu og annan kostnað vegna barns í föstri og er greinin óbreytt frá 75. gr. gildandi barnaverndarlaga.	75. gr. bvl. [Sveitarfélag sem ráðstafar barni í föstur ber ábyrgð á að greiða fösturforeldrum framfærslueyri, fösturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara. [Um skiptingu kostnaðar vegna fösturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð 1) er ráðherra setur.] 2) Fösturforeldrar og fösturbarn eiga rétt á allri almenntri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið föstur til fösturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu barnsins fer samkvæmt grunnskólalögum.] 3)

70. gr. Endurskoðun fóstursamnings.		
Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubreysts, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarþjónustu og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til. Tilkynningar skv. 7. eða 8. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarþjónustu sem ráðstafaði barni í fóstur. Er þjónustunni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarþjónusta tekið ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi. Ákvörðun barnaverndarþjónustu samkvæmt þessari grein er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í greininni er kveðið á um endurskoðun fóstursamnings. Sambærilegt ákvæði er að finna í 77. gr. gildandi barnaverndarlaga. Mikilvægt er að áfram sé kveðið á um endurskoðun fóstursamnings í lögunum og er lagt til að ákvæðin verði tekin upp óbreytt. Einu breytingarnar sem eru lagðar til á ákvæðinu felast í vísun í ákvæði um tilkynningarskylduna og er það í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.	77. gr. bvl. Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubreysts, ber fósturforeldrum að tilkynna það [barnaverndarþjónustu] 1) og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til. Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til [barnaverndarþjónustu] 1) sem ráðstafaði barni í fóstur. Er [þjónustunni] 2) skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur [barnaverndarþjónusta] 1) með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 3)

VIII. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila.

71. gr. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila og fastrar búsetu.		
Þegar barn kemur hingað til lands til dvalar eða finnst hér í dvöl án forsjáraðila og án þess að vera með fasta búsetu hér ber barnaverndarþjónustu, þar sem barn er statt, að hefja könnun máls, sbr. x. kafla. Leiði könnun til þess að ástæða er til að beita úrræðum eða ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum skal leggja mál í þann farveg. Ef barn skv. 1. mgr. hefur sótt um heimild til dvalar hér á landi og er hér á landi án fullorðins ættingja eða annars nákomins aðila, sem fer með umsjá þess, skal beita vistunarúrræðum skv. x. gr. Heimilt er að beita vistunarúrræðum skv. x. gr. gagnvart börnum skv. þessari grein þótt samþykki liggi ekki fyrir.	Greinin fjallar um aðkomu barnaverndarþjónustu að málefnum barna sem eru hér á landi án fastrar búsetu og forsjáraðila. Í 5. mgr. 15. gr. gildandi barnaverndarlaga er fjallað um stöðu þessara barna. Þar er mælt fyrir um að barnaverndarþjónusta fari með umsjá barns eftir því sem þörf krefur og beri að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess. Þegar börn hafa verið hér á landi með nákomnum ættingjum með leyfi forsjárforeldra hefur verið horft til 90. gr. gildandi barnaverndarlaga um heimild forsjárforeldra til að vista barn með þessum ættingjum. Í framkvæmd hefur skapast óvissa um hvernig horfa eigi á umsjá barns þegar 90. gr. hefur verið talin eiga við og	Nýtt.

	börnum leyft að vera áfram í umsjá ættingja hér á landi. Þess ber þó að geta að þegar mat barnaverndarþjónustu leiðir til þess að nauðsynlegt er að aðskilja barnið frá viðkomandi ættingja hefur barnaverndarþjónusta tekið við umsjá barns. Þetta hefur þó valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd því 90. gr. barnaverndarlaga var ekki ætlað að ná til barna sem eiga forsjárforeldra í öðru landi og hafa aldrei komið hingað til lands. Er því lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á meðferð mála barna sem eru hér á landi án forsjáraðila og án fastrar búsetu. Breytingunum er ætlað að tryggja að barnaverndarþjónustur meti aðstæður barna sem eru hér án forsjáraðila í upphafi og leggi mál í viðeigandi farveg eftir því hvort börn eru í tryggum aðstæðum með ættingja eða öðrum nákomnum aðila eða ótryggum aðstæðum, t.d. vegna þess að þau eru ein á ferð eða grunur er um mansal eða aðra misnotkun. Ástæða þessa breytinga er meðal annars reynsla undanfarinna ára þar sem töluverður fjöldi barna hefur komið hingað til lands með ættingjum eða öðrum nákomnum aðilum fyrir tilstuðlan foreldra sinna, meðal annars vegna stríðsátaka í Úkraínu. Oftar en ekki búa þessi börn við gott atlæti og ekki ástæða til að barnaverndarþjónustur taki yfir umsjá þessara barna við komu til landsins. Þá ber að geta þess að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur tekið fram í almenntri athugasemd nr. 6 að þegar aðstæður eru með því móti að barn er aðskilið frá foreldrum sínum en er í fylgd með fjölskyldumeðlim eigi almennt að ganga út frá því að umsjá barns fari til fjölskyldumeðlimar nema eitthvað komi fram sem bendi til þess að slíkt væri ekki í samræmi við bestu hagsmuni barnsins. Dæmi um slíkt gæti verið grunur um misnotkun.	
--	---	--

	Greinin nær til barna sem eru hér á landi án foreldra eða annarra forsjáraðila. Hér er jafnframt átt við börn sem eru hér með aðilum sem ekki er vitað hvort fara með forsjá þeirra. Rétt er að börn njóti vafans í þessu efni og að mál séu lögð í farveg samkvæmt ákvæðinu þegar vafi leikur á hvort sá sem fylgir barni fer með forsjá þess. Í ákvæðinu er fjallað um börn sem koma til dvalar eða dvelja hér án þess að vera með fasta búsetu. Hér er átt við börn sem hafa eftir atvikum sótt um heimild til dvalar, t.d. með umsókn um alþjóðlega vernd, eða eru hér í ólögmætri dvöl. Ekki er átt við börn sem eru hér á landi í tengslum við ferðalög. Í 1. mgr. er fjallað um þann tímapunkt sem barnaverndarþjónustur hafa fyrst aðkomu að málum barna sem eru hér á landi án forsjáraðila. Í flestum tilvikum verður vart við barn þegar það kemur að landamærunum án forsjáraðila og felur ákvæðið í sér að sú barnaverndarþjónusta, þar sem barn er statt, skuli þá og þegar hefja könnun máls. Í undantekningartilvikum kemst barn inn fyrir landamærin án forsjáraðila og ber þá barnaverndarþjónustu þar sem vart verður við barnið í dvöl hér á landi að hefja könnun máls án tafar. Þetta getur til dæmis átt við staðinn þar sem barn leggur fram umsókn um alþjóðlega vernd. Þetta getur jafnframt átt við um þann stað þar sem barn er með fasta búsetu þegar það missir rétt til dvalar hér á landi. Ef vafi vaknar um hvaða barnaverndarþjónustu ber að vinna mál fer um úrlausn þeirra samkvæmt x. gr. Í 1. mgr. felst að barnaverndarþjónustu ber að gera könnun á aðstæðum barna sem ákvæðið tekur til. Um er að ræða sérstaka reglu sem gengur framar almennri reglu x. gr. sem veitir barnaverndarþjónustu mat um hvort tilkynning eða upplýsingar séu þess eðlis að ástæða sé til að hefja	
--	---	--

	könnun máls. Er hér horft til þess að börn sem eru hér á landi án forsjáraðila eru almennt í viðkvæmri stöðu þar sem þarf að taka sérstakt tillit til öryggis, aðstæðna og líðan barns ásamt því að framkvæma getur þurft áhættumat vegna mansals. Að lokinni könnun tekur barnaverndarþjónusta afstöðu til þess hvort ástæða er til að beita ráðstöfunum samkvæmt barnaverndarlögum. Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við almennar reglur x. kafla sem fela barnaverndarþjónustum mat um hvort ástæða er til að beita úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum að lokinni könnun. Gera má ráð fyrir að þegar barn er hér á landi með leyfi forsjáraðila í umsjá fullorðins ættingja eða annars nákomins aðila, og niðurstöður könnunar benda að öðru leyti ekki til þess að þörf sé á úrræðum laganna, sé máli lokað. Í því felst að barnaverndarþjónusta er ekki með opið barnaverndarmál gagnvart þessum börnum en tekur við tilkynningum og upplýsingum um börnin og leggur í almennan farveg eftir því sem þörf er á. Í þessu sambandi má benda á að tilkynningaskylda vegna þessa hóps barna er sérstaklega áréttuð í x. mgr. x. gr. og tekur hún til dæmis til starfsfólks í búsetuúrræðum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í 2. mgr. er fjallað um sérreglur sem gilda um ráðstafanir barnaverndar vegna barna sem eru hér á landi ein á ferð án forsjáraðila og án þess að vera í umsjá fullorðins ættingja eða annars nákomins aðila. Í 2. mgr. felst að niðurstaða könnunar mála þessara barna er ávallt að gera meðferðaráætlun, sbr. x. gr., þar sem m.a. er fjallað um vistun barnsins á vegum barnaverndaryfirvalda. Þegar kemur til könnunar og áætlanagerðar skv. 1. mgr. og vistunar skv. 2. mgr. er gert ráð fyrir samstarfi við foreldra eða aðra sem fara með forsjá	
--	--	--

	barnsins. Þó gerir 3. mgr. ráð fyrir því að ekki alltaf sé hægt að ná í foreldra eða aðra sem fara með forsjá barns, í það minnsta ekki strax við komu til landsins. Helgast þetta meðal annars af aðstæðum sem tengjast eðli umsókna um alþjóðlega vernd, og endurspeglast í x. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 15. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sem banna stjórnvöldum að afla upplýsinga eða veita upplýsingar um einstök mál sem tengjast umsækjendum um alþjóðlega vernd á þann hátt að þeir sem valdir hafa verið að ofsóknum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð í máli viðkomandi útlendinga geti fengið upplýsingar um mál hans þannig að öryggi viðkomandi eða fjölskyldu hans sé teflt í tvísýnu. Þar sem barn er hér á landi án heimildar til dvalar í afmarkaðan tíma er lagt til að ekki þurfi samþykki foreldra eða annarra forsjáraðila til að beita vistunarúræðum gagnvart þessum hópi barna, á meðan þau eru hér á landi án heimildar til dvalar.	
72. gr. Börn sem eru hér á landi án forsjáraðila og fá heimild til dvalar.		
Þegar barn sem er hér á landi án forsjáraðila fær heimild til dvalar ber að tilkynna um það til barnaverndarþjónustu. Ber þjónustunni þá að endurskoða stuðningsáætlun, sbr. x, ef slík áætlun er í gildi. Ef ekkert barnaverndarmál er opið þegar tilkynning berst skal hefja könnun máls, sbr. x. kafla. Leiði endurskoðun áætlunar um meðferð máls eða könnun til þess að ástæða er til að beita úrræðum eða ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum skal leggja mál í þann farveg.	Í ákvæðinu er fjallað um það þegar barn sem er hér á landi án forsjáraðila fær heimild til dvalar hér á landi. Í ákvæðinu felst að tilkynna ber til barnaverndarþjónustu þegar slík heimild er veitt og barn er hér á landi án forsjáraðila. Ákvæðið er orðað rúmt og getur tekið til útlendingayfirvalda eða eftir atvikum annarra sem halda utan um upplýsingar um heimild barna til dvalar hér landi. Gert er ráð fyrir að barnaverndarþjónusta hafi þegar haft aðkomu að málum þessara barna á meðan umsókn þeirra var til meðferðar, sbr. x. gr. Réttarstaða þeirra sem hafa heimild til dvalar hér á landi er önnur en þeirra sem ekki hafa slíka heimild, að því er varðar aðgang að ýmis konar þjónustu hér	Nýtt

	á landi. Með ákvæðinu er því mælt fyrir um að aðstæður barnsins séu alltaf endurskoðaðar þegar ákvörðun um heimild til dvalar er veitt. Þegar börn hafa verið vistuð á grundvelli x. gr. á vegum barnaverndaryfirvalda er nauðsynlegt að mál séu endurskoðuð út frá því að barn sé hér komið með búsetu. Endurskoðun ráðstafananna miðar þá að því að barn komist í ótímabundna vistun eða tímabundna vistun þar til forsjáraðili getur sameinast barninu. Ekki þykir rétt að heimild til að beita stuðningsúrræðum án samþykkis foreldra eða annarra forsjáraðila eigi lengur við. Ástæða þessa er einkum sú að veiting dvalarleyfis þýðir að barn er komið í lögmæta dvöl og því ekki ástæða til að gera aðrar kröfur til samþykkis forsjárforeldra og almennt gildir um börn hér á landi. Ber barnaverndarþjónustu því að leggja mál í hefðbundinn farveg vistunar utan heimilis ef samþykki forsjáraðila liggur ekki fyrir.	
--	---	--

IX. Málsmeðferð hjá stjórnvöldum.

73. gr. Gildissvið stjórnsýslulaga.		
Um meðferð barnaverndarmála hjá stjórnvöldum gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögunum. Um gildissvið stjórnsýslulaga gagnvart neyðarráðstöfunum og þvingunum fer eins og nánar er mælt fyrir um í lögunum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari fyrirmælum um meðferð mála samkvæmt lögunum, svo sem um tilkynningar, upplýsingar til barnaverndarþjónustu, könnun, samþættingu þjónustu, áætlanir, úrræði og stafræna meðferð mála.	Í 1. málsl. 1. mgr. er fjallað um gildissvið stjórnsýslulaga gagnvart meðferð mála samkvæmt frumvarpinu hjá stjórnvöldum. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. barnaverndarlaga, þar sem segir að um meðferð barnaverndarmála gildi ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögunum. Ástæða þess að sérstaklega er mælt fyrir um gildissvið stjórnsýslulaga gagnvart barnaverndarmálum er sú að barnaverndarmál hafa ýmiss konar sérstöðu sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum og aðgreinir þau frá hefðbundnum stjórnsýslumálum. Er því talið mikilvægt að lög mæli áfram fyrir um gildissvið stjórnsýslulaga í barnaverndarmálum. Með	38. gr. bvl. [Um meðferð barnaverndarmála gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Ákvæði kaflans gilda þegar barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, þ.m.t. við undirbúning mála til úrskurðar skv. 13. gr. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð 1) um meðferð barnaverndarmála, svo sem um tilkynningar, könnun, samþættingu þjónustu, gerð áætlana, úrræði og stafræna vinnslu.

	barnaverndarmáli er átt við alla meðferð mála hjá stjórnvöldum skv. x. gr. sem beinast að ákveðnu barni og foreldrum eða öðrum forsjáraðilum hjá stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal undirbúning ákvarðana til úrskurðar hjá barnaverndarráði. Rétt er að taka fram að úrvinnsla tilkynninga sem eru ekki tilefni þess að hefja könnun fellur utan gildissviðs stjórnsýslulaga, sbr. jafnframt x. gr. Þá er rétt að árétta að samkvæmt almennum reglum gilda stjórnsýslulög um ákvarðanir samkvæmt lögum sem falla að gildissvið stjórnsýslulaga, t.d. leyfisveitingar. Í 2. málsl. 1. mgr. er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um gildissvið stjórnsýslulaga þegar stjórnvöld beita neyðarráðstöfunum og þvingunum á grundvelli laganna. Í x. gr. er fjallað um neyðarráðstafanir en þar eru sérstakar reglur um að unnt sé að beita neyðarráðstöfunum án undanfarandi málsmeðferðar en að barnaverndarþjónustu beri að taka málið til meðferðar án tafar og taka ákvörðun innan 14 daga þar sem fylgt er málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga. Þá er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um í lögum að stjórnsýslulög gildi um ákvarðanir um þvingun á grundvelli laganna. Um er að ræða nýmæli í lögum en í framkvæmd hefur reglum stjórnsýslulaga verið fylgt þegar teknar eru ákvarðanir um beitingu þvingunar í úrræðum barnaverndaryfirvalda. Eins og á við um neyðarráðstafanir er í x. gr. sérstakar reglur um að heimilt sé að beita tilteknum þvingunum án undanfarandi málsmeðferðar og er gert ráð fyrir því í ákvæðinu. Í 1. mgr. felst eins og áður segir að gildissvið stjórnsýslulaga nær til þeirra mála sem þar er fjallað um. Í 39. til 42., 45. og 47. gr. gildandi barnaverndarlaga er að finna áréttingar á ýmsum reglum stjórnsýslulaga, þ.m.t. leiðbeiningarskyldu,	
--	---	--

	rannsóknarreglu, málshraða o.fl. Til einföldunar er lagt til að frumvarpinu verði þessar sérreglur felldar brott og þess í stað stuðst við almennar reglur stjórnsýslulaga. Breytingin felur ekki í sér að dregið sé úr kröfum til málsmeðferðar barnaverndarmála. Þá er rétt að áréttu að þar sem barnaverndarmál eru í eðli sínu mjög íþyngjandi leiðir af almennum reglum stjórnsýslulaga að gerðar eru ríkar kröfur til málsmeðferðarinnar. Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð með nánari fyrirmælum um meðferð mála samkvæmt lögunum. Reglan er efnislega sambærileg 2. mgr. 38. gr. gildandi barnaverndarlaga en á grundvelli greinarinnar var meðal annars sett ítarleg reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004, sem var mikið notuð í barnaverndarstarfi.	
74. gr. Aðild barns.		
Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili að málum skv. x. gr. Jafnframt er barn yngra en 15 ára aðili að máli sem varðar beitingu þvingunar gagnvart barninu skv. x. kafla.	Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram sú almenna regla að barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili að barnaverndarmálum hjá stjórnvöldum og málum sem varða neyðarráðstafanir og þvinganir. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga en þó orðað með almennari hætti svo það nái skýrlega til allra þátta barnaverndarmála svo og beitingar neyðarráðstafana og þvingana. Með því er ætlunin að renna ótvíræðari stoðum undir rétt barns til að tjá sig um mál á sama hátt og foreldrar þess, það hafi sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins og geti átt rétt á aðstoð lögmanns. Í 2. málsl. 1. mgr. er nýmæli sem fjallar um aðild barna að málum sem varða beitingu þvingunar. Til að tryggja réttindi barns og beinan kærurétt í tengslum við töku ákvörðunar um þvingun er lagt til það nýmæli að barn sé ávallt aðili máls sem varðar beitingu þvingunar, óháð aldri þess. Ákvarðanir um beitingu	1. mgr. 46. gr. bvl. Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

	þvingunar beinast að barninu sjálfu og er talið rétt að í þeim tilvikum sem þeim er beitt gagnvart börnum yngri en 15 ára verði þau börn talin aðilar sinna mála.	
75. gr. Þátttaka barns.		
Við alla málsmeðferð hjá stjórnvöldum skal gæta að réttindum barns skv. 4. gr., þ.m.t. réttinum til þátttöku í máli sem barnið varðar. Við meðferð mála samkvæmt lögum þessum á barn rétt á að fá aðlagðar upplýsingar um málið á þann hátt að það fái þær skilið. Þegar barn er vistað utan heimilis í vistunarúrræði skv. x. gr. skal barn ávallt við upphaf vistunar skal barn fá aðlagðar upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sín á þann hátt að það fái þær skilið. Barn á rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við málsmeðferðina óháð samþykki foreldra þess, annað hvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns. Barn á rétt á því að fá skipaðan talsmann við meðferð mála samkvæmt lögum þessum. Þegar barnaverndarþjónusta hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún leiðbeina barni um rétt þess til að fá skipaðan talsmann. Jafnframt skal barnaverndarþjónusta taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Í kjölfarið skal meta þörf barns fyrir talsmann með reglubundnum hætti og ef tilefni er til meðan á meðferð máls stendur. Áður en gripið er til vistunarúrræða skv. x. gr., forsjárviptingar, skv. x. gr. og úrræða án samþykkis, skv. x. gr., skal ávallt skipa barni talsmann. Réttur barns til talsmanns er óháður rétti barns til að aðstoðar lögmanns. Eftir því sem það er frekast unnt skal val á talsmanni vera í samræmi við óskir barns.	Í greininni er fjallað um rétt barns til þátttöku í eigin máli. Í 4. gr. er þessi réttur barns settur fram með almennum hætti og eru þau almennu sjónarmið áréttuð í 1. málsl. 1. mgr. Um er að ræða nokkra breytingu á framsetningu frá 46. gr. gildandi barnaverndarlaga þar sem fjallað er um réttindi barns við málsmeðferð. Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. eru settar fram sérstakar afleiddar reglur sem varða málsmeðferð í barnaverndarmálum og málum sem varða neyðarráðstafanir og þvinganir. Annars vegar er sett fram sú meginregla að barn eigi rétt að fá aðlagðar upplýsingar um mál sem það varðar þannig að það fái þær skilið. Í því sambandi er haft í huga að upplýsingar um mál barns séu settar fram á sem skiljanlegustu málið fyrir barnið sem og að tekið sé tillit til stuðningsþarfa sem barn kann að hafa, s.s. með tilliti til fötlunar, læsi og tungumálakunnáttu. Þá kemur fram sú regla að barn eigi við upphaf vistunar í vaktskipt sólarhringsúrræði að fá aðlagðar upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sín á barnvænu máli. Hér er átt við að upplýsingarnar og leiðbeiningarnar séu settar þannig fram að barnið geti skilið þær, með hliðsjón af aldri þess og eftir atvikum sérþörfum. Í því samhengi eru m.a. höfð í huga börn með fötlun og börn sem ekki eru læs eða mælt á íslensku. Um c-lið vísast til meginreglna stjórnsluréttar um upplýsingarétt og leiðbeiningaskyldu stjórnvalda, svo og evrópskra viðmiða um upplýsingar til barna, sbr. tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á	2. og 3. mgr. 46. gr. bvl. Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. ... 1) Þegar [barnaverndarþjónusta] 2) hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls [skal hún taka afstöðu til þess] 1) hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. [Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr.] 1) Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð.

	dvalarstofnunum (Recommendation Rec(2005)5 of the Committee of Ministers to member states on the rights of children living in residential institutions) og viðmið Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum um ungmenni svipt frelsi sínu á grundvelli refsilaga (Juveniles deprived of their liberty under criminal legislation, CPT/Inf(2015)1-part rev1). Þá er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. að barn á rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við málsmeðferðina, óháð samþykki foreldra þess, annað hvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns. Í 2. mgr. er fjallað um skipan talsmanns fyrir barn. Í gildandi barnaverndarlögum er fjallað um talsmenn í 3. mgr. 46. gr. og felur ákvæðið í sér nokkrar breytingar. Í 1. málsl. 2. mgr. kemur fram sú almenna regla að barn á rétt á því að fá skipaðan talsmann við meðferð barnaverndarmála og mála sem varða neyðarráðstafanir og þvinganir. Þetta ákvæði er nýmæli en í gildandi lögum er eingöngu fjallað um að barnaverndarþjónusta meti hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Til að stuðla að virkni þessarar réttar er í 2. málsl. 2. mgr. regla um að leiðbeina beri barni um rétt til að fá skipaðan talsmann við upphaf barnaverndarmáls. Í 3. málsl. 2. mgr. er að finna reglu sem er sambærileg gildandi rétti um skyldu barnaverndarþjónustu til að meta þörf barns fyrir talsmann við upphaf barnaverndarmáls. Í 4. málsl. 2. mgr. er aftur á móti að finna nýmæli um að barnaverndarþjónusta skuli meta þörf barns fyrir talsmann með reglubundnum hætti og ef tilefni er til meðan á meðferð máls stendur. Hér er haft í huga að þótt ekki þyki tilefni til að skipa barni talsmann við upphaf máls þá kunni sú staða að koma upp síðar í málinu. Í 5. málsl. 2. mgr. er gert að skyldu að skipa barni talsmann við beitingu úrræða án samþykkis skv. x. gr. Samkvæmt núgildandi barnaverndarlögum skal að jafnaði skipa	
--	--	--

	barni talsmann áður en tekin er ákvörðun um vistun utan heimilis og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár, nema það njóti aðstoðar lögmanns. Í 5. málsl. 2. mgr. felast þau nýmæli að barnaverndarþjónustu er skylt að skipa talsmann, í stað þess að skipunin sé „að jafnaði“, og að skyldan nær til beitingar allra úrræða án samþykkis í stað þess að ná eingöngu til mest íþyngjandi úrræðanna. Þá er lagt til það nýmæli í 6. málsl. 2. mgr. að skipun talsmanns sé óháð rétti til aðstoðar lögmanns. Þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða og í ljósi valdaójafnvægis milli barns annars vegar og forsjáraðila og stjórnvalda hins vegar er talið að andmælaréttur barns sé betur tryggður sé því ávallt skipaður talsmaður í slíkum aðstæðum. Í 7. málsl. 2. mgr. er lagt til það nýmæli að eftir því sem það sé frekast unnt skuli val á talsmanni vera í samræmi við óskir barns..	
76. gr. Talsmaður barns.		
Talsmaður í barnaverndarmáli ræðir við barn og kemur sjónarmiðum þess á framfæri í málinu. Hann skal ekki tjá eigið mat eða skoðanir á málinu við meðferð þess. Talsmaður skal hafa sérþekkingu á málefnum barna og þekkja til málsmeðferðar barnaverndarmála. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum og óháður barnaverndarþjónustu og aðilum barnaverndarmáls. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð. Barna- og fjölskyldustofu er heimilt að halda lista yfir talsmenn sem uppfylla hæfisskilyrði.	Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk talsmanns. Af samráði við barnaverndarþjónustur og börn við gerð frumvarpsins verður ráðið að hlutverk talsmanns barns sé nokkuð á reiki og í framkvæmd ekki ávallt í samræmi við reglur. Þannig séu dæmi þess að talsmenn taki að sér hlutverk málamiðlara milli barns og forsjáraðila og/eða komi á framfæri eigin mati á því hvað sé barni fyrir bestu. Í 1. mgr. er því tekinn af allur vafi um hlutverk talsmanns barns í barnaverndarmáli að þessu leyti og kveðið á um að hann skuli ræða við barn og koma á framfæri sjónarmiðum þess í málinu en ekki tjá eigið mat eða skoðanir við meðferð málsins. Í 2. mgr. er kveðið á um almennt og sérstakt hæfi talsmanns en samkvæmt 3. mgr. kveður ráðherra	Nýtt.

	nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í reglugerð, líkt og gert er ráð fyrir í nágildandi lögum. Þar er jafnframt að finna þau nýmæli að ráðherra er heimilt að fela Barna- og fjölskyldustofa að halda lista yfir talsmenn sem talið er að uppfylli hæfisskilyrði samkvæmt lögum og reglugerð.	
77. gr. Aðstoð lögmanns við barn og foreldra.		
Barnaverndarþjónusta skal veita barni og foreldrum sem eru aðilar máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð í tengslum við rekstur barnaverndarmáls hjá stjórnvöldum eftir reglum sem þjónustan setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins. Í reglunum er heimilt að takmarka fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð í tengslum við beiðni um endurskoðun ráðstafana ef engar verulegar breytingar hafa orðið á högum barns og fjölskyldu. Ráðherra er heimilt að kveða nánar í reglugerð á um skyldur barnaverndarþjónustu til að veita fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð og inntak reglna barnaverndarþjónustna.	Í ákvæðinu er mælt fyrir um fjárstyrk til handa aðilum til að greiða fyrir lögmannaðstoð en það er að meginstefnu til óbreytt frá 2. mgr. 47. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ákvæðið á við um aðila máls en í því felst m.a. að barn sem orðið er 15 ára og er aðili máls á rétt á fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð. Ákvæðið tekur til lögmannaðstoðar vegna reksturs máls hjá stjórnvöldum, þar á meðal þegar mál er til meðferðar hjá barnaverndarþjónustum, barnaverndarráði og úrskurðarnefnd velferðarmála. Fjárstyrk skal veita í samræmi við reglur sem barnaverndarþjónusta setur. Er talið mikilvægt að þjónusturnar setji sér reglur til að tryggja fyrirsjáanleika fyrir aðila máls og áréttað 1. mgr. að í reglunum skuli meðal annars taka tillit til efnahags foreldra og eðlis og umfangs málsins. Í 1. mgr. er jafnframt nýmæli um að í reglum megi ákveða lægri fjárstyrk eða falla alfarið frá fjárstyrk vegna beiðna um endurskoðun ráðstafana þegar engar verulegar breytingar hafa orðið á högum barns og fjölskyldu. Í samráði hafa komið fram ábendingar um að ítrekað sé farið fram á endurskoðun ráðstafana án þess að tilefni sé til þess. Þótt mikilvægt sé að aðilar barnaverndarmála geti fengið endurskoðun á íþyngjandi ráðstöfunum barnaverndar benda þessar ábendingar til þess að fjárstyrkur barnaverndarþjónustu kunni að vera sjálfstæður hvati til að leita eftir slíkri endurskoðun. Er því lagt	2. mgr. 47. gr. bvl. [Barnaverndarþjónusta] 2) skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir [úrskurðarnefnd velferðarmála] 3) eftir reglum sem [þjónustan] 4) setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

	til að barnaverndarþjónustur fái sérstaka heimild til að taka á Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um skyldu barnaverndarþjónustu til að veita fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsþjónustu. Um er að ræða nýmæli sem ætlað er að veita ráðherra tækifæri til að samræma reglur ef þær verða mjög mismunandi milli barnaverndarþjónusta.	
78. gr. Samþykki.		
Barnaverndaryfirvöld skulu leitast skal við að fá samþykkis foreldra og barns fyrir úrræðum, ráðstöfunum og samningum sem fjallað er um í lögum þessum. Áður en foreldrar og barn veita samþykki samkvæmt þessari grein skal þeim gerð grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins. Samþykki skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist votta.	Greinin fjallar um samþykki foreldra og barna fyrir beitingu úrræða og ráðstafana. Fjallað er um samþykki foreldra og eftir atvikum barns fyrir beitingu úrræða á nokkrum stöðum í gildandi lögum og reglugerðum. Með frumvarpinu er lagt til að fjallað verði almennt um samþykki fyrir beitingu barnaverndarúrræða og ráðstafana í sömu greininni. Sérstakar reglur um samþykki, til dæmis við hvaða aðstæður samþykki barns fyrir ráðstöfunum nægir, er að finna í öðrum ákvæðum. 1. mgr. felur í sér þá mikilvægu meginreglu að leitast skuli við að afla samþykkis foreldra og barns fyrir úrræðum, ráðstöfunum og samningum á grundvelli laganna en almennt má gera ráð fyrir því að árangur af beitingu tiltekinna úrræða sé meiri þegar fyrir liggur samþykki hlutaðeigandi aðila um beitingu þeirra. Í 2. mgr. er kveðið á um leiðbeiningar til foreldra og barns skv. 3. mgr. ákvæðisins þegar samþykki er veit og formkröfur til samþykkisins. Ákvæðið er efnislega í samræmi við 48. gr. gildandi barnaverndarlaga.	48. gr. bvl. Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja ... 1) manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

X. Málsmeðferð hjá dómstólum.

79. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála.		
Um meðferð mála fyrir dómi skv. x., x. og x. gr. gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.	Greinin fjallar um gildissvið laga um meðferð einkamála vegna málsmeðferðar fyrir dómi. Um er að ræða forsjársviptingarmál, mál sem varða vistun utan heimilis og ákvarðanir um takmörkun á ferðafrelsi barna sem eru vistuð í vistunarúræðum. Greinin er efnislega samhljóða 53. og 61. gr. gildandi barnaverndarlaga.	53. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála. Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir. 61. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl. Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. [Ákvæði 53. gr. b og ákvæði 1. mgr. 54. gr. gilda ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.] 1)
80. gr. Aðild.		
Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarþjónusta sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem er aðili máls skv. 3. mgr. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarþjónusta varnaraðili. Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili máls samkvæmt ákvæðum þess kafla. Barn er þó ávallt aðili máls sem er höfðað vegna ráðstafana á grundvelli a-liðar 1. mgr. XX. gr., sbr. 7. mgr. XY. gr., óháð aldri þess. Sé barn ekki málshefjandi skal því tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu þá heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu. Gefa skal talsmanni barns samkvæmt x. gr. kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi. Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.	Greinin fjallar um aðild dómsmála. Hún er efnislega samhljóða 55. og 62. gr. gildandi barnaverndarlaga.	62. gr. Í málum samkvæmt þessum kafla er [barnaverndarþjónusta] 1) sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. ... 2) [Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en [barnaverndarþjónusta] 1) varnaraðili. Þegar [barnaverndarþjónusta] 1) telst varnaraðili er [þjónustunni] 3) heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr. Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.] 2) 55. gr. Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

		Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi. [Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.]
81. gr. Réttindi barns við málsmeðferð.		
Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja. Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.	Greinin fjallar um réttindi barns við málsmeðferð og er samhljóða 63. gr. a gildandi barnaverndarlaga.	63. gr. a. bvl. Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja. Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.
82. gr. Sérákvæði um meðferð mála skv. 31. gr. og 3. mgr. 43. gr.		
Dómsmál samkvæmt þessari grein er unnt að höfða hér á landi ef: a. aðili er búsettur hér á landi, b. barn er búsett hér á landi eða fellur að öðru leyti undir gildissvið og lögsögu laga þessara, sbr. 2. gr. Mál samkvæmt þessari grein skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Í málum samkvæmt þessari grein skal kveðja til setu í dómi sérfróðan meðdómsmann eða meðdómsmenn nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka. Um fjölda þeirra og kvaðningu fer að öðru leyti eftir 2. gr. og 2. gr. a laga um meðferð einkamála. Dómari getur lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fösturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.	Í greininni er fjallað um þau sérstöku ákvæði sem gilda um meðferð mála sem varða forsjársviptingu og þegar samþykki fyrir tilteknum ráðstöfunum er afturkallað. Þessar reglur eru í X. kafla gildandi barnaverndarlaga en til að skýra framsetningu hafa þau verið sameinuð í eina grein, en nánar tiltekið er um að ræða 53. gr. a. 53. gr. b, 1. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 56. gr. gildandi barnaverndarlaga sem hafa verið teknar óbreyttar upp.	53. gr. a. bvl. Dómsmál samkvæmt lögum þessum er unnt að höfða hér á landi ef: a. aðili er búsettur hér á landi, b. barn er búsett hér á landi eða c. barn dvelst eða er statt hér á landi og nauðsynlegt þykir að leita atbeina dómstóla til að tryggja öryggi þess. 53. gr. b. Mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.] 1. mgr. 54. gr. [Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til setu í dómi sérfróðan meðdómsmann eða meðdómsmenn nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka. Um fjölda þeirra og kvaðningu fer að öðru leyti eftir 2. gr. og 2. gr. a laga um meðferð einkamála.

		2. mgr. 56. gr. bvl. Dómari getur lagt fyrir [barnaverndarþjónustu] 1) að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.
83. gr. Sérákvæði um meðferð mála skv. 30. gr. og 7. mgr. XY. gr.		
Þegar héraðsdómara hefur borist mál samkvæmt þessari grein ákveður hann stað og stund til þinghalds innan viku og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti. Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarþjónusta leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á. Varnaraðila skal síðan veita frest sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er. Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál felld niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar. Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessari grein. Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega að jafnaði innan tveggja vikna.	Í greininni er fjallað um þau sérstöku ákvæði sem gilda um meðferð mála sem varða vistun utan heimilis án samþykkis og ákvarðanir um takmörkun á ferðafrelsi barna sem eru vistuð í vistunarúrræðum. Þessar reglur eru í XI. kafla gildandi barnaverndarlaga en til að skýra framsetningu hafa þau verið sameinuð í eina grein. Nánar tiltekið er um að ræða 63. gr. og 2. mgr. 62. gr. barnaverndarlaga sem hafa verið teknar óbreyttar upp.	63. gr. bvl. Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds [innan viku] 1) og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti. Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal [barnaverndarþjónusta] 2) leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á ... 3). Varnaraðila skal síðan veita [frest sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur] 1) til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. [Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.] 1) Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál felld niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar. Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla. Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega [að jafnaði innan tveggja vikna]. 1)

Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar. Þegar barnaverndarþjónusta telst varnaraðili er þjónustunni heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.		Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar. 2. mgr. 62. gr. bvl. [Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en [barnaverndarþjónusta] 1) varnaraðili. Þegar [barnaverndarþjónusta] 1) telst varnaraðili er [þjónustunni] 3) heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.
84. gr. Málsástæður o.fl.		
Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið. Dómari getur ákveðið að sameina mál skv. ákvæðum þessa kafla sem rekin eru á sama tíma.	Í greininni er fjallað um nýjar málsástæður og sameiningu mála. Önnur reglan er í 57. gr. gildandi barnaverndarlaga og á þar eingöngu við um forsjárviptingarmál og mál sem varða endurskoðun ráðstafana. Ekki er talin ástæða til annars en að þessi regla gildi um öll mál sem rekin eru fyrir dómstólum á grundvelli barnverndarlaga. Hin reglan er í 62. gr. gildandi barnaverndarlaga og á samkvæmt orðanna hljóðan við um meðferð mála samkvæmt X. og XI. kafla laganna. Lagt er til að hún sé tekin efnislega óbreytt upp.	57. gr. bvl. Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið. 3. mgr. 62. gr. bvl. Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.] 2)
85. gr. Lokuð þinghöld, nafnleynd o.fl.		
Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum. Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.	Í greininni er fjallað um lokuð þinghöld, nafnleynd og fleiri reglur sem tryggja eiga að upplýsingar um nöfn málsaðila í barnaverndarmálum verði ekki á almannavitorði. Hún er efnislega sambærileg 2. mgr. 54. gr. og 58. gr. bvl.	2. mgr. 54. gr. bvl. Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum. 58. gr. bvl. Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem

		eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.
86. gr. Málskot.		
Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Landsréttar. Um kærufrest, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. Kæra frestar ekki framkvæmd ákvörðunar, úrskurðar eða dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir. Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.	Í greininni er fjallað um málskot og er hún tekin óbreytt upp úr 64. gr. gildandi barnaverndarlaga.	64. gr. bvl. Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til [Landsréttar]. 1) Um kærufrest, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir [Landsrétti] 1) gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir. [Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.] 1)
87. gr. Gjafsókn.		
Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla, foreldrar og fösturforeldrar skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti í málum skv. 31. gr. laga þessara. Barn sem höfðar mál vegna ráðstafana á grundvelli skv. 7. mgr. XY. gr. skal hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi. Um rétt aðila til gjafsóknar fyrir dómi, þ.m.t. vegna endurskoðunar ráðstafana, fer að öðru leyti samkvæmt almennum reglum.	Í greininni er fjallað um gjafsókn. Reglur 60. gr. gildandi barnaverndarlaga hafa verið teknar óbreyttar upp en jafnframt er lagt til að sérstökum ákvæðum um gjafsókn barns sem höfðar dómsmál vegna ákvörðunar um takmörkun á ferðafrelsi skv. x. gr. verði veitt gjafsókn.	60. gr. bvl. Foreldrar, fösturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi [og fyrir Landsrétti] 1) og Hæstarétti. Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. Samstarf barnaverndaryfirvalda og vinnsla upplýsinga.

88. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og þeirra sem stöðu sinnar vegna hafi afskipti af málefnum barna.		
Samstarf barnaverndaryfirvalda og þeirra sem stöðu sinnar vegna hafi afskipti af málefnum barna. Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld.	Í 1. mgr. er kveðið á um að öllum sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. gildandi barnaverndarlaga. Rétt er að árétta að barnaverndaryfirvöldum ber jafnframt að eiga gott samstarf við þessa aðila, sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. Aftur á móti verður að leggja áherslu á að vegna	1. mgr. 20. gr. bvl. Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila..

	sérstakrar stöðu barnaverndaryfirvalda, sem hafa lögbundnar heimildir og víðtækar skyldur til afskipta af einkamálum barna og foreldra, auk þess að hafa yfir að ráða ýmsum úrræðum sem beita má þegar þörf krefur, þá getur samvinnuskýlda barnaverndaryfirvalda gagnvart öðrum ekki verið að öllu leyti gagnkvæm.	
89. gr. Samstarf milli barnaverndaryfirvalda.		
Barnaverndaryfirvöld skulu eiga samstarf sín á milli. Barnaverndarþjónustum er heimilt skiptast á upplýsingum um öll barnaverndarmál. Sama á við um barnaverndarþjónustur og barnaverndarráð. Barnaverndarþjónustur skulu veita hver annarri upplýsingar, skýringar og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana, til dæmis þegar barn dvelur eða býr í umdæmi annarrar barnaverndarþjónustu en þjónustunnar sem hefur mál barnsins til meðferðar. Ef barn flyst úr umdæmi barnaverndarþjónustu á meðan mál þess er til meðferðar skal hún tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í og upplýsa hana um stöðu málsins. Barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og tryggja samfellu í vinnslu og meðferð þess.	Í 1. málsl. 1. mgr. er að finna skyldu til samstarfs barnaverndaryfirvalda og heimild fyrir barnaverndarþjónustur til að skiptast á upplýsingum um barnaverndarmál. Ákvæðið kemur í staðinn fyrir 4. málsl. 1. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga þar sem segir að barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á rétt til aðgangs að gögnum sem liggja fyrir hjá barnaverndarþjónustum í öðrum umdæmum sem hafa haft mál barnsins eða foreldra þess til meðferðar. Rétt er talið að opna þetta ákvæði enn meira svo það geti t.d. náð til mála systkina barnsins eða annarra nákominna. Mikilvægt er að stuðla að því að barnaverndarþjónustur, sem eru staðbundin stjórnvöld og allar bundnar sömu reglum um vinnslu persónuupplýsinga, vinni saman til að tryggja samfellda barnaverndarþjónustu um land allt. Þá er í 2. málsl. 1. mgr. fjallað um upplýsingaskipti milli barnaverndarþjónustna og barnaverndarráðs. Í ljósi verkefna barnaverndarráðs, sem tekur fyrir mál sem barnaverndarþjónustur leggja fyrir það, er rétt að áréttta gagnkvæma skyldu til samráðs milli barnaverndarþjónustna og barnaverndarráðs og gagnkvæma heimild til upplýsingaskipta. Í 2. mgr. er ákvæði sem kemur í stað niðurlags 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga en ákvæðið hefur verið einfaldað í framsetningu. Ákvæðið á t.d.	1. og 2. mgr. 15. gr. bvl. Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr. Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga á barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barnið á lögheimili úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr. Ef barn dvelur eða býr í umdæmi annarrar barnaverndarþjónustu skal hún veita þjónustunni, sem hefur mál barnsins til meðferðar, upplýsingar og skýringar ásamt því að veita henni liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana. Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á rétt til aðgangs að gögnum sem liggja fyrir hjá barnaverndarþjónustum í öðrum umdæmum sem hafa haft mál barnsins eða foreldra þess til meðferðar. Ef barn flyst úr umdæmi barnaverndarþjónustu á meðan mál þess er til meðferðar skal hún tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í og upplýsa hana um stöðu málsins. Barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og tryggja samfellu í vinnslu og meðferð þess. Barnaverndarþjónustunum er heimilt að hafa áframhaldandi samskipti um málið að því marki sem það er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í meðferð þess.

	við þegar barn er í föstri í öðru sveitarfélagi en þar sem vinnsla barnaverndarmáls barnsins fer fram. Ákvæði 3. mgr. er óbreytt frá 1. máls. 2. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Í því er ávarpað mikilvægi þess að samfella sé í barnaverndarþjónustu þegar barn flyst milli umdæma. Lögð er áhersla á frumkvæðisskyldu barnaverndarþjónustunnar sem hefur málið til meðferðar til að láta barnaverndarþjónustuna í umdæminu sem barnið flytur í vita af meðferð málsins. Að sama skapi er lögð áhersla á að ekki verði mikil röskun á meðferð málsins með því að leggja skyldur á siðarnefndu barnaverndarþjónustuna til að taka án tafar við vinnslu málsins.	
90. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda við yfirvöld í öðrum ríkjum.		
Ef það er barni fyrir bestu geta barnaverndaryfirvöld átt samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum til að komast að niðurstöðu um lögsögu í barnaverndarmálum og tryggja framgang barnaverndarráðstafana. Þó skal ekki óska eftir eða miðla upplýsingum ef barnaverndaryfirvöld telja að það geti stofnað barninu sjálfu í hættu eða alvarlega ógnað frelsi eða lífi aðstandanda barnsins.	Í greininni er fjallað um samskipti barnaverndaryfirvalda við yfirvöld í öðrum ríkjum. Hún helst í hendur við 2. gr. um gildissvið og lögsögu en þar kemur fram sú almenna regla að ríki þar sem barn er með fasta búsetu á úrlausn um barnaverndarmál þess, en til að unnt sé að leysa úr því hvaða ríki er með lögsögu þurfa barnaverndaryfirvöld að geta átt samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum. Lagt er til að barnaverndaryfirvöld geti eingöngu átt samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum ef það er barni fyrir bestu og að samskiptin séu afmörkuð við úrlausn mála sem varða gildissvið og framgang barnaverndarráðstafana. Þá er í 2. máls. lagt til að ekki sé heimilt að óska eftir eða miðla upplýsingum til yfirvalda í öðrum ríkjum ef það getur stofnað barninu sjálfu í hættu eða alvarlega ógnað frelsi eða lífi aðstandanda barnsins. Sambærilega reglu er að finna í 37. gr. Haag-samningsins frá 1996.	Nýtt.

91. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og lögreglu og fangelsisyrvalda.		
Lögreglu og fangelsisyrföldum er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála. Um tilkynningaskyldu lögreglu til barnaverndaryfirvalda fer skv. 8. gr. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, ávallt tilkynna það barnaverndarþjónustu og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarþjónusta skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Gefa skal fulltrúa barnaverndarþjónustu kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.	Í 1. málsl. 1. mgr. eru skyldur lögreglu og fangelsisyrvalda til samstarfs við barnaverndaryfirvöld áréttuð, sbr. x. gr., ásamt því að sérstaklega er tilgreint að þessum stjórnvöldum ber að veita barnaverndaryfirvöldum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 20. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er tilkynningaskylda lögreglu áréttuð ásamt því að sérstaklega er ávörpuð aðkoma barnaverndaryfirvalda að málum hjá lögreglu þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið brot gegn barni. Þá er í 3. mgr. fjallað um skýrslutöku af barni sem sakborningi, brotþola og vitni. Ákvæðin eru lítið breytt frá 18. gr. gildandi barnaverndarlaga en búið er að einfalda ákvæðið um tilkynningaskyldu í samræmi við breytta framsetningu í II. kafla. Rétt er að áréttuð að ákvæði um sama efni er jafnframt að finna í 18. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og 61. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.	3. mgr. 20. gr. bvl. Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við [barnaverndaryfirvöld] 1) og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála. 18. gr. bvl. [Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna [barnaverndarþjónustu] 1) um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það [barnaverndarþjónustu] 1) og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.] 2) [Barnaverndarþjónusta] 1) skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. [Gefa skal fulltrúa [barnaverndarþjónustu] 1) kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.] 3)
92. gr. Samstarf barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisyrvalda.		
Heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld eins og nánar er mælt fyrir um lögum þessum. Þeim ber jafnframt að upplýsa þau eftir atvikum um heilsu barns, foreldra þess og	Í 1. mgr. eru skyldur heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til samstarfs við barnaverndaryfirvöld áréttuð, sbr. x. gr. Þá er sérstaklega áréttuð skylda til að upplýsa barnaverndaryfirvöld eftir atvikum um heilsu barns,	2. mgr. 20. gr. bvl. Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess.

annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur. Öllum heilbrigðisstofnunum ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndaryfirvöld svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrráðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.	foreldra þess og annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur. Um er að ræða skyldu sem efnislega er nú að finna í 1. mgr. 44. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er fjallað um skyldur heilbrigðisstofnana til að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn. Ákvæðið er lítið breytt frá 2. mgr. 20. gr. gildandi barnaverndarlaga. Þó er búið að aðlaga orðalag, t.d. að falla frá því að nota orðið áfengismeðferðarstofnun.	Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við [barnaverndaryfirvöld] 1) svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrráðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.
93. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarþjónustu.		
Öllum þeim sem veita heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, þeim sem starfa við félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk, starfsfólki skóla, þ.m.t. leik-, grunn- og framhaldsskóla, og starfsfólki frístunda- og félagsstarfs er skylt að láta barnaverndarþjónustu endurgjaldslaust í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um hagi barns, foreldra þess og aðra heimilismenn, með upplýsingum sem þjónustan telur að skipt geti máli fyrir úrlausn barnaverndarmáls. Nær skyldan til allra persónuupplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga, persónuupplýsinga sem eru viðkvæms eðlis og upplýsinga um refsiverða háttsemi. Sama á við um stjórnvöld sem hafa eða hafa haft mál barna, foreldra og annarra heimilismanna til meðferðar, þar á meðal sýslumaður og útlendingayfirvöld. Þá skulu lögregla og ákærvald með sama hætti láta þjónustunni í té upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.	Í 1. mgr. er fjallað um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarþjónustu. Ákvæðið kemur í stað 1. til 3. mgr. 44. gr. gildandi barnaverndarlaga um sama efni. Í 1. málsl. 1. mgr. hefur upptalning þeirra aðila sem upplýsingaskylda hvílir á verið uppfærð m.t.t. breytinga á lögum og lögbundinni þjónustu. Þar er í fyrsta lagi vísað til félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk og er hér fyrst og fremst átt við stjórnvöld en ákvæðið getur jafnframt náð til einkaaðila sem starfa við þessa þjónustu, t.d. dagforeldra. Þá er vísað til starfsfólks skóla, þ.m.t. leik-, grunn- og framhaldsskóla, en ákvæðið nær jafnframt til skólþjónustu og annarra skóla eins og t.d. tónlistarskóla og annarra listaskóla og framhaldsfræðsluaðila. Þá er í ákvæðinu fjallað um starfsfólk frístunda- og félagsstarfs. Er hér átt við starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva en jafnframt félagsstarf eins og íþróttafélög og annað tómstundastarf. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna nýmæli sem tekur af allan vafa um heimildir til að afla upplýsinga frá stjórnvöldum sem hafa mál til meðferðar, eða hafa haft slíkt mál til meðferðar, en breytingarnar koma til vegna ábendinga úr samráði um frumvarpið þess efnis að barnaverndaryfirvöld	44. gr. bvl. Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að [barnaverndarþjónusta] 1) hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta [þjónustunni] 2) endurgjaldslaust í té [upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna], 3) þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem [þjónustan] 2) telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglínga, skylt að láta [þjónustunni] 2) í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta [þjónustunni] 2) í té [upplýsingar og afrit

Barnaverndarþjónustu er heimilt að láta þeim aðilum sem fjallað er um í 1. mgr. í té upplýsingar og gögn ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með því. Upplýsingar samkvæmt 1. mgr. skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst. Upplýsingaskylda samkvæmt ákvæðinu gildir óháð ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu.	hafi átt erfitt með að fá nægar upplýsingar fyrir störf sín frá stjórnvöldum. Í ákvæðinu er sérstaklega vísað til sýslumanns og útlendingayfirvalda en jafnframt eru fleiri stjórnvöld sem gætu átt þarna undir, t.d. samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs. Í 2. mgr. er fjallað um heimild barnaverndarþjónustu til að láta þeim aðilum sem fjallað er um í 1. mgr. í té upplýsingar og gögn ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með því. Slíkar aðstæður koma ekki oft upp en þetta getur til dæmis átt við þegar barnaverndarþjónusta upplýsir skóla barns að morgni um að það hafi verið fjarlægt af heimili og komið fyrir á vistheimili um nóttina, enda getur þá skipt miklu máli fyrir barnið við þær aðstæður að því sé mætt af nærgætni í skólanum. Í 3. og 4. mgr. eru ákvæði sem eru samhljóða 4. og 5. mgr. 44. gr. gílandi barnaverndarlaga.	nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið]. 3) Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst. Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.
94. gr. Upplýsingar úr sakaskrá.		
Barna- og fjölskyldustofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barna- og fjölskyldustofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarþjónustu flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarþjónusta gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barna- og fjölskyldustofu. Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það	Greinin er samhljóða 36. gr. núgildandi barnaverndarlaga.	36. gr. bvl. [[Barna- og fjölskyldustofa] 1) á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.] 2) Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. [Barna- og fjölskyldustofa] 1) getur tilkynnt viðkomandi [barnaverndarþjónustu] 3) flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur [barnaverndarþjónusta] 3) gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki [Barna- og fjölskyldustofu]. 1) [Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir

hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.		sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.] 2)
95. gr. Vinnsla og varðveisla upplýsinga.		
Barnaverndarþjónusta heldur skrá yfir öll barnaverndarmál og varðveitir gögn og upplýsingar er barnaverndarmál varða, þ.m.t. gögn sem verða til hjá barnaverndarráði. Barna- og fjölskyldustofu er heimilt að starfrækja stafrænar lausnir fyrir barnaverndaryfirvöld svo þau geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum.	Greinin kemur í stað 39. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í ljósi ábyrgðar barnaverndarþjónustu á vinnslu barnaverndarmála er talið rétt að mælt verði fyrir um í 1. mgr. að þjónustunum beri að varðveita allar upplýsingar í barnaverndarmálum. Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um heimild Barna- og fjölskyldustofu til að starfrækja stafrænar lausnir sem auðvelda barnaverndaryfirvöldum að sinna verkefnum sínum samkvæmt lögnum. Er hér einkum horft til barnaverndargáttar sem auðveldar gagnaskipti milli þjónustuveitenda og barnaverndarþjónustna.	39. gr. bvl. Barnaverndarþjónusta heldur skrá yfir öll barnaverndarmál. Öll gögn er barnaverndarmál varða, þ.m.t. gögn sem verða til hjá umdæmisráði barnaverndar, skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu. Umdæmisráð barnaverndar hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónustur og umdæmisráð barnaverndar skulu vinna gögn barnaverndarmála í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Barna- og fjölskyldustofa útbýr leiðbeiningar um varðveislu og vinnslu gagna skv. 1. mgr.] 1)

XII. Mat og eftirlit með gæðum barnaverndarþjónustu.

96. gr. Markmið mats og eftirlits.		
Markmið mats og eftirlits með gæðum barnaverndarúrræða er að:	Ákvæðið er nánast samhljóða 89. gr. a gildandi barnaverndarlaga. Þar er fjallað um markmið mats og eftirlits með gæðum barnaverndarúrræða.	[89. gr. a. Markmið. Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, leiðbeininga og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara, b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt, c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.		a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara, b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt, c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.] 1)
97. gr. Ábyrgð barnaverndarþjónustu á mati og eftirliti.		
Hver barnaverndarþjónusta fylgist með gæðum og árangri vistunarúrræða á vegum þjónustunnar. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða föstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarþjónusta aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarþjónusta skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska. Barnaverndarþjónusta skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum þjónustunnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarþjónusta skal heimsækja fösturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Barnaverndarþjónusta skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um föstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í föstri, á heimili, eða í öðru vistunarúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að	Ákvæðið er nánast samhljóða 89. gr. b gildandi barnaverndarlaga. Í 1. mgr. er lögð áhersla á að hver barnaverndarþjónusta leggi mat á gæði og árangur vistunarúrræða á vegum hennar. Markmiðið er fyrst og fremst að árétta skyldu barnaverndarþjónustna til innra eftirlits með sínum úrræðum og að tryggja að skipulag og nýting vistúrræðis á vegum þjónustunnar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða föstur skuli fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Ákvæði þetta er órjúfanlegur liður í þeirri ábyrgð sem barnaverndarþjónusta ber á máli barns samkvæmt ákvæðum laganna. Um er að ræða mikilvægan þátt í vinnslu barnaverndarmáls. Í 2. mgr. er til áréttingar tekið fram að barnaverndarþjónusta skuli afla upplýsinga ef ástæða þykir til. Hér kæmi til dæmis til álita að afla upplýsinga frá skóla, heilsugæslu eða öðrum sem veita barninu þjónustu. Í ákvæðinu er einnig áréttað sérstaklega að barnaverndarþjónusta skuli leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á	[89. gr. b. Hlutverk [barnaverndarþjónustu].1) Hver [barnaverndarþjónusta] 1) [fylgist með gæðum og árangri] 2) vistúrræða á vegum [barnaverndarþjónustu]. 1) [Barnaverndarþjónusta] 1) sem ráðstafar barni í vistun eða föstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. [Barnaverndarþjónusta] 1) aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum [þjónustunnar] 3) á heimilum og stofnunum. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal heimsækja fösturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um föstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í föstri, á heimili, stofnun eða í öðru

ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.	að tjá sig um aðbúnað sinn og líðan í samræmi við aldur og þroska. Segja má að þetta ákvæði leiði af hinu almenna ákvæði 4. gr. laganna um réttindi barns og x. gr. um aðild barns. Með ákvæðinu er lagt að barnaverndarþjónustu að vera vakandi fyrir því hver þörf barns er fyrir samband eða samskipti í víðum skilningi og hvaða leiðir er hægt að fara í því sambandi, til dæmis með þeirri tækni sem er í boði hverju sinni. Í 3. mgr. er ákvæði um heimsóknir barnaverndarþjónustu á fósturheimili og heimili og stofnanir þar sem börn eru vistuð. Ekki er talið rétt að útfæra þetta nánar í lögum enda eru heimili og stofnanir samkvæmt ákvæðum laganna með mjög fjölbreyttu og ólíku sniði. Í 2. málsl. 3. mgr. segir að barnaverndarþjónusta skuli heimsækja fósturheimili eins og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Ekki þykir ástæða að víkja frá kröfum gildandi laga um að heimsóknir skuli að lágmarki vera tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir en markmiðið er að fylgjast sérstaklega vel með því hvernig barn aðlagast í upphafi vistunar. Að öðru leyti metur barnaverndarþjónusta í hvert sinn þörf á heimsóknnum, m.a. út frá eðli fóstursins. Í 4. mgr. er fjallað um afleiðingar þess ef barnaverndarþjónusta metur aðstæður í vistunarúrræði ófullnægjandi. Er ákvæðinu ætlað að leggja áherslu á ábyrgð barnaverndarþjónustna að grípa til slíkra aðgerða.	vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt. [Ráðherra setur reglugerð um innra eftirlit [barnaverndarþjónustna], 1) m.a. um heimsóknir á fósturheimili.] 2)) 4)
98. gr. Ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu á mati og eftirliti.		
Barna- og fjölskyldustofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur	Ákvæðið fjallar um ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu á mati og eftirliti og er nánast óbreytt frá 89. gr. c gildandi barnaverndarlaga.	[89. gr. c. Hlutverk [Barna- og fjölskyldustofu].1) [Barna- og fjölskyldustofa] 1) metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og metur árangur

tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum. Barna- og fjölskyldustofa hefur innra eftirlit með gæðum og árangri þeirra úrræða sem stofan rekur og aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til.	Í 1. mgr. er að finna ákvæði sem er leiðir af hlutverki Barna- og fjölskyldustofu sem m.a. kemur fram í 10. gr. með áherslu á söfnun upplýsinga og mat á þeim með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum. Í 2. mgr. er lögð áhersla á að Barna- og fjölskyldustofa hafi innra eftirlit með gæðum og árangri þeirra úrræða sem stofnunin rekur. Ákvæðið er í samræmi við 11. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.	tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum. [Barna- og fjölskyldustofa] 1) [hefur innra eftirlit með gæðum og árangri] 1) þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. [og aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til]. 1) [Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um innra eftirlit Barna- og fjölskyldustofu samkvæmt þessu ákvæði.] 1)
99. gr. Ábyrgð Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á mati og eftirliti.		
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga þessara. Um eftirlit stofnunarinnar fer samkvæmt lögum um Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, þ.m.t. um rekstrarleyfi, innra eftirlit, kvartanir, frumkvæðiseftirlit og óvænt atvik.	Greinin fjallar um mat og eftirlit með barnaverndaryfirvöldum að því leyti sem það er í höndum Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Í 1. málsl. er fjallað almennt um eftirlit með gæðum vistunarúrræða og er ákvæðið samhljóða 89. gr. d gildandi barnaverndarlaga. Í 2. mgr. er upptalning á meginþáttum eftirlits samkvæmt lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, til að tryggja skýrleika um gildissvið gagnvart lögum um barnvernd.	[89. gr. d. [Hlutverk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum úrræða fyrir börn sem vistast utan heimilis samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um stofnunina gilda.]

XIII. Fjárhagsleg ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

100. gr. Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaga á barnaverndarstarfi.		
Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélaga á barnaverndarstarfi. Sveitarfélög bera ábyrgð á kostnaði sem hlýst af störfum barnaverndarþjónustu samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri og kostnaði við stuðningsúrræði skv. x., x. og x.-lið x. gr. og vistunarúrræði skv. x-, x- og x-lið x. gr. Ef ríkið setur á fót úrræði skv. x-lið x. gr. greiða sveitarfélög, sem nota úrræðið, hlut kostnaðar við það samkvæmt ákvörðun Barna- og fjölskyldustofu.	Í 1. mgr. er fjallað um ábyrgð sveitarfélaga á kostnaði sem hlýst af störfum barnaverndarþjónustu. Ákvæðið kemur í stað 87. gr. gildandi laga og felur ekki í sér breytingar á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga nema felld hefur verið brott ábyrgð sveitarfélaga á verkefnum umdæmisráða barnaverndar, en eins og fjallað hefur verið um er með frumvarpinu lagt til að umdæmisráðin verði lögð niður og verkefnið fært til ríkisins með stofnun barnaverndarráðs. Í ákvæðinu felst að sveitarfélög,	87. gr. bvl. Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af [störfum barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar], 1) svo sem vegna þjónustu sem [barnaverndarþjónusta] 1) veitir og vegna þeirra úrræða sem [þjónustan] 2) ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum. 4. mgr. 7. gr. bvl.

	sem bera ábyrgð á verkefnum laganna sem ekki eru falin öðrum, bera ábyrgð á kostnaði við barnavernd. Þá bera sveitarfélög ábyrgð á rekstri og kostnaði við stuðningsúrræði samkvæmt lögunum og ákveðnum vistunarúrræðum. Ákvæði 2. mgr. kemur í stað 4. mgr. 7. gr. gildandi barnaverndarlaga þar sem segir að heimilt sé að taka gjöld fyrir tiltekin sérstök verkefni sem Barna- og fjölskyldustofa sinnir, þ.e. að reka sérstakar þjónustumiðstöðvar eða verkefni í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar eða þjónustu við börn, að reka sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar- eða félags- eða heilbrigðisþjónustu, og bjóða barnaverndarþjónustum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, sem hefur það að markmiði að auðvelda þjónustunum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda verður heimild ríkisins til að innheimta gjald fyrir slíka þjónustu felld brott. Aftur á móti er lagt til að ríkinu sé heimilt að taka gjald af sveitarfélögum fyrir stuðningsúrræði, sem í eðli sínu eru til þess fallin að auðvelda sveitarfélögum að sinna sínu hlutverki.	Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barna- og fjölskyldustofa sinnir skv. 3. mgr. eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þ.m.t. er kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótask af þjónustunni.] 2)
101. gr. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins á barnaverndarstarfi.		
Ríkið ber kostnað sem hlýst af starfsemi á vegum Barna- og fjölskyldustofu, þar með talinn rekstur vistunarúrræða á grundvelli x. gr., og starfsemi barnaverndarráðs. Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli x. gr. samkvæmt ákvörðun Barna- og fjölskyldustofu..	Í 1. mgr. er fjallað um ábyrgð ríkisins á kostnaði sem hlýst af starfsemi á vegum Barna- og fjölskyldustofu og barnaverndarráðs. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 88. gr. barnaverndarlaga nema við ákvæðið hefur bæst vísun til ábyrgðar ríkisins á starfsemi barnaverndarráðs.	88. gr. Fjárhagsleg ábyrgð ríkis. Ríkið ber kostnað sem hlýst af ... 1) starfsemi á vegum [Barna- og fjölskyldustofu], 2) þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr. [Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun

Ríkið endurgreiðir útlagðan kostnað sveitarfélaga vegna barnaverndarþjónustu sem veitt er skv. x. kafla.	Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 88. gr. barnaverndarlaga og því áfram lagt til að ríkið beri hluta kostnaðar við styrkt fóstur. Í 3. mgr. er fjallað um endurgreiðslur ríkisins vegna barna sem eru hér á landi án forsjáraðila. Það kemur í stað 7. mgr. 15. gr. og felur ekki í sér efnislegar breytingar.	[Barna- og fjölskyldustofu]. 2) Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal [Barna- og fjölskyldustofa] 2) taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.] 3)
102. gr. Þátttaka foreldra í framfærslu barna sem eru vistuð utan heimilis.		
Foreldrar sem fara með forsjá barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því. Barnaverndarþjónusta getur kafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun utan heimilis stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Ákvörðun um framfærslueyri samkvæmt þessari grein er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.	Í greininni er fjallað um þátttöku foreldra í framfærslu barna sem eru vistuð utan heimilis. Hún er efnislega í samræmi við 89. gr. gildandi barnaverndarlaga en framsetning ákvæðisins hefur verið einfölduð. Greinin byggir á því að foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum samkvæmt ákvæðum barnalaga þar til þau verða 18 ára gömul. Þetta á við þótt barni sé ráðstafað í vistun annars staðar fyrir tilstilli barnaverndarþjónustu. Í 2. mgr. er því gert ráð fyrir að barnaverndarþjónusta geti kafið foreldra um framfærslueyri meðan á vistun utan heimilis stendur. Rétt er að árétta að framlag foreldra getur aldrei verið meira en framfærslueyri með barni.	89. gr. Framfærsluskylda foreldra. Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur kafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. [Barnaverndarþjónusta] 1) úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæránlegur til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. 2) Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það. Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XIV. Almenn ákvæði um öryggi og velferð barna.

103. gr. Almenn eftirlit barnaverndarþjónustna með aðstæðum barna.		
Barnaverndarþjónustur skulu eftir fongum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarþjónusta ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfispættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal þjónustan koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.	Í greininni er kveðið á um almennt eftirlit barnaverndarþjónustna með skemmtunum og sýningum. Ákvæðið er óbreytt frá 95. gr. gildandi barnaverndarlaga.	95. gr. Almenn eftirlit [barnaverndarþjónustna].1) [Barnaverndarþjónustur] 1) skulu eftir fongum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái [barnaverndarþjónusta] 1) ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfispættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal [þjónustan] 2) koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

104. gr. Eftirlit barnaverndarþjónustna með sýningum og skemmtunum.		
Barnaverndarþjónusta skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Ef barnaverndarþjónusta telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið. Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til barnaverndarþjónustu þess sveitarfélags þar sem keppnin verður haldin. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni.	Í greininni er kveðið á um eftirlit með skemmtunum og sýningum. Ákvæðið er óbreytt frá 93. gr. gildandi barnaverndarlaga.	93. gr. Eftirlit með sýningum og skemmtunum. [Barnaverndarþjónusta] 1) skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. ... 2) Ef [barnaverndarþjónusta] 1) telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið. Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til [þess sveitarfélags þar sem keppnin verður haldin]. 3) Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni ... 3) Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. ... 4)
105. gr. Útivistartími barna.		
Börn, 9 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 10 til 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 21.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 13 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00 nema í fylgd með fullorðnum, enda séu þau ekki á heimferð úr skóla-, íþrótt- eða frístundastarfi. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími skv. 1. og 3. mgr. um tvær klukkustundir og útivistartími skv. 2. mgr. um eina klukkustund. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við skólaár en ekki fæðingardag.	Ákvæði um útivistartíma barna voru lögfest með lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og hafa að meginstefnu til haldist óbreytt síðan þá. Reglurnar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi og verið liður í að sporna við óæskilegri hópamyndun seint á kvöldin. Í samráði við gerð frumvarpsins kom skýrt fram hjá aðilum sem sinna forvarnarstarfi að mikilvægt sé að hafa reglur um útivistartíma í lögum og að almennt sé jákvæð reynsla af notkun þeirra. Þekking á reglunum er góð hér á landi og hefur reynst foreldrum vel til að styðjast við í uppeldishlutverki sínu, til dæmis til að stuðla að góðum svefnvenjum hjá börnum.	92. gr. Útivistartími barna. Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

	Í samráðinu kom þó jafnframt fram gagnrýni á reglurnar. Sérstaklega komu þessi sjónarmið fram hjá börnum sem bentu m.a. á að mikill þroskamunur er á 11 ára og 6 ára barni út frá félagslegum samskiptum, sjálfstæði og afþreyingu. Skýrt ákall kom fram hjá börnum um að börn á miðstigi fengju rýmri útivistartíma á veturna. Meðal þess sem börn bentu á máli sínu til stuðnings var að líta þurfi til jákvæðra atriða við útivist barna, líkt og leiks, samveru og umgengni við önnur börn, hreyfingar, tengingar við náttúruna og styrkingar félagslegra tengsla. Útivist væri líka til þess fallin að draga úr skjánotkun barna. Rétt er talið að koma til móts við þessi sjónarmið barnanna að nokkru leyti. Lagt er til í 1. til 4. mgr. að reglur um útivistartíma barna séu að mestu óbreyttar nema að útivistartími barna á aldrinum 10 til 12 ára lengist um klukkutíma yfir vetrartímann frá því sem nú er. Þá er rétt að áréttta að foreldrar geta mótað eigin reglur fyrir börn sín innan marka greinar þessarar. Í 5. mgr. er lagt til að fram komi að aldursmörk ákvæðisins miðist við skólaár en ekki fæðingardag. Er hér átt við að sömu reglur gildi um öll börn í sama árgangi í skóla. Þannig eigi reglur 1. mgr. við um börn þar til í júní þegar 5. bekk grunnskóla lýkur, 2. mgr. á við um börn frá þeim tíma og þar til 7. bekk grunnskóla lýkur og 3. mgr. þar til börn útskrifast úr grunnskóla.	
--	---	--

XV. Refsiákvæði.

106. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.		
Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarþjónustu um atriði sem lög þessi taka til.	Greinin hefur að geyma refsíákvæði vegna brota gegn tilkynningarskyldu o.fl. Greinin er samhljóða 96. gr. gildandi laga, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 107/2021. Í 1. mgr. er kveðið á um refsingu við því að koma vísvitandi röngum eða	96. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl. Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við [barnaverndarþjónustu] 1) um atriði sem lög þessi taka til.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarþjónustu um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.	villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarþjónustu um atriði sem ákvæði frumvarpsins taka til. Í 2. mgr. er kveðið á um refsingu við því að láta hjá líða að tilkynna barnaverndarþjónustu um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin.	Ef maður lætur hjá líða að tilkynna [barnaverndarþjónustu] 1) um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.
107. gr. Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.		
Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarþjónustu eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. X. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver sem nemur á brott barn sem barnaverndarþjónusta hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Brot gegn ákvæðum x. gr. varðar sektum.	Í greininni er að finna refsíákvæði vegna brottnáms barns, brots gegn nálgunarbanni skv. X. gr. o.fl. Greinin er samhljóða 97. gr. gildandi laga, eins og henni hefur verið breytt með 4. gr. laga nr. 107/2021 og 8. gr. laga nr. 58/2012. Í 1. mgr. kemur fram að ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. X. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Í 2. mgr. er kveðið á um refsingu við brottnámi barns úr vist þar sem barnaverndarþjónusta hefur ráðstafað því. Í 3. mgr. er fjallað um viðurlög við brotum á skyldu þeirra sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, að tilkynna um keppnina til barnaverndarþjónustu.	97. gr. Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl. Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni [barnaverndarþjónustu] 1) eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver sem nemur á brott barn sem [barnaverndarþjónusta] 1) hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.
108. gr. Brot umsjáraðila gagnvart barni.		
Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misþjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.	Í greininni er að finna refsíákvæði vegna brots umsjónaraðila gagnvart barni. Greinin er samhljóða 98. gr. gildandi barnaverndarlaga. Refsihámark er fimm ár nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.	98. gr. Brot umsjáraðila gagnvart barni. Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misþjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

109. gr. Brot gagnvart börnum.		
Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Hver sá sem hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.	Í greininni ræðir um brot gagnvart börnum. Greinin er samhljóða 99. gr. gildandi laga, eins og henni hefur verið breytt með 56. gr. laga nr. 80/2011 og 3. gr. laga nr. 52/2009.	99. gr. Brot gagnvart börnum. [Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.] 1) [Hver sá sem hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.] 2) Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

XVI. Ýmis ákvæði.

110. gr. Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.		
Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að upplýsa barnaverndarþjónustu þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að upplýsa um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur. Skylda til að veita upplýsingar gildir ekki um börn 15 ára og eldri. Þegar barnaverndarþjónusta fær upplýsingar skv. 1. mgr. ber henni að hefja könnun máls, sbr. x. kafla. Leiði könnun til þess að ástæða er til að beita úrræðum eða ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum skal leggja mál í þann farveg.	Greinin fjallar um heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir utan heimilis. Það kemur í stað 90. gr. gildandi barnaverndarlaga. Í greininni er ekki verið að setja sérstakar skorður við því að foreldrar taki, fyrir hönd barna sinna, ákvörðun um vistun þeirra utan heimilis. Til að tryggja réttindi barnanna þykir aftur á móti rétt að barnaverndarþjónustur fái upplýsingar um það og viðhafi sérstaka gát við þær aðstæður. Grein snýr þannig fyrst og fremst að farvegi þessara mála hjá barnaverndarþjónustu. Dvalartímar og aldursmörk sem koma fram í greininni eru þau sömu og í gildandi lögum. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að leggja skuli mál í hefðbundin farveg barnaverndarmáls þegar upplýsingar skv. 1. mgr. berast barnaverndarþjónustu.	90. gr. Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir. Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna [barnaverndarþjónustu] 1) þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur. Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára. Þegar [barnaverndarþjónusta] 1) fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal [barnaverndarþjónusta] 1) kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

		Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur [barnaverndarþjónusta] 1) í heimilisumdæmi forsjárforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.
111. gr. Samningar við einkaaðila.		
Barnaverndarþjónustum og Barna- og fjölskyldustofu er heimilt með samningi að fela öðrum rekstur stuðnings- eða vistunarúrræða samkvæmt lögum þessum. Úrræði sem rekin eru á grundvelli slíkra samninga skulu uppfylla ákvæði laga þessara og skal við gerð samninga tryggt að réttarstaða barna og foreldra verði ekki lakari en annars hefði verið. Óheimilt er að semja við aðra en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.	Í greininni er fjallað um heimild til að semja við einkaaðila og aðra opinbera aðila um að reka stuðnings- og vistunarúrræði. Í 2. mgr. 79. gr. og 2. mgr. 84. gr. gildandi barnaverndarlaga eru nú lögfestar heimildir stjórnvalda til að fela öðrum rekstur úrræða. Greinin gildir um samninga barnaverndarþjónusta og Barna- og fjölskyldustofu við aðra. Hér er einkum átt við aðila sem reknir eru á einkaréttarlegum grundvelli en reglan getur líka átt við félagasamtök og eftir atvikum opinbera aðila. Í greininni er lögð áhersla á að þegar öðrum er falinn rekstur úrræða gilda um þau úrræði allar reglur laga um barnavernd, þ.m.t. um kröfur til úrræða, eftirlit, reglur um þvingun gagnvart börnum og kæruleiðir vegna þeirra. Til að tryggja eftirfylgni með þessum reglum er mikilvægt að vandað sé til samningsgerðar á grundvelli greinarinnar. Þá er í greininni áréttað að óheimilt sé að semja við aðra en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Rétt er að áréttað að barnaverndarþjónustur hafa ekki heimild til að framselja vald til töku ákvarðana í barnavernd til einkaaðila en þeim er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga, sbr. x. gr.	2. mgr. 79. gr. bvl. [Barna- og fjölskyldustofa], 2) í umboði [ráðuneytisins], 1) annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. [Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn [Barna- og fjölskyldustofu] 2) og getur hún mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra.] 3) [Barna- og fjölskyldustofa] 2) veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning. [Einkaaðili sem rekur heimili eða stofnun á grundvelli þjónustusamnings skal hafa rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.] 4) 2. mgr. 84. gr. bvl. [Barnaverndarþjónusta] 1) getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings. [Einkaaðili sem rekur heimili skv. 1. mgr. skal hafa rekstrarleyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.] 2)
112. gr. Viðbrögð við neyðarástandi.		
Ráðherra getur ákveðið að heimila barnaverndaryfirvöldum að víkja frá skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sem sveitarfélög hafa sett á grundvelli laganna og/eða lögákveðnum frestum til að tryggja	Undanfarin ár hafa komið upp aðstæður sem hafa haft mikil áhrif á samfélagið og meðferð hjá stjórnvöldum, þ.m.t. hjá stjórnvöldum. Er hér einkum horft til heimsfaraldurs COVID-19 og náttúruhamfara í Grindavík. Barnaverndarmál eru	Nýtt.

framgang barnaverndarmála þótt upp komi neyðarástand, t.d. vegna náttúruhamfara. Slíkar undanþágur skulu aldrei gilda lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en í einn mánuð í senn.	Þess eðlis að nauðsynlegt er að tryggja framgang þeirra þótt ófyrirséðar aðstæður komi upp. Er því í greininni lagt til að ráðherra sem fer með barnaverndarmál geti tekið ákvarðanir um frávík frá barnaverndarlögum þegar upp kemur slíkt neyðarástand. Við undirbúning ákvæðisins var horft til 1. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, þar sem fjallað er um neyðarástand í sveitarfélögunum. Rétt er að nefna að hugtakið neyðarástand í ákvæðinu ber ekki að túlka þannig að það taki einungis til efsta neyðarstigs almannavarna, sbr. 34. gr. laga um almannavarnir, nr. 82/2008, heldur getur það einnig átt við þegar óvissuástandi hefur verið lýst yfir. Gera verður þó þær lágmarkskröfur að almannavarnir hafi lýst yfir almannavarnarstigi á grundvelli framangreindra reglna, svo sem óvissu- eða hættustigi. Mikilvægt er að ráðherra gæti að meðalhófi við ákvörðun sem tekin er á grundvelli greinarinnar. Verður þá að horfa til þess skaða sem neyðarástand getur valdið fyrir börn og vega upp á móti þeim hagsmunum sem formkröfur laga er ætlað að vernda. Í greininni felst að ráðherra getur við slíkt neyðarástand ákveðið að víkja frá skilyrðum laga um barnavernd, reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, samþykktum sveitarfélaga og frestum. Ákvörðun ráðherra getur átt við einstakt sveitarfélag, mörg sveitarfélög eða öll sveitarfélög landsins. Því er mikilvægt að í ákvörðun ráðherra verði tiltekið hvaða stjórnvöld hafi þá heimild sem ákvörðunin tekur til auk þess sem kveðið verði skýrt á um það svigrúm sem stjórnvöldum er veitt með ákvörðun ráðherra til að víkja frá settum reglum. Þá skal ákvörðunin vera tímabundin og getur hún mest varað í einn mánuð í senn. Vari neyðarástand lengur er þörf á að taka aðra ákvörðun til að framlengja	
--	---	--

	heimildirnar. Ákvörðunin tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.	
--	---	--

Vinnuskjal